


skoðun 30

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Sófar
Allt




Eldgos í Eyjafjallajökli
*Myndir, kort og skýringar.*
*Fólk, draumar og frásagnir.*
*Jarðfræðin og sagan.*
**fréttir** 4 til 18




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

15. apríl 2010 — 87. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SUNDURGRAFINN ÞJÓÐVEGUR** Snarræði gröfumanna bjargaði brúnni yfir Markarfljót frá skemmdum og jafnvel eyðileggingu af völdum hlaups í fljótinu í gær. Þjóðvegur 1 var rofinn á fjórum stöðum til að hlífa brúnni.

# Hamfaraflóð undan jökli

**Kröftugt eldgos hófst í Eyjafjallajökli í gærmorgun. Jökulflóð sópuðu burt umferðarmannvirkjum og spilltu jörðum. Öskufall náði austur að Kirkjubæjarklaustri og byrgði víða sýn. Flugumferð raskast hér á landi og víðar í Evrópu. Frekari flóð eru yfirvofandi.**

**ELDGOS** Hamfaraflóð úr Eyjafjallajökli sópaði niður mannvirkjum fyrir á annað hundrað milljónir króna þegar það ruddist niður Markarfljótið í gær. Annað minna flóð olli skemmdum undir Eyjafjöllum. Bændur óttast um jarðir sínar.

Stór hluti flugs, innanlands og víðar í Evrópu, mun liggja niðri í dag vegna ösku. Í gærkvöldi náði öskufall austur að Kirkjubæjarklaustri og voru ökumenn varaðir við, þar sem það byrgði víða sýn.

Eldgosið í Eyjafjallajökli hófst á sjöunda tímanum eftir harða jarðskjálftahrinu um nóttina. Um 700 manns náðu að yfirgefa heimili sín um nóttina áður en gosið hófst.

> Ég er hræddastur við öskuna ef gýs lengi. Það erum við illa sett hér á þessu svæði.
>
> **ÓLAFUR EGGERTSSON**
> BÓNDI Á ÞORVALDSEYRI / SJÁ SÍÐU 4

Eldgosið er talið vera tíu til tuttugu sinnum stærra en gosið á Fimmvörðuhálsi sem er nýlokið. Það á upptök sín í toppgíg fjallsins. Þrír djúpir sigkatlar mynduðust í jöklinum. Eldurinn náði í gegn á tveimur tímum og gosstrókurinn truflaði flug yfir og við landið í gær.

Talið er að um fimmtungur af ísnum í toppgígnum sé bráðnaður og því ljóst að fleiri flóð eru yfirvofandi.

Yfirvöld ákváðu að hleypa flestum íbúum á svæðinu til síns heima í gærkvöldi. Enn þurfa þó um 100 manns af 20 bæjum að bíða þess að snúa heim. - shá / sjá síður 4 til 18






Lífeyrissjóðirnir skoða umfjöllun um gjaldmiðlavarnir:

## Til málaferla gæti komið

**SKÝRSLAN** Lífeyrissjóðirnir ætla að nota skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis til að þrýsta á um uppgjör við skilanefndir bankanna. Sjóðirnir telja að gjaldmiðlavarnasamningar þeirra við bankana séu ógildir þar sem bankarnir hafi tekið stöðu á móti krónunni. Að sögn Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða, hefur hvorki gengið né rekið í viðræðum við skilanefndir um uppgjör samninganna og meðferð skuldabréfa sem sjóðirnir áttu hjá bönkunum. Tugir milljarða króna eru undir. „Við höfum beðið eftir skýrslunni og förum nú rækilega yfir þetta,“ segir Hrafn. Í framhaldinu ráðist hvort samningar takist eða hvort komi til málaferla.

Rannsóknarnefndina grunar að tiltekin gjaldeyriskaup varði við lög. - bþs / sjá síðu 24

**RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS**

### Há lán á síðustu metrunum

Björgólfsfeðgar tóku hundrað milljarða króna að láni, að mestu í Landsbankanum, rétt fyrir bankahrun. SÍÐA 26

### Endurskoðendur brugðust

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að skoða beri hvort endurskoðendur bankanna hafi gerst brotlegir við lög. Þeir gaumgæfðu ekki mikilsverð atriði. SÍÐA 28







## SPURNING DAGSINS



*Finnur, var þetta skítt af þeim?*

„Þeir eru allavega í djúpum skít.“

Nemendur Menntaskólans við Sund sturtuðu skít við innganginn að Verzlunarskóla Íslands. Skólarnir mætast í Morfís á morgun. Finnur Ágúst Ingimundarson er formaður Málfundafélagsins í Verzló.

Forseti Íslands „varð dolfallinn“ þegar hann las villur og rangfærslur í rannsóknarskýrslu:

# Hitti ekki Al Thani og flaug ekki með Ingibjörgu

**RANNSÓKNARSKÝRSLAN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir margar alvarlegar rangfærslur og staðreyndavillur í umfjöllun um störf hans í níunda bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Sú umfjöllun er þó ekki hluti skýrslu hinnar eiginlegu rannsóknarnefndar, segir forsetinn.

Þetta kom fram í viðtali sem forsetinn veitti Útvarpi Sögu í gær. Þar lagði hann áherslu á að fyrstu sjö bindi skýrslunnar væru umfjöllun hinnar þingkjörnu nefndar. „Í þessari ítarlegu og veigamiklu greiningu kemur forsetaembættið hvergi við sögu,“ sagði Ólafur Ragnar.

Siðfræðiumfjöllunin sé ekki verk rannsóknarnefndarinnar sjálfrar. „Ég varð dolfallinn,“ sagði forsetinn um viðbrögð sín þegar hann las þá umfjöllun. Staðhæft sé að hann hafi átt fund með Al Thani frá Katar, þeim sem er til rannsóknar hjá lögreglu vegna viðskipta með hlutabréf í Kaupþingi skömmu fyrir hrun. Þar sé þeim manni ruglað saman við þjóðhöfðingja Katar með sama nafni. Ólafur Ragnar segir líka rangt að hann hafi flogið til útlanda í einkavél með Ingibjörgu Pálmadóttur eins og staðhæft er. Hann hafi heldur ekki flogið til Kína til að „þjóna hagsmunum athafnaskálda“. Þangað hafi hann farið til fundar við forseta Kína og vegna stjórnarsetu sinnar í Special Olympics.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Fram kom að forsetinn er ósáttur við að þess er ekki getið í skýrslunni að hann hefur skrifað yfir 3.000 bréf til erlendra aðila og að aðeins í átján þeirra er vikið að málefnum tengdum fjármálafyrirtækjum. Engin bréf voru þó skrifuð sérstaklega í þágu þeirra, segir Ólafur Ragnar. Níu þeirra bréfa hafa ekki fengist birt opinberlega en höfundar skýrslunnar höfðu aðgang að þeim.

Forsetinn var einnig í viðtali á Rás 2 í gær og sagði þar að ekkert hafi komið fram sem kalli á að hann íhugi að segja af sér embætti. - pg

Slitastjórn Kaupþings í mál:

## Milljarðaviðskipti á borðinu

**VIÐSKIPTI** Ekki er útilokað að slitastjórn Kaupþings höfði í næsta mánuði mál á hendur fyrrverandi stjórnendum gamla bankans og krefjist riftunar á viðskiptum tengdum honum hér og í gegnum erlend dótturfélög. Hvorki liggur fyrir hverjir gætu átt málshöfðun yfir höfði sér né um hvers konar viðskipti er að ræða.

Fram kom í tilkynningu frá skilanefnd og slitastjórn Kaupþings í gær að öll þau mál sem fram komi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis vegna bankahrunsins hafi verið til skoðunar innan bankans. Tugir mála hafa verið send til Fjármálaeftirlitinu, sérstökum saksóknara og skattayfirvöldum. Um er að ræða viðskipti upp á hundruð milljarða króna. - jab

Kjarnorkufundurinn vestra:

## Sammála um að verja vopnin

**BANDARÍKIN, AP Leiðtogar 47 ríkja tóku undir með Barack Obama á fundi í Bandaríkjunum um nauðsyn þess að tryggja að efni í kjarnorkuvopn komist ekki í hendur annarra en viðurkenndra kjarnorkuvelda.**

**Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti fagnaði niðurstöðu fundarins og sagði andrúmsloftið hafa breyst til hins betra.**

**Aðeins fáeinir dagar eru síðan hann og Obama undirrituðu nýjan samning ríkjanna um fækkun kjarnorkuvopna.** - gb

## LÖGREGLA

**Unglingapartí úr böndunum**

Lögreglan var kölluð til þegar unglingapartí í Reykjavík fór úr böndunum um helgina. Sumir gesta vildu ekki út og reyndu að fela sig fyrir lögreglu. Handtaka varð sextán ára óróasegg, sem foreldrarnir sóttu á lögreglustöð.

# Árni neitaði að mæta fyrir rétt í eigin máli

**Hæstaréttarlögmaður krefst milljóna af Árna Mathiesen vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í dómaraembætti. Árni kaus að mæta ekki til skýrslugjafar fyrir dómi. Einsdæmi að ráðherra sé stefnt persónulega vegna embættisverka.**

**DÓMSMÁL** Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, var fjarstaddur þegar réttarhöld fóru fram í skaða- og miskabótamáli á hendur honum og íslenska ríkinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Það er hæstaréttarlögmaðurinn Guðmundur Kristjánsson sem krefst fimm milljóna króna bóta vegna skipunar Árna á Þorsteini Davíðssyni sem héraðsdómara á Norðurlandi vestra í desember 2007.

Lögmaður Guðmundar, Hlöðver Kjartansson, sagði við aðalmeðferðina að Árni hefði skorast undan því að koma fyrir dóminn og gefa skýrslu og bæri að meta honum það í óhag í málinu. Karl Axelsson, lögmaður Árna, benti á móti á það að algjör óþarfi hefði verið fyrir Árna að gefa skýrslu enda lægju málavextir að fullu fyrir.

Árni var settur dómsmálaráðherra við skipunina vegna vanhæfis Björns Bjarnasonar, sem um skeið naut aðstoðar Þorsteins sem ráðherra. Árni skipaði Þorstein í embættið þrátt fyrir að sérstök matsnefnd hefði metið þrjá umsækjendur tveimur hæfisflokkum ofar, þeirra á meðal Guðmund. Umboðsmaður Alþingis tók málið til athugunar og komst að því að annmarkar hefðu verið á nánast öllum þáttum málsins og að Árni gæti ekki fullyrt að hann hefði skipað hæfasta umsækjandann.

Þetta kallaði lögmaður Guðmundar „afbrigðilega hegðun“ og furðaði sig á því að lögmaður ríkisins skyldi vilja bera í bætafláka fyrir hana.

Guðmundur stefndi í kjölfarið Árna og ríkinu vegna ólögmætrar meingerðar gegn persónu hans og vill fyrir það fimm milljónir. Hann vill auk þess viðurkennd verði skaðabótaskylda vegna launanna sem hann segist hafa orðið af úr því að hann fékk ekki starfið.

Deilt var um það fyrir dómi hvort Árna hafi verið heimilt að ganga gegn niðurstöðu matsnefndarinnar. Lögmenn ríkisins og Árna sögðu ráðherra að lögum hafa óskoraðan rétt til að skipa hvern þann hæfa umsækjanda sem honum sýndist. Lögmaður Guðmundar benti á móti á að reglugerðarákvæði sem segði að álit nefndarinnar væri ekki bindandi ætti sér ekki lagastoð, enda væri það andstætt vilja löggjafans.

Þá bentu lögmenn Árna og ríkisins á það að útilokað væri fyrir Guðmund að fá viðurkenndan skaðabótarétt vegna launamissis, enda væri alls óvíst hvort hann hefði fengið starfið ef Þorsteinn hefði ekki verið skipaður.

stigur@frettabladid.is

### Málssóknin gegn ráðherra einsdæmi

Karl Axelsson, lögmaður Árna Mathiesen, gagnrýndi harðlega þá ákvörðun Guðmundar Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns að stefna Árna Mathiesen persónulega vegna verka hans í embætti ráðherra. „Þetta er tilhögun sem við höfum trúlega aldrei séð á lýðveldistímanum,“ sagði hann.

Hann efaðist jafnframt um að þetta stæðist lög, og vitnaði til stjórnarskrárinnar þar sem segir að Alþingi ákveði hvort höfðað skuli mál gegn ráðherrum vegna embættisverka þeirra og Landsdómur skuli dæma í þeim. Sagði Karl að þarna færi tæmandi lýsing á því hvernig draga mætti ráðherra persónulega fyrir dóm. Því ætti í raun að vísa málinu frá.



ÁRNI MATHIESEN Ber því við að hann hafi haft fulla lagalega heimild, og skyldu til að ráða þann sem honum þótti hæfastur – óháð mati nefndarinnar. Það hafi verið Þorsteinn Davíðsson.



HITTA FJÁRFESTA Katrín Júlíusdóttir og Kristján Möller heilsa Kínverjunum á Húsavík í fyrradag.

MYND/JÓHANNES SIGURJÓNSSON

Kínverskir fjárfestar:

## Hafa áhuga á álveri á Íslandi

**IÐNAÐUR Kínversku fjárfestarnir, sem Fréttablaðið greindi frá að væntanlegir væru, fóru um Húsavík og nágrenni í fyrradag. Þeir eru að kanna svæði fyrir fyrirhugað álver.**

**Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Kristján Möller samgönguráðherra hittu Kínverjana í fyrradag. Þeir leita sér að stað fyrir verksmiðju sem sinnir úrvinnslu á áli, en ekki beinni bræðslu. Fulltrúar stjórnvalda hafa sýnt þeim fleiri staði, en hafa þó reynt að beina áhuga þeirra norður á Húsavík.**

**Um fyrstu heimsókn er að ræða og því ekkert fast í hendi með framhaldið.** - kóp

## LEIÐRÉTT

Rangt er að Kristján Gunnar Valdimarsson hafi sagt: „Ég fékk að fara í eina svona ferð, það var einhver stjórnendahópur, og ég hef aldrei upplifað mig eins og kóng en það var iPod þegar þú vaknaðir og það var bók þegar þú fórst að sofa og viskífleska þegar þú vaknaðir. Þetta var samt „low-budget“ sko,“ eins og sagt var í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að Kristinn Örn Stefánsson, regluvörður Glitnis, sagði þetta við rannsóknarnefnd Alþingis.






Harður jarðskjálfti varð skammt frá landamærum Kína og Tíbets:

# Kostaði hundruð manna lífið

**KÍNA, AP** Að minnsta kosti 400 manns fórust og meira en tíu þúsund meiddust þegar jarðskjálfti varð í fjallahéruðum í vestanverðu Kína, skammt norður af Tíbet.

Fjölmargir grófust undir húsarústum, meðal annars börn í skólum sem hrundu til grunna, og er búist við að tala látinna muni hækka nokkuð.

Jarðskjálftinn mældist 6,9 stig og varð klukkan 7.49 að staðartíma, eða rétt fyrir miðnætti í fyrrakvöld að íslenskum tíma.

„Nærri öll húsin hérna, gerð úr leir og timbri, hrundu,“ sagði Ren Yu, hótelstjóri í Jiegu, helstu borg Yushu-sýslu í sunnanverðu Qinghai-héraði. Þar í sýslunni voru upptök skjálftans, en þar búa um hundrað þúsund manns, flest bændur og hirðingjar.

Þetta svæði er strjálbýlt og afskekkt en sérsveitir lögreglunnar voru fljótt mættar á vettvang og beittu skóflum til að grafa sig niður í rústir húsa í bænum.

Jarðskjálftinn varð vestan til á Longmenshan-sprungunni sem liggur undir samnefndum fjallgarði, er skilur að hálendi Tíbets og sléttuna í Sichuan-héraði.



BJARGAÐ ÚR RÚSTUM Fjöldi fólks grófst undir rústum húsa í Yushu-sýslu í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrir tveimur árum varð skjálfti upp á 7,9 stig austanmegin á sprungunni í Sichuan, og kostuðu þær hamfarir 80 þúsund manns lífið. - gb

# TAX FREE!

## Öll GRILL!

# TAX FREE!




**NÝTT KORTATÍMABIL**

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Öskustrókur frá Eyjafjallajökli:

# Flug leggst af víða í Evrópu

Farþegaflug í Noregi mun að mestu liggja niðri í dag og sömuleiðis farþegaflug um hluta Svíþjóðar, Finnlands, Rússlands og Danmerkur, samkvæmt upplýsingum sem lágu fyrir í gærkvöldi.

Ákvarðanir um stöðvun farþegaflugs grundvallast á öskufallsspá. Snemma í gærkvöldi hafði flug yfir Norður-Noregi þegar verið stöðvað.

Öskufallsspáin, sem byggir á veðurspám, nær til klukkan tólf á hádegi í dag. Breytist veðrið breytast flugskilyrði.

Flugbann vegna öskufalls nær til blindflugs. Hugsanlegt er að hægt verði að fljúga innanlands í Noregi og víðar á minni vélum sem fljúga sjónflug.

Askan úr eldgosinu í Eyjafjallajökli raskar ekki flugumferð um Keflavíkurflugvöll. Því ráða vindáttir. Í gærkvöldi voru því líkur á að flug vestur um haf gengi samkvæmt áætlun sem og flug til annarra Evrópulanda en áðurgreindra.

Alþjóðlegar vaktstöðvar eldgosa gefa út öskufallsspár. Stöðin sem fylgist með Íslandi er í Bretlandi.

Aska getur valdið skemmdum á hreyflum þotna. Þess vegna er flug stöðvað um öskusvæði í háloftunum.

Mikið tjón í Önundarhorni:

# Gæti þýtt endalok búskaparins

**Vatn og drulla flæddu yfir túnin í Önundarhorni og telur Sigurður Þór Þórhallsson bóndi að hamfarirnar kunni að marka endalok búskapar á jörðinni.**

**„Það er ekki beisið ástandið á mér frekar en mörgum öðrum sem hafa staðið í framkvæmdum og þar af leiðandi í skuldum. Ég veit ekki nema þetta sé punkturinn yfir i-ið.“**

**Sigurður keypti jörðina 1997, ræktaði upp tún, reisti hús og keypti kvóta. Í gær flæddu vatn og aur yfir túnin og drulla safnaðist í skurði. „Staðan er þannig að enginn getur farið að plægja svo og svo mikið og láta hreinsa fleiri, fleiri kílómetra. Ég veit ekki hvað verður en við skulum láta morgundaginn [daginn í dag] líða.“**

**Umsvifin í Önundarhorni eru mikil. Heyjað er í um 1.700 rúllur og skepnurnar eru á þriðja hundrað. „Við vorum hvött á sínum tíma til að stækka til að ná hagræðingu. Þess vegna réðist ég í þetta á sínum tíma. Nú veit ég ekkert nema að staðan er ekki góð.“**



**NÝTT HLAUP ÚR JÖKLINUM** Eftir að sjatna tók í Markarfljóti um miðjan dag í gær kom skyndilega nýtt hlaup úr Gígjökli þegar ljósmyndari Fréttablaðsins flaug yfir svæðið á fimmta tímanum í gær. Flóðið kom úr sömu rás meðfram jöklinum og fyrri spýjur. Það ruddi sér leið út í lónið við jökulræturnar, og þaðan út í Markarfljót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skemmdir vegna flóðanna minni en óttast var í fyrstu

**Flóð ruddu sér leið undan norðan- og sunnanverðum Eyjafjallajökli eftir að öflugt eldgos hófst í gær. Um tíma var óttast að skemmdir yrðu miklar en flóðin rénuðu fyrr en áætlað var. Mannshöndin hafði einnig sitt að segja.**

Skemmdir vegna flóða í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli í gær urðu minni en óttast var framan af degi. Engu að síður er fyrsta mat þeirra sem gerst þekkja að fjárhagstjón nemi á annað hundrað milljónir króna.

Flóðið sem braust undan Gígjökli í norðanverðum jöklinum í gærmorgun vann sig á tveimur klukkustundum niður farveg Markarfljóts og að þjóðvegi 1. Miklar líkur voru taldar á því að ný brú yfir fljótið myndi ekki þola átökin. Flóðin rénuðu hins vegar fyrr en ætlað var og starfsmaður verktakafyrirtækisins Suðurvers, sem vinnur að framkvæmdum við Landeyjahöfn, gróf fjórar rásir í veginn. Er það talið hafa bjargað brúnni. Landeyjahöfn var aldrei í hættu.

> „Ég tel þó víst að skemmdirnar eftir daginn losi hundrað milljónir.“
>
> VÍÐIR REYNISSON HJÁ ALMANNAVÖRNUM

Víðir Reynisson, hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, segir að skemmdirnar séu því mun minni en óttast var. „Ég tel þó víst að skemmdirnar eftir daginn losi hundrað milljónir. Það er vel sloppið þar sem áætlanir viðlagatrygginga reikna með að gos sem þetta undir Eyjafjallajökli geti valdið skemmdum fyrir átján milljarða króna.“

Helstu skemmdirnar eru á þjóðveginum en einnig á vegi í átt að Þórsmörk. Grjótlager Suðurvers er umflotinn og óvíst hversu mikið af honum hefur tapast.

Víðir segir að greinilegar skemmdir hafi orðið á flóðagörðum á öllu svæðinu, en sérstaklega næst Markarfljótsbrúnni. „Þetta eru gömul mannvirki en þau stóðu sig vel. Það er líka athyglisvert að gamla brúin yfir fljótið stendur en ástand hennar kemur ekki í ljós strax. Undirstöður hennar gætu hafa farið illa og þá gæti hún fallið.“ Brúin yfir Svaðbælisá stóðst þrýsting flóðsins sem kom úr sunnanverðum jöklinum, en til greina kom að grafa veginn í sundur til að hlífa henni líkt og gert var vestar á þjóðveginum.

Víðir segir að þeir sem urðu fyrir mestu tjóni af þeim sem búa á svæðinu hafi verið bændur á Þorvaldseyri og Önundarhorni.

Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, segist hafa sloppið vel þegar allt kom til alls. „Allar leiðslur fyrir rafmagn, vatn og hita eru farnar. Það hefur ekkert vatn farið inn á ræktuð tún hjá mér en 400 metrar af flóðavarnargörðum eru farnir. Það vatnaði yfir þá sem stóðu svo þeir gætu verið skemmdir.“

Ólafur og fjölskylda sofa í Varmahlíð í nótt. Á morgun á hann von á jarðýtu til að styrkja varnargarða og ýta upp nýjum. „En ég er hræddastur við öskuna ef gýs lengi. Þá erum við illa sett hér á þessu svæði.“ svavar@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**RIGNING EÐA SLYDDA** Um hádegi fer að rigna sunnan- og suðvestanlands og síðdegis eða undir kvöld má einnig búast við úrkomu norðaustanlands. Á morgun er útlit fyrir snjókomu eða él norðan- og austanlands en þá léttir smám saman til sunnan og vestan til.



Á MORGUN Norðlæg eða breytileg átt, 5-10 m/s.

LAUGARDAGUR 3-8 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 14° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 21° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 14° |
| París | 15° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

Verkefnisstjóri sneri fólki við með símtali:

# Við jökul þegar gos hófst

„Þau voru stödd undir Gígjökli þegar ég hringdi í þau og sagði þeim að snúa við. Þá var klukkan hálfeitt,“ segir Hreinn Óskarsson, verkefnisstjóri Hekluskóga.

Hann sat við og útbjó umsóknir, en ætlaði eldsnemma í gærmorgun inn í Þórsmörk. Þar átti hann að hitta fólk til að vinna að stígagerð.

„Ég leit á tölvuna og sá að mikil skjálftavirkni var hafin undir jöklinum. Ég hringdi strax í þau og sagði þeim að snúa við, en þá voru þau stödd beint undir Gígjökli.“

Hreinn segir þetta sýna hve tæknin sé orðin máttug.

„Ég sat heima með fartölvuna og varaði þau við gosi sem var að hefjast. Þau voru alveg við það en sáu náttúrulega ekkert í myrkrinu.“

- kóp
















## Atburðarás fyrsta dags eldgoss í Eyjafjallajökli

**22.55** Jarðskjálftahrina hefst undir Eyjafjallajökli. Smáskjálftar komu fram á mínútufresti fram til kl. eitt eftir miðnætti. Upptökin í suðvesturhluta Eyjafjallajökuls, við Fellshaus.

**00.00** Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lögreglan á Hvolsvelli og Veðurstofan meta ástandið.

**01.20** Almannavarnir ákveða að rýma öll svæði sunnan jökuls. í öryggisskyni.

**04.00** Almannavarnir ákveða að rýma öll hættusvæði umhverfis Eyjafjallajökul. Alls er um 700 manns gert að rýma svæðið.

**06.30** Yfir 400 manns skráðir í fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins.

**06.30** Eldgos hafið undir Eyjafjallajökli.

**08.00** Lokað fyrir umferð um Suðurlandsveg milli Skóga og vegamóta að Gunnarsholti rétt austan við Hellu.

**10.30** Bændur fá leyfi til að sinna skepnum.

**11.00** Þjóðvegur 1 rofinn á fjórum stöðum til að hleypa niður flóðvatni í Markarfljóti.

**12.00** Flóð í Markarfljóti og Svaðbælisá ná hámarki. Gosmökkur mælist í 22 þúsund feta hæð.

**17.00** Símafundur Almannavarna um hvort rétt sé að aflétta rýmingu.

**17.30** Tilkynnt um nýja flóðbylgju á leið niður Markarfljót.

**19.00** Gríðarlegar sprengingar undir jöklinum og Ólafur Eggertsson lýsir því að hávaðinn hafi veri ærandi. Þessu fylgdumiklir gosstrókar.

**20.00** Um 600 manns fá að snúa aftur heim en um tuttugu bæir eru enn á hættusvæði.




Páll Einarsson prófessor fylgist náið með áhrifum gossins í Eyjafjallajökli:

# Nokkrar leiðir að Kötlugosi

Nábýli Eyjafjallajökuls og Kötlu hefur orðið tilefni vangaveltna um áhrif gossins í Eyjafjallajökli á Kötlu. Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir nokkra möguleika á því hvaða áhrif gosið í Eyjafjallajökli hefur á Kötlu. Einn möguleikinn sé að gosrásin undir Eyjafjallajökli þrýsti á Kötlu, þjappi henni saman og þrýstingurinn valdi því að hún fari að gjósa.

Annar möguleiki sé að ný gosrás skjótist úr rásinni undir Eyjafjallajökli, með svipuðum hætti og gerðist þegar fór að gjósa á Fimmvörðuhálsi. Gosrásin nýja gæti þá hitt fyrir gosrásina undir Kötlu og valdið gosi í henni. Gosrásin gæti einnig hitt fyrir súran gúl sem er að finna undir Goðabungu, en í súrum gúl er massi af súrri kviku. Ef það gerðist þá gæti bæði orðið friðsælt gos eða sprengigos. Slík gos eru þekkt víða og má þar nefna gosið í Öskju 1875, en það varð þannig að basísk gosrás hitti fyrir súran gúl sem grafinn var þar sem nú er Öskjuvatn. Víti í Kröflu varð sömuleiðis til við þannig gos.

Sá möguleiki er vitanlega einnig fyrir hendi að ekki gjósi í Kötlu.

Páll segir erfitt að spá fyrir um tímasetningar í þessu nýja gosi. Afar vel sé fylgst með jarðhræringunum og hafi verið gert síðan síðasta vor er innskotavirkni hófst. Hlé varð svo á henni síðasta sumar en hræringarnar hófust að nýju um áramótin.

- sbt

## Þverskurður af eldstöðinni




HEIMILD: JARÐVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

# VERÐ HRUN

NÝTT KORTA TÍMABIL

## Á VÖLDUM FATNAÐI!

# 400-1200kr.

fatamarkaðir í Kringlunni, Smáralind, Skeifunni og Holtagörðum

## VERÐDÆMI:

| VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|
| 1.299 - 1.699 kr. | 400 kr. |
| 1.999 - 2.499 kr. | 600 kr. |
| 2.999 - 3.999 kr. | 800 kr. |
| 4.499 - 6.999 kr. | 1.200 kr. |

*Fyrstur kemur fyrstur fær!*

Gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ til 20 alla daga

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI






**ÖSKUSTRÓKUR** Vindurinn beindi öskustróknum frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli í austurátt. Flugmálayfirvöld bönnuðu allt flug á stóru svæði austur af eldstöðinni.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN

■ **Gossprungan í Eyjafjallajökli** er um tveggja kílómetra löng og gosið margfalt kröftugra en gosið á Fimmvörðuhálsi. Síðast gaus í Eyjafjallajökli árið 1821 og fylgdi þá Kötlugos í kjölfarið. Þar fyrir utan eru merki um tvö önnur gos í jöklinum á sögulegum tíma.

■ Hús voru rýmd á bæjum undir Eyjafjöllum, í Fljótshlíð, á Merkurbæjum, á Markarfljótsaurum og í Landeyjum í fyrrinótt vegna vísbendinga um að gos væri að öllum líkindum hafið. Alls var um 700 manns gert að rýma svæðið. Fjölmargir gistu hjá vinum og ættingjum, en fólk nýtti sér einnig aðstoð Rauða krossins í fjöldahjálparstöðvunum á **Hvolsvelli,** í **Varmahlíð,** á **Heimalandi** og í **Drangshlíð**. Langflestir voru á Hvolsvelli, en íbúar undir Eyjafjöllum skiptust á hina þrjá staðina.

■ Hlaup hófst úr **Gígjökli** snemma í gærmorgun. Flóðið jókst jafnt og þétt og náði hámarki um hádegisbil. Önnur spýja kom úr jöklinum á fimmta tímanum í gærdag, og náði hún að Markarfljótsbrúnni um klukkan 20 í gærkvöldi. Síðara hlaupið var mun minna en það fyrra. Einnig hljóp úr Eyjafjallajökli til suðurs í **Svaðbælisá**, og olli vatns- og aurflóðið nokkrum skemmdum þegar flæddi yfir tún á bæjunum **Þorvaldseyri og Önundarhorni**.

■ „Helgi Gunnarsson verkstjóri stóð á veginum og fylgdist með flóðinu í kíki til að meta hvað við hefðum langan tíma. Við byrjuðum að taka veginn í sundur á einum stað en svo var ákveðið stig af stigi að rjúfa veginn á fleiri stöðum," sagði Guðjón Sveinsson gröfumaður sem kepptist við að grafa sundur veginn austan **brúarinnar yfir Markarfljót** áður en flóð náði þar hámarki um hádegi í gær. Brúin yfir Markarfljót hélt velli eins og ætlunin var.

■ Þjóðveginum **frá Hvolsvelli að Skógum** var lokað í fyrrinótt og var hann enn lokaður í gærkvöldi.

■ Fjörutíu manna hópur Íslendinga og útlendinga varð innlyksa í **Þórsmörk** í gærdag, hann var ferjaður yfir Markarfljót síðdegis. „Hinir erlendu gestir stóðu agndofa gagnvart þessum kröftum og hafa aldrei upplifað neitt þessu líkt," sagði Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands, sem þar var staddur.

■ Íbúar í Vík í Mýrdal og nágrenni eru í viðbragðsstöðu ef **Katla** skyldi láta á sér kræla, sagði Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Vík, við Fréttablaðið.

■ **Varnargarðar** við brúna yfir Markarfljót eru töluvert skemmdir. Varnargarðarnir ná allt upp að **Þórólfsfelli** en þeir efstu hafa haldið og Markarfljót ekki farið í sinn gamla farveg og að Fljótshlíðinni eins og óttast var á tímabili.

■ **Landeyjahöfn,** sem er í smíðum við ósa Markarfljóts, er ekki í hættu.

■ Tjón af völdum flóðanna er talið losa 100 milljónir. Vegir og varnargarðar fóru í sundur. Veitukerfi á **Þorvaldseyri** fór í sundur og tún bænda skemmdust. - sbt


ÍSLAND AF STAÐ!

ATVINNA FYRIR ALLA

Kynntu þér aðgerðaáætlun SA á www.sa.is

SA hafa sett fram ítarlega stefnumörkun um atvinnu- og efnahagsmál sem miðar að sköpun nýrra starfa og uppbyggingu atvinnulífsins á þessu ári og í næstu framtíð.

1 Meginmarkmiðið er að útrýma atvinnuleysi og tryggja að ný störf verði til fyrir þá sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum.

2 Örlög íslensks atvinnu- og efnahagslífs eru fyrst og fremst í höndum Íslendinga sálfra. Aðgerðir eða aðgerðarleysi ráða því hvernig til tekst að komast út úr kreppunni í kjölfar bankahrunsins 2008.

3 SA leita eftir samstöðu með öllum ábyrgum aðilum til að ná viðsnúningi strax þannig að endurheimta megi fulla atvinnu og lífskjör sem allra fyrst.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
**FRÁ 99.000 kr.**

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

## ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH! 130410

Fylgjast vel með viðvörunarbúnaði:

# Vík í viðbragðsstöðu

Íbúar í Vík í Mýrdal og nágrenni eru í viðbragðsstöðu ef Katla skyldi láta á sér kræla. Þetta sagði Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Vík, við Fréttablaðið í gær. Hann sagði fólk halda ró sinni. Óneitanlega vekti sú vitneskja, að gos í Eyjafjallajökli hafi oftar en ekki áhrif á Kötlu, þó fólk til umhugsunar.

„Við ræddum það á fundi almannavarnanefndar í síðustu viku að þegar farið væri að hægjast um á Fimmvörðuhálsi skyldum við halda eina æfingu á viðbragðsáætluninni,“ sagði Stefán.

Hann sagði gosið í Eyjafjallajökli hafa þau áhrif í sínu héraði að björgunarsveitin og Rauði krossinn væru í viðbragðsstöðu. - jss


KAUPUM ALLAR GERÐIR BÍLA GEGN STAÐGREIÐSLU!

Við gerum tilboð í allar gerðir bíla sem eru lítið eknir af árgerð 2004 til 2010

Fáðu tilboð í bílinn þinn!

Sendu bílnúmer, myndir og stutta lýsingu á bílnum í tölvupósti og við gerum þér tilboð samdægurs.

ATH! tilboð eru ekki gerð í gegnum síma.



Sendu myndir og upplýsingar: deutsche.auto@gmail.com

deutsche.auto



Námskeið um ræktun matjurta og kryddjurta til heimilisnota

Heiður Björnsdóttir kennir hvernig rækta má grænmeti og kryddjurtir með lítilli fyrirhöfn!



NÝ NÁMSKEIÐ

Þriðjudaginn 20. apríl



Áhugasamir skrái sig á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 kl:10-18 alla virka daga. Verð kr. 4.500.-

www.heilsuhusid.is

heilsuhúsið




FERJAÐIR YFIR Hópurinn sem varð innlyksa í Þórsmörk í gær. Forystumenn úr norsku ferðafélagi voru komnir hingað til lands til að heimsækja systurfélagið. Þeir áttu eflaust ekki von á slíkum móttökum. MYND/BRODDI HILMARSSON

# Agndofa gagnvart þessum kröftum

**Norskir gestir Ferðafélags Íslands sem voru fastir í Þórsmörk í gær vegna vatnavaxta í Markarfljóti stóðu agndofa þegar gos hófst í Eyjafjallajökli. Hópurinn var ásamt öðrum erlendum ferðamönnum ferjaður yfir fljótið síðdegis í gær.**

„Hinir erlendu gestir stóðu agndofa gagnvart þessum kröftum og hafa aldrei upplifað neitt þessu líkt.“

Þetta sagði Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands, sem var innilokaður ásamt ellefu forystumönnum Ferðafélagsins og tólf forystumönnum frá norsku ferðafélagi, í Þórsmörk í gærdag. Ferðafélagsmenn höfðu farið með hina norsku gesti að gömlu gosstöðvunum á Fimmvörðuhálsi í fyrradag.



ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON

Í gær átti svo að halda til Reykjavíkur en vegurinn yfir ána úr Gígjökli var þá lokaður vegna vatnavaxta svo hópurinn komst hvergi. Hann dvaldi í góðu yfirlæti í skála Ferðafélagsins í Langadal þar til síðdegis í gær að fólkið lagði af stað fótgangandi yfir í Húsadal. Þangað komu jeppar hópsins og björgunarsveitarbílar sem ferjuðu samtals rúmlega fjörutíu manna hópinn yfir Markarfljót á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Mikið var í fljótinu, að sögn Ólafs Arnar en ferðin var áfallalaus.

Hópurinn var nýkominn ofan af Valahnúk um miðjan dag í gær, þar sem vel sá yfir vatnsflauminn úr Gígjökli, þegar Fréttablaðið ræddi við Ólaf Örn sem lýsti því sem fyrir augu hafði borið.

„Það rennur sterkur kolmórauður straumur úr lóninu fyrir neðan Gígjökulinn. Mikið vatnsflæmi breiðir svo úr sér yfir aurana við Markarfljót. Gríðarlegur hávaði er frá Gígjökli sem er brattur skriðjökull sem fellur úr Eyjafjallajökli. Öflugur strókur stendur upp úr Gígjöklinum bæði af reyk og brúnum strókum sem bendir til þess að mikið sé um að vera undir jöklinum.“

Ólafur Örn sagði að ferðafélagsfólkið norska, svo og aðrir ferðamenn af ýmsu þjóðerni sem sátu fastir í Þórsmörk í gær, hefðu gert sér grein fyrir að um afar alvarlegan atburð væri að ræða. Ekki hefði þó borið á ótta hjá neinum þeirra, þótt ljóst væri að gos væri hafið. Fólki hefði verið gerð grein fyrir því að það væri utan hættusvæðis. jss@frettabladid.is

## Norski sendiherrann var ekkert smeykur

„Ég horfi öðruvísi á þetta gos heldur en hið fyrra á Fimmvörðuhálsi vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem það hefur á bændur á svæðinu og samgöngur,“ sagði Margit Tveiten, sendiherra Noregs á Íslandi, við Fréttablaðið í gær.

Hún var þá nýkomin yfir Markarfljót frá Þórsmörk, ásamt íslenskum og norskum ferðafélögum sínum.

Margit greindi frá því sem fyrir augu bar í gærdag, öflugum gosstrók og miklum vatnsflaumi úr jöklinum.

„Við vorum ekkert smeyk því við vissum að við vorum í öruggum, íslenskum höndum,“ sagði sendiherrann. - jss




SIEMENS

Uppþvottavélar frá Siemens.

Hraðvirkar, hljóðlátar og vinnusamar.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# MacBook Pro
# +iPod nano



## MacBook Pro13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
160GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi, eitt FireWire 800 tengi
SD kortarauf
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Tilboð: 249.990,-**
**Fullt verð: 289.980,-**

**MacBook Pro + iPod Nano**



8GB

## Til 24. apríl

fylgir iPod nano **8GB**
öllum MacBook Pro 13” vélum

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

## 20% afsláttur

**af öllum Acme og Golla fartölvutöskum**



## LACIE 320-500GB Flakkari

Hönnnun **Philippe Starck**
USB harður diskur sem tekur straum frá tölvunni.



LACIE 320GB
**Listaverð: 19.990,-**
**Tilboð: 15.990,-**

LACIE 500GB
**Listaverð: 26.990,-**
**Tilboð: 19.990,-**

## iPod/iPhone hlífðarhulstur



**Teikniborð**
USB teikniborð MAC/PC
**Verð frá: 13.990,-**



**Fireant**
iPod hátalari
**Verð frá 39.990,-**



iPod/iPhone hlífðarhulstur: **Verð frá 2.990,-**

Hulstur á myndum er aðeins brot af úrvali í verslun okkar

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 24. apríl, eða meðan birgðir endast.

## Langt gos í vændum rætist draumurinn

Rætist draumur eiginkonu Sigurðar Magnússonar, húsvarðar í Hvolsskóla, sem í gær var breytt í hjálparmiðstöð, verður nýhafið gos í Eyjafjallajökli öskugos sem stendur í fjóra mánuði.

Meðan beðið var eftir fyrsta fólkinu eftir að ákveðin var allsherjarrýming á hættusvæðum klukkan fjögur í gærmorgun greindi Sigurður frá draumi konu sinnar, sem hún hafði túlkað á þennan veg. Þau hjónin hefðu verið með vinahjón í heimsókn og vín hafi verið haft um hönd. „Og við vorum þarna að hreinsa svið, en af því sviðahausarnir voru svo kolsviðnir og brenndir þá gekk það ekkert,“ hafði hann eftir konu sinni. „Hún segir hins vegar að dreymi hana drauma þar sem við höfum vín um hönd þá sé það fyrir rigningu og það hafi gengið eftir. Núna túlkar hún sviðahausana sem svo að rigna muni ösku. Og af því að við vorum fjögur, þá muni gosið standa í fjóra mánuði.“ - óká


STERKARA ÍSLAND
– þjóð meðal þjóða

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI
- fundaröð -

25. mars
Ísland, Evrópusambandið og fullveldið
Ragnhildur Helgadóttir prófessor í HR

8. apríl
Íslenskir frumkvöðlar ræða við ESB
Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika

**15. apríl**
**Umhverfismálin og ESB**
Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

**29. apríl**
Uppbyggingar- dreifbýlis- og sjávarbyggðasjóðir ESB
Anna Margrét Guðjónsdóttir, sérfræðingur

**6. maí**
Íslensk menning og Evrópusambandið
Jón Karl Helgason, bókmenntafræðingur

Fundirnir er haldnir í Skipholti 50a og hefjast kl. 17.00.
Þeir eru opnir öllum og aðgangur ókeypis.
Nánari upplýsingar á www.sterkaraisland.is




**SKRÁNINGARBORÐIÐ** Árni Magnússon fararstjóri ræðir við Hrafnhildi Björnsdóttur vettvangsstjóra í hjálparmiðstöð Rauða krossins í Hvolsskóla á Hvolsvelli þegar hann kom þangað með hóp 30 breskra skólastúlkna rétt fyrir fimm að morgni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rýming gekk snurðulaust og eftir áætlun

**Fólk tók að streyma af rýmingarsvæðum í grunnskólann á Hvolsvelli rétt fyrir klukkan hálf fimm aðfaranótt miðvikudags.**

Blásið var til allsherjarrýmingar á hættusvæðum í Fljótshlíð, á Merkurbæjum, á Markarfljótsaurum og í Landeyjum klukkan fjögur aðfaranótt miðvikudagsins 14. apríl. Um leið var lokað alveg fyrir umferð í austurátt við Hvolsvöll og fólki beint í hjálparmiðstöð Rauða krossins í Hvolsskóla þar í bæ.

Klukkan sjö um morguninn höfðu 487 látið skrá sig í hjálparmiðstöðinni, að sögn Hrafnhildar Björnsdóttur vettvangsstjóra. Hún sagði að á rýmingarsvæðinu öllu hefðu verið á skrá rúmlega 700 manns og taldi heimtur með ágætum. „Sumir eru að heiman og svo hefur hluti hópsins líka farið í Varmahlíð, Drangshlíð og á Heimaland,“ sagði hún.

Fyrri rýming átti sér stað klukkan hálf eitt um nóttina þegar rýmdir voru um 20 bæir undir Eyjafjöllum, frá Markarfljóti og austur undir Skóga. Fólki þaðan var beint á þá staði sem Hrafnhildur nefndi undir Eyjafjöllunum.

Rýming á svæðinu gekk nokkuð fljótt fyrir sig og höfðu einhverjir á orði að þar endurspeglaðist líka æfingin frá 20. mars þegar gaus á Fimmvörðuhálsi og sama svæði var rýmt.

Ekki liðu nema 25 mínútur frá því að ákveðin var allsherjarrýming þangað til fyrstu gestirnir komu í hjálparmiðstöðina í Hvolsskóla. Þar voru á ferð verkamenn sem vinna við gerð Landeyjahafnar fyrir Suðurverk, um 30 manna hópur. Upp úr því tók að drífa að fólk úr sveitunum, síðast úr Landeyjum, en þar varð einhver töf á því að boðun bærist á bæi frá Almannavörnum.

**487** höfðu verið skráðir í hjálparmiðstöðina í Hvolsskóla á Hvolsvelli klukkan sjö í gærmorgun.

Upp úr klukkan fimm voru um 100 manns í húsinu, en ekki létu allir ílengjast þótt þeir kæmu þar til að skrá sig og láta vita um ferðir sínar, heldur héldu áfram til ættingja eða þar sem húsaskjól var í boði.

Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli, sagði rýmingu á svæðinu hafa gengið mjög vel, en aðgerðum var stýrt bæði frá varðstöð lögreglunnar á Hvolsvelli og aðgerðastöð björgunarsveitarinnar á Hellu. Kallaðir voru út allir lögreglumenn sýslunnar, auk þess sem á svæðinu voru að störfum lögreglumenn frá Selfossi, Reykjavík og úr sérsveitinni.

olikr@frettabladid.is



**SPRÆKIR KRAKKAR** Þótt ekkert væri skólahaldið létu þessir ungu menn sér vel líka að leika sér í matsal Hvolsskóla í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engin kennsla í Hvolsskóla:

## Börnin undu sér á leikvelli

Engin kennsla var í Hvolsskóla, grunnskólanum á Hvolsvelli, í gær, enda skólahúsið tekið undir starfsemi fjöldahjálparstöðvar Rauða kross Íslands vegna eldgossins undir Eyjafjallajökli.

Vegna rýmingar í Fljótshlíð, Landeyjum og víðar var fjölda fólks stefnt í hjálparstöðina í skólanum og eðli málsins samkvæmt ekki hægt að halda þar úti eðlilegu skólahaldi.

Ekki var að sjá að þreyta plagaði mjög krakkana af rýmingarsvæðum sem léku sér innandyra fyrir hádegi í skólanum.

Börn, sem annars hefðu verið í skólanum, söfnuðust mörg á lóð skólans þegar líða tók á daginn og létu eldgosið í Eyjafjallajökli ekki hafa áhrif á leik sinn en sum léku sér í matsal skólans. - óká





PIPAR\TBWA • SÍA • 100739

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 16. apríl kl. 13.00–15.00. Á fundinum verður kynnt afkoma, fjárhagsstaða og framtíðarsýn fyrir Landsvirkjun. Einnig verður fjallað um stöðu, horfur og þróun á innlendum og alþjóðlegum raforkumarkaði.

**Fundurinn er öllum opinn og allir velkomnir**
Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir 15. apríl nk. á **www.landsvirkjun.is/skraning**, eða hjá Soffíu Þórisdóttur, **soffia@lv.is**.

**Dagskrá**
*Skráning kl. 12.30–13.00*

***Ávarp stjórnarformanns Landsvirkjunar***

***Ræða fjármálaráðherra***
Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra

***Ársreikningur Landsvirkjunar 2009***
Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

***Þróun íslensks raforkumarkaðar og framtíðarsýn fyrir Landsvirkjun***
Hörður Arnarson forstjóri

***Spurningar og umræður***

*Fundarstjóri: Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar*

Landsvirkjun

Landsvirkjun | Háaleitisbraut 68 | sími 515 9000 | www.landsvirkjun.is

Breskar skólastúlkur þurftu að flýja um miðja nótt:

# Beðnar að hrella ekki foreldra með sms

Flytja þurfti 43 ferðamenn frá gistiþjónustunni að Hellishólum í Fljótshlíð aðfaranótt miðvikudags vegna rýmingar Almannavarna. Laíla Ingvarsdóttir og Víðir Jóhannsson, staðarhaldarar á Hellishólum, segja rýminguna hafa gengið bæði fljótt og vel.

„Við fengum líka viðvörun tiltölulega snemma um að það gæti þurft að rýma svæðið,“ sagði Laila, en lögregla hafði samband við þau upp úr klukkan tvö um nóttina. Klukkan fjögur var svo tekin ákvörðun um allsherjarrýmingu í Fljótshlíð.

Meðal gesta var hópur um 30 breskra unglingsstúlkna sem hér eru í skólaferðalagi. Árni Magnússon fararstjóri sagði áherslu hafa verið lagða á að skapa ekki ótta að óþörfu í hópnum og það hafi gengið mjög vel. Þá hafi verið brýnt fyrir stúlkunum að hrella ekki aðstandendur að óþörfu með skilaboðasendingum um miðja nótt.

Svæðið var tæmt á nokkrum mínútum með því að Víðir hljóp á milli gistiskýla og bankaði upp á. Stúlkurnar og hluti kennara var enda á náttklæðum þegar komið var í áfallamiðstöðina í Hvolsskóla á Hvolsvelli, undir klukkan fimm um morguninn.

Stúlkurnar létu ævintýrið sýnilega ekki á sig fá og var nokkuð létt yfir hópnum þegar ferðalangar, sem gist höfðu á Hellishólum, fengu að snúa inn á svæðið til að taka saman föggur sínar klukkan að verða hálfsex um morguninn.

**- óká**



**Í HELLISHÓLUM** Hjálparsveitarmenn aðstoðuðu breskar skólastúlkur við að bjarga föggum sínum úr gistiaðstöðu í Hellishólum eftir að búið var að loka Fljótshlíð fyrir allri umferð. Skömmu síðar fengu bændur einnig undanþágu til að sinna skepnum sínum á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
Gríms Plokkfiskur
398
KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400G
498
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
198
KR.PK
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK
KARAMELLU OG SÚKKULAÐI.
179
KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
198
KR.STK
DELON HANDSÁPA 500 ML
298
KR.STK
UMBRO STURTUSÁPA 300 ML
BÓNUS SMYRILL 300g
NÚ MEÐ
20% AFSLÆTTI
111 kr. dósin
ALLTAF MJÚKUR ÚR ÍSSKÁPNUM
Blåbær
298
KR.PK
ALLETIDERS FROSIN BLÁBER 250 GR
jordbær
1.2 KÍLÓ
479
KR.PK
ALLETIDERS FROSIN JARÐARBER 1200g
Boozt-glös
398
KR.PK
SMOOTHIE PLASTGLÖS 10 STK M.RÖRI OG LOKI
René KAFFIPÚÐAR 36 stk 398 kr.
AÐEINS 11 KR. BOLLINN
Brazzi
98
KR.PK
BRAZZI 1 LTR. APPELSÍNU OG EPLA
100 DOGGY BAGS
298
KR.PK
100 STK. POKAR FYRIR HUNDAÚRGANG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT
Hálfur lambaskrokkur 798 kr.kg. Heilt læri, hálfur hryggur, frampartur í bitum og slag í súpukjöt. Fimm máltíðir fyrir 4 manna fjölskyldu á aðeins ca. 5.500 kr. eða 1120 kr. í mál.
ÍSLANDS LAMB
798
KR. KG
ÍSLANDSLAMB 1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
SPAR HAKK
398
KR. KG
TILBOÐ
FERSKT NÝTT KJÖTFARS
FROSIÐ SPARHAKK
FYRIR GÓÐA TANNHEILSU
1598
KR. KG
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1398
KR. KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
798
KR. KG
BÓNUS FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
998
KR. KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
698
KR. KG
BÓNUS GRILL KRYDDAÐAR BÓGSNEIÐAR
MERKT VERÐ 998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR
REACH
298
KR.STK
REACH TANNBURSTI MEDIUM
FISK SEAFOOD
598
KR. KG
K.S SALTFISKBITAR FROSNIR
Nautaveisla
Nautgripahakk
898
KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1298
KR. KG
BÓNUS NAUTABORGARAR 10 x 120g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA



**SYBBIN EN NOKKUÐ BRÖTT** Krakkar sem komu í hjálparmiðstöðina í Hvolsskóla í fyrrinótt vegna gossins í Eyjafjallajökli kipptu sér ekki mikið upp við atganginn, mögulega reynslunni ríkari frá því að rýma þurfti í mars vegna gossins á Fimmvörðuhálsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stemningin öðruvísi síðast þegar rýmt var á laugardegi:

# Létt yfir gestum í hjálparmiðstöð

Fólk gerði í gamni sínu í hjálparmiðstöðinni í grunnskóla Hvolsvallar og lét það ekki raska ró sinni að vera dregið úr rúminu vegna yfirvofandi goss í Eyjafjallajökli aðfaranótt miðvikudags.

Framan af morgni var ekki ljóst hvort gos væri í raun hafið eða hvort aðeins væri um að ræða skjálftahrinu.

Þó mátti heyra lítinn dreng, kannski á fimmta ári, lýsa því skorinort yfir við föður sinn, sem bar hann á handleggnum, að það væri „pirrandi að láta vekja sig svona, út af gosi“. Systir hans heldur yngri leiddi móður þeirra þar sem þau komu út úr skólanum á leið til ættingja. Foreldrarnir, sem og aðrir tilheyrendur, brostu yfir því hvað strákurinn var mannalegur.

Þegar líða tók á morguninn lifnaði yfir börnum sem komið höfðu um nóttina og mörg tóku til við að leika sér í leiktækjum skólans og önnur úti við.

Sigurður Magnússon, húsvörður í Hvolsskóla, segir ekki hægt að merkja mikinn mun á andrúmsloftinu í skólanum við rýminguna nú og þegar rýmt var vegna gossins á Fimmvörðuhálsi. „Nema þá kannski helst að þetta er heldur rólegra núna,“ sagði hann kíminn. „Þá var rýmt á laugardagskvöldi og því eitthvað um ölvun. Samt gekk nú allt vel þá og engin ólæti.“

- óká

Fylgdust með flóðinu meðan vegurinn var rofinn:

# Gróf þar til flóðið hafði náð hámarki

Vegurinn austan við brúna yfir Markarfljót var rofinn á fjórum stöðum í gær, til að hlífa brúnni yfir Markarfljót. Að sögn Guðjóns Sveinssonar gröfumanns var fyrst ákveðið að rjúfa veginn rétt austan við brúna. „Helgi Benóný Gunnarsson verkstjóri stóð á veginum og fylgdist með flóðinu í kíki til að meta hvað við hefðum langan tíma. Við byrjuðum að taka veginn í sundur á einum stað en svo var ákveðið stig af stigi að rjúfa veginn á fleiri stöðum.“

Guðjón og félagar hans fluttu jarðveginn í burtu á vörubíl og voru að alveg þar til flóðið náði hámarki. Guðjón þótti hafa staðið sig afbragðsvel í gær en hann gerði lítið úr afrekunum. „Þetta var alls ekki tæpt,“ segir Guðjón spurður hvort þeir hafi verið í einhverri hættu. „Við höfðum sirka þann tíma sem við þurftum.“



**VEGURINN Í SUNDUR** Rjúfa þurfti veginn yfir Markarfljót í sundur til að hlífa brúnni við Markarfljót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jarðvegurinn var settur í elsta varnargarðinn á þessum slóðum, sem liggur neðan við þjóðveg eitt, neðan við vegamótin að Seljalandsfossi.

„Við bættum í hann og höfum verið að styrkja hann og laga núna,“ sagði Guðjón þegar rætt var við hann síðdegis í gær. Ekki flæddi yfir þann varnargarð sem á aldarafmæli í ár.

- sbt



**Á VESTURLEIÐ** Steingímur fékk far með þyrlu sem Fréttablaðið og Fréttastofa Stöðvar 2 tóku á leigu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjármálaráðherra festist austan við Markarfljót:

# Bar brúsa jarðfræðinga

„Ég veit ekki hvernig ég kemst til baka og hef raunar engar áhyggjur af því. Ég er aðstoðarmaður núna og ber vatnsbrúsa fyrir jarðfræðinga,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hann dreif sig austur undir Eyjafjöll í gær og var austan Markarfljóts þegar vegurinn var rofinn vegna hlaupsins.

Steingrímur segir það alltaf stórviðburði þegar gýs undir jökli og því fylgi hlaup. Því hafi hann ákveðið að skella sér austur til að verða vitni að hamförunum. Hann segir þetta hafi verið mikið sjónarspil. Lítið hafi verið í ánni þegar hlaupið kom og áhrifin hafi verið mikil. Mikilvægast sé að ekki hafi orðið tjón á mönnum. „Það hjálpaði mikið til að búið var að rjúfa veginn. Gröfumaðurinn hefur sannarlega unnið fyrir kaupinu sínu,“ segir Steingrímur.

Steingrímur fékk far vestur yfir fljótið með þyrlu sem Fréttablaðið og fréttastofa Stöðvar 2 höfðu á leigu.

- kóp

Flóðið seinkar samgöngum:

# Landeyjahöfn tefst vegna goss

Útlit er fyrir að vinna við Landeyjahöfn muni tefjast nokkuð vegna hlaupsins úr Eyjafjallajökli. Ekki urðu skemmdir á hafnarmannvirkinu sjálfu en flóðið náði allt upp að varnargarðinum. Þar voru geymdir um 50 þúsund rúmmetrar af efni, sem talið er að hafi rýrnað.

Í tilkynningu frá Siglingastofnun segir að náttúruhamfarir á borð við Skeiðarárhlaup þyrfti til þess að teljandi skemmdir yrðu á hafnarmannvirkinu.

Vinnu við höfnina var hætt tímabundið vegna flóðsins og starfsmenn fluttir af svæðinu í öryggisskyni.

Áætluð verklok við Landeyjahöfn voru í júlí í ár, en líklegt er að þau tefjist.

- sh



Ert þú örugglega þú?

-tryggjum öryggi í viðskiptum

Samkvæmt lögum um peningaþvætti er skylt að framvísa gildum persónuskilríkjum

Til að auka öryggi í viðskiptum þurfa allir viðskiptavinir banka, sparisjóða og eignarleigufyrirtækja að sanna á sér deili með því að framvísa gildu skilríki. Gild skilríki eru vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini.



Hafir þú ekki sannað á þér deili er mikilvægt að þú gerir það.

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
www.sff.is

Pallmann
Parketlakk




Ný vara á góðu verði

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

# AFMÆLISTILBOÐ Í HÁTÆKNI

## FRÁBÆR TILBOÐ Í TILEFNI 25 ÁRA AFMÆLISINS




42LH4000

### 42" LG

full HD 1080P · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1920 x 1080 punktar
100Hz • USB 2.0 • Intelligent Sensor 2

20.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **219.995 kr.**

Fullt verð 239.995 kr.




42LF2500

### 42" LG

full HD 1080P · HDMI

Frábært Full HD LCD sjónvarp • Upplausn 1920 x 1080 punktar
2 x HDMI • Dual XD Engine

60.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **189.995 kr.**

Fullt verð 249.995 kr.




TX-P42C10

### 42" Panasonic

HD ready · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1024 x 768 punktar
100Hz • Minniskortarauf • V-Real 4 myndúrvinnsla

60.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **159.995 kr.**

Fullt verð 219.995 kr.




42PJ350N

### 42" LG

HD ready · HDMI

Frábært HD-Ready Plasma sjónvarp
Upplausn 1024 x 768 punktar • 2 x HDMI • 600 Hz
Dual XD Engine • USB 2.0

NÝTT

Verð **199.995 kr.**




42LD450N

### 42" LG

full HD 1080P · HDMI

Frábært Full HD LCD sjónvarp • Upplausn 1920 x 1080 punktar
2 x HDMI • XD Engine • USB 2.0

NÝTT

Verð **249.995 kr.**



LG XA64

### LG-smástæða

60W • Geislaspilari • FM-útvarp með RDS
USB • Aux in • Heyrnatólatengi

NÝTT

Verð **39.995 kr.**



BD350

### LG Blu-Ray-spilari

Spilar allar gerðir diska

10.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **49.995 kr.**

Fullt verð 59.995 kr.

HDMI · USB Universal Serial Bus · DivX · dts-HD · Dolby Digital Plus



LG

HT32S

### LG 2.1 heimabíó

HDMI

2 x 75W • DVD-spilari • 1080p uppskölun
HDMI • USB • Aux in • 150W bassabox

NÝTT

Verð **69.995 kr.**



DVX492H

### LG DVD-spilari

Vandaður og góður spilari
Full HD uppskölun (1080p)

HDMI · USB Universal Serial Bus

NÝTT

Verð **22.995 kr.**

HÁTÆKNI 1985-2010

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 100805



**GUSAST UNDAN JÖKLI** Þeir sem fylgdust með Gígjökli í gærmorgun urðu vitni að ógnarkrafti íslenskrar náttúru þegar mórautt jökulvatnið spýttist fram undan jöklinum og út í rúmlega hálfs ferkílómetra lón við jökulsporðinn. Vatnið ruddist áfram niður farveg Markarfljóts og olli miklum vegaskemmdum, meðal annars á hringveginum. Markarfljótsbrúin stóð þó hlaupið af sér og varnargarðar héldu víðast. MYND/STEINI FJALL

# Gaus síðast í tvö ár og Katla tók við

**Síðast gaus undir Eyjafjallajökli fyrir tæpum tveimur öldum. Gosið stóð, með hléum, í tvö ár og gjóskan barst alla leið vestur á Reykjanesskaga. Skömmu eftir að gosi lauk fór að gjósa í Kötlu.**

Ekki er óumdeilt hve oft hefur gosið undir Eyjafjallajökli á sögulegum tíma. Sumir tína til sögunnar fjögur gos, en aðrir nefna tvö. Gos varð á þessum slóðum árið 1612, en ekki er með vissu vitað hvort þá gaus undir Eyjafjallajökli samhliða Kötlugosi, eða hvort Katla gaus ein. Vitað er að eldstöðvarnar eru tengdar og órói hefur verið þar á svipuðum tíma. Raunar gætu gosin undir Eyjafjallajökli hafa verið mun fleiri, en lítið er vitað um gossögu hans. Vísbendingar eru til um eldsumbrot árið 920. Vitað er um tvö hraun sem runnu úr jöklinum: Hamragarðahraun, sem er um 11 þúsund ára gamalt og endar á brúninni hjá Seljalandsfossi, og Kambagilshraun, sem er rúmlega 12 þúsund ára gamalt. Það er fyrir ofan Stóru-Mörk.

Eyjafjallajökull er eldkeila, en tvær aðrar virkar eldkeilur eru á Íslandi: Öræfajökull og Snæfellsjökull. Um 80 ferkílómetra jökull þekur eldfjallið ofanvert og í kolli þess er lítil askja, eða risastór gígur, sem er um 2,5 ferkílómetrar í þvermál. Gígurinn er, eða var, fullur af ís og á hann vantar norðurbarminn. Þar ryðst Gígjökull fram og þaðan fossar nú vatnið niður að mestu.

### Eyjafjallajökull

- Eldkeila, 1.667 metra há.
- Flatarmál jökuls: um 80 ferkílómetrar.
- Stærð virkrar sprungureinar: 30 km löng, 1 til 5 km breið.
- Gos: Tvö hraungos skömmu fyrir upphaf nútíma. Gjóskugos 1612 og 1821-1823.*
- Gosefni: úr milliröð; mest basalt.
- Tilheyrir Suðurlandsgosbeltinu.

**Sumir telja gos 920 með*

HEIMILD: ÍSLENSKAR ELDSTÖÐVAR

**Stóð í tvö ár**

Hinn 19. desember 1821 hófst gos í gígnum á svipuðum stað og nú er. Gossprungan var um tveir kílómetrar líkt og nú og vatnið ruddist niður Gígjökulinn, líkt og nú. Sprungan nú rýfur gígbarminn að sunnan þannig að hluti vatnsins fer einnig þá leið.

Mikill mökkur fylgdi gosinu þegar það hófst og gjóskufall sem stóð í viku. Hlaup braust úr Gígjökli í Markarfljót og vatn og aur barst yfir gróið land, til að mynda í Fljótshlíð.

Jakaburður var mikill og sáust ísjakar fyrir framan jökulinn í tvö ár. Goshrinan rénaði eftir viku, en eldstöðin bærði á sér nokkrum sinnum.

Það var svo 26. júní árið eftir sem herti aftur á gosinu og nú varð það öflugra en áður. Gjóskan féll víðar og fyrir meðal annars á Reykjanesskaga. Undir Eyjafjöllum varð hún víða 10 sentimetra þykk og töluvert tjón varð af flúoreitrun.

Ekki varð mannfall, en búpeningur féll og nytin einnig.

**Tengd Kötlu**

Gosinu lauk snemma í október árið 1823 og hafði þá staðið í tæp tvö ár með hléum. Ekki var þó eldsumbrotum lokið í bili, því í kjölfarið hófst gos í Kötlu.

Eyjafjallajökull tengist Mýrdalsjökli um Fimmvörðuháls, en hann var að mestu þakinn jökli og hjarni í lok 19. aldar. Gosið hefur á hálsinum, síðast nú á undanförnum vikum.

Tengsl milli Eyjafjallajökuls og Kötlusvæðisins koma líka fram í jarðskjálftavirkni. Oft haldast hrinur þar í hendur og önnur eldstöðin fylgir hinni. Þrátt fyrir allt er um tvö aðskilin eldstöðvakerfi að ræða og bera mismunandi berggerðir þeirra því glöggt vitni.

### Gríðarlegt vatnsmagn í hverju hlaupi

Kötluhlaup eru stærstu jökulhlaup á sögulegum tíma á Íslandi, að því er segir í bókinni Íslenskar eldstöðvar eftir Ara Trausta Guðmundsson. Rennsli er áætlað allt að 200 þúsund m³ á sek. Hlaupið í gær nam 1.500 til 1.800 m³ á sek.

Stór hlaup 200.000 m³ á sek.

Miðlungs hlaup 8.000 m³ á sek.

Lítið hlaup 500 m³ á sek.



Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur hefur mikið skrifað um íslenskar eldstöðvar. Hann segir ekkert hægt að fullyrða um hvort Katla fylgi í kjölfarið núna, líkt og fyrir tveimur öldum. Eftirtektarvert sé þó að jarðskjálftavirkni hefur verið síðustu vikur á línu sem liggur á milli eldstöðvanna tveggja. Frá Eyjafjallajökli og vestur að Goðabungu, sem er vestast í Mýrdalsjökli.

„Undanfarna daga og vikur hafa margir jarðskjálftar, litlir að vísu, raðað sér á þessa línu,“ segir Ari Trausti. „Hún liggur frá aðfærsluæðinni austnorðaustur og yfir í Mýrdalsjökul.“ Ari segir þó ekki hægt að álykta út frá því að goss sé að vænta í Kötlu.

„Það er engin skjálftavirkni sem hægt er að nefna undir Kötlu sjálfri, eða í Mýrdalsjökli. Það var ekki meðan á fyrra gosinu stóð og hefur ekki verið núna þessar vikur.“

Ari segir það hins vegar ekki þýða að svo verði ekki, það fari eftir því hverju fram vindur.

kolbeinn@frettabladid.is

### Lýsing sjónarvotta árið 1822

Norðan-vindur, sem kom 7. og. 8. [júlí 1822] setti mökkinn fram yfir Eyjafjalla sveit; varð askan 5 þumlunga þykk jafnt yfir, gráleit á lit og svo óholl í fjenaði, að nytpeningur varð því nær algeldur, sem sjá má af því, að úr 20 ám fjekkst 1 mörk mjólkur einusinni á dag. Vikuna milli 20. og 27. bar austan vindur öskufall vestur yfir allar sveitir, allt suður á Álpta- og Seltjarnarnes. Margir bændur undir Eyjafjöllum, komu nautpeningi austur í Mýrdal, og út um Landeyjar í 2 mánuði, og fjölda af sauðfje var komið austur í Skaptártungu, til göngu veturinn eptir, því heyafli Fjallamanna varð lítill, og reyndist mjög óhollur í öllum skepnum, svo fjöldi af kúm, hrossum og sauðfje hrundi niður um veturinn og sumarið eptir, í öllum þeim fremri sveitum fyrir austan Þjórsá, þó fellirinn yrði mestur undir Eyjafjöllum. Það voru liðahnútar, gaddur í kjálkum og höfuðbeinum, brunasótt í lúngum, sem gjörði þau morkin, svo að lagði af þeim mjög slæma lykt. Ekki komu veikindi í menn af eldi þessum.

*Rit um jarðelda á Ísland eftir Magnús Loptsson. Kom út 1880.*

### Gosstaður, hlaupleið og gosefnamagn svipað og 1821

Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segir mjög margt líkt með gosinu nú og eldsumbrotunum árið 1821. Ekki sé þó hægt að segja að gosið hegði sér eins og þá, en líkindin séu óneitanlega mikil.



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

„Það er greinilega mjög margt líkt með þessum tveimur atburðum. Gosstaðurinn er svipaður, hlaupleiðin sú sama og gosefnamagnið kannski ekki ólíkt. Þau eru því að mörgu leyti lík. Það er þó ekki hægt að segja til um hvort þetta heldur áfram með jafn mörgum hléum og jafn lengi og gosið 1821 til 1823. Það gæti gerst, en þetta gæti líka bara verið þessi eina hrina.

Síðan, ef innstreymið heldur áfram í þessari margumtöluðu aðfærsluæð, sem allir vita núorðið að er þarna í hlíðinni út frá þessum stað; ef þetta gos hættir og aðfærsluæðin er áfram virk, þá má auðvitað búast við annarri goshrinu einhvers staðar í jöklinum. Þannig hefur þetta væntanlega verið á sínum tíma. Gosið liggur niðri einhvern tíma en svo tekur það sig upp aftur. Það tók sig upp að minnsta kosti þrisvar sinnum á þessu árabili og kannski gerist það aftur núna, kannski ekki. Það er ekkert hægt að segja um það núna.“

Ari Trausti segir að ekki sé heldur hægt að fullyrða neitt um Kötlugos. „Við skulum segja að það séu ákveðin líkindi á því, það er ekki hægt að segja hversu mikil, en eldfjöll haga sér ekki endilega reglulega. Það eru ákveðin líkindi á að það geti orðið gos, en hvort eða hvenær er ekki hægt að segja til um.“

# VORIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR BYKO!

## 26" REIÐHJÓL

Vnr. 49620201
**Götuhjól**
26" götureiðhjól fyrir konur, 6 gíra með brettum og bögglabera.

**29.900**




**Korthafatilboð**

**20% afsláttur**

OUTBACK

Vnr. 50630099
**Gasgrill**
OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36cm. Hitaplata yfir brennara, neistakveikjari og þrýstijafnari fylgir. 6,2 kW.

**15.995**
Fullt verð: 19.990



## 26" REIÐHJÓL



Vnr. 49606608/18
**Hjól** **26.900**
HUFFY 26" fjallahjól fyrir karla eða konur, 15 gíra.

## 16" REIÐHJÓL



Vnr. 49620208-9
**Hjól** **22.990**
16" BMX barnahjól með hjálpardekkjum, blátt eða rautt.

Vnr. 41622115/18
**Garðstóll**
Garðstóll með mósaík setu.
**7.990**



Vnr. 41622116/17
**Garðborð** **14.990**
Garðborð með mósaík borðplötu, þvermál 76 cm, grænt eða svart.

Mikið úrval af áburði og mold á frábæru verði!




**Viðhaldsfrítt garðsett, 6 stólar og borð**



Vnr. 41622122
**Garðsett** **99.990**
Garðsett úr áli, plasthúðuð viðaráferð, 6 stólar og borð 151x92 cm, viðhaldsfrítt.

# ÓTRÚLEGT VERÐ Á SUMARDEKKJUM!

Verð frá
**9.490**
kr./stk.



**NÝTT Í BYKO**

**Sumardekk**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vnr. 49980404 | SUMARDEKK | 175/65R14 | 9.490 |
| Vnr. 49980405 | SUMARDEKK | 185/60R15 | 12.490 |
| Vnr. 49980406 | SUMARDEKK | 185/65R14 | 10.490 |
| Vnr. 49980407 | SUMARDEKK | 185/70 R14 | 11.490 |
| Vnr. 49980409 | SUMARDEKK | 195/65R15 | 12.490 |
| Vnr. 49980431 | SUMARDEKK | 225/65R17 | 24.990 |
| Vnr. 49980432 | JEPPADEKK | 265/65 R17 | 29.900 |



**890**

**ÓDÝRT**

Vnr. 55095118-9
**Kartöfluútsæði**
Kartöfluútsæði, gullauga eða rauðar, 5 kg.

BYKO

**Opnunartíma og síma verslana má finna á www.BYKO.is**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

# coop

**APPELSÍNU-MARMELAÐI**
400 g




**199KR**

**JARÐARBER**
LAUSFRYST
500 g



**399KR**

**HOLLENSK GRÆNMETIS-BLANDA**
750 g



**349KR**

**ANANASSNEIÐAR**
567 g




**189KR**

**POPPMAÍS**
500 g




**179KR**

**SORPPOKAR**
10 x 95 ltr.



**299KR**

**SALTSTANGIR**
250 g




**159KR**

**BLAUTKLÚTAR**
REFILL, 72 stk.




**339KR**

**EYRNA-PINNAR**
200 stk.



**149KR**

**GRÆNN ASPAS**
330 g



**289KR**

**HVÍTUR ASPAS**
330 g



**259KR**

**APRIKÓSU-MARMELAÐI**
400 g




**279KR**

markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is!**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Birt með fyrirvara um prentvillur

# DANSKAR GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI Í NETTÓ

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2 STK
350 g


**299KR**

**SPAGHETTI**
1 kg


**279KR**

**MAÍSKORN**
340 g


**139KR**

**RÚSÍNUR**
250 g


**179KR**

**STEIKTUR LAUKUR**
200 g


**239KR**

**RAUÐKÁL**
720 g


**199KR**

**CHILI-BAUNIR**
400 g


**169KR**

**KÓKOSMJÓLK**
17%, 400 ml


**199KR**

**HAFRAMJÖL**
1 kg


**239KR**

**PESTÓ, GRÆNT OG RAUTT**
190 g


**319KR**

**TYGGJÓ**
3 GERÐIR
35 g


**139KR**

**GRAHAMS-MJÖL**
1 kg


**169KR**

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Ingibjörg hafði gleymt samráðshópi

**Boðleiðum milli embættis- og stjórnmálamanna var stórlega ábótavant og því skilaði viðleitni stjórnvalda til að búa sig undir efnahagsleg áföll sáralitlum árangri. Vantraust ríkti milli embættismanna fagráðuneyta.**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagðist hafa verið búin að gleyma því að samráðshópur um fjármálastöðugleika og viðbrögð hefði verið starfandi um árabil þegar hún var innt eftir áliti um þá vinnu af rannsóknarnefnd Alþingis. Hópurinn hafði það hlutverk að samræma viðbrögð við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra vissu lítið sem ekkert um vinnu hópsins.

Samráðshópurinn var skipaður með samkomulagi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabankans í febrúar 2006 en vinnan hafði hafist tveimur árum fyrr. Þá voru stjórnvöldum kynntar viðlagaáætlanir sem gerðar höfðu verið hjá FME og Seðlabanka Íslands og tóku mið af sambærilegum erlendum áætlunum.

Ingibjörg segir að aldrei hafi borist á borð ríkisstjórnarinnar neitt af vinnu hópsins: …hvorki minnisblað, tillögur, greining eða eitt eða neitt.“ Í drögum að fundargerð samráðshópsins í janúar 2008 kemur fram að Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri taldi á þeim tímapunkti að fjármálaáfall væri ekki lengur fjarstæður möguleiki.

Vinnuhópur um siðferði og starfshætti telur athugasemd Ingibjargar um vinnu hópsins athyglisverða og segja mikið um boðskiptavanda innan stjórnkerfisins. Hún segir að frá vinnuhópum sem þessum berist yfirleitt aldrei neitt. Menn líti svo að „þetta sé vettvangur til að tala saman og svo fer bara hver til síns heima og það er eins og enginn líti á það sem sína skyldu að gera eitthvað með það sem þarna á sér stað“.

Aðspurðir um störf samráðshópsins segja Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, að þeir hafi lítið eða ekkert heyrt af vinnu hópsins. Tiltekið er að Árni vissi til dæmis ekki af skjalinu „Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli.“

Í skjalinu, sem lagt var fram í samráðshópnum 7. júlí 2008, segir meðal annars: „Stjórnvöld þurfa á næstu vikum að marka stefnuna í grundvallaratriðum, það er hvaða meginleið á að fara ef til fjármálaáfalls kemur. Eftir því sem lengur dregst að marka stefnuna er hættara við því að trúverðugleiki minnki, úrræðum fækki og kostnaður stjórnvalda og þjóðarbúsins aukist.“

svavar@frettabladid.is

## Rauð flögg fyrir samráðshóp stjórnvalda

Í febrúar 2000 birtist í riti Seðlabankans, Peningamálum, grein sem bar yfirskriftina „Fjármálakerfið: styrkur og veikleikar“. Í greininni er fjallað um fjármálakreppur. Í greininni eru taldar upp þær vísbendingar af þjóðhagslegum toga sem talið er að samráðshópur stjórnvalda ætti að fylgjast með:

- Mikill vöxtur útlána.
- Vaxandi viðskiptahalli.
- Efnahagsáföll og lítill hagvöxtur.
- Óraunhæft raungengi.
- Eignaverðbólga. Peningaleg þensla getur stuðlað að óhóflegri hækkun á verði hlutabréfa og fasteigna.
- Samsetning fjármagnsinnstreymis.
- Mikil skuldsetning fyrirtækja.
- Breytingar á viðskiptakjörum.

Síðar segir í greininni: „Meðal annarra vísbendinga sem mikilvægt er að fylgjast með eru innlent vaxtastig, opinber íhlutun í lánastarfsemi, lánveitingar bankakerfis til hins opinbera, breytileiki verðbólgu, uppsöfnun vanskila, þróun erlendra vaxta og næmi fyrir erlendum áhrifum.



**Á BLAÐAMANNAFUNDI STUTTU EFTIR HRUN** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, og Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, vissu lítið sem ekkert um vinnu samráðshóps sem fjallaði um viðbrögð við fjármálaáfalli.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Alisher Usmanov, dæmdur rússneskur auðjöfur:

# Í tugmilljarða skuld við íslensku bankana

Alisher Usmanov, rússneskur auðmaður og fyrrverandi fangi með skrautlega fortíð, er sagður hafa átt 1,48 prósent í Kaupþingi þegar bankinn féll haustið 2008. Þetta kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en þar er greint frá því að Usmanov hafi verið á lista yfir 20 stærstu skuldarana í íslensku bönkunum þegar þeir féllu.

Í skýrslunni segir: „Tæplega 30 milljarða samningur var gerður í ágúst við Gallagher Holdings Limited, sem var í eigu rússneska kaupsýslumannsins Alisher Usmanov. Undirliggjandi hlutabréf í þeim viðskiptum var Mmc Norilsk Adr, alþjóðlegt námufyrirtæki upprunnið í Rússlandi.

Samkvæmt lánaumsókn í Kaupþingi 24. september 2008 er Usmanov sagður eigandi 1,48 prósent hlutar í Kaupþingi en sú lánaumsókn sneri að láni til kaupa tæplega 10 prósent hlutar í finnska tryggingafélaginu Sampo.“

Fram kemur í skýrslunni að samtals hafi Usmanov skuldað íslenskum bönkum 237 milljónir evra eða ríflega 40 milljarða króna en þessi upphæð er ekki sundurgreind milli einstakra banka. Samkvæmt framansögðu virðist megnið af skuldinni vera við Kaupþing.

Í umfjöllun Wikipedia um Usmanov kemur fram að hann sat um sex ára skeið á níunda áratug síðustu aldar í fangelsi í Úsbekistan í Rússlandi eftir að hafa verið dæmdur fyrir mútur og fjárkúgun. Dómur hans hljóðaði upp á átta ára harða refsivist í þrælkunarbúðum. Hæstiréttur Úsbekistans sneri þessum dómi við árið 2000 og sagði að málaferlin hefðu verið tilbúningur. Þá var Usmanov á hraðri leið með að verða einn af auðugustu mönnum í heiminum.

Í viðskiptaheimi Rússlands var Usmanov þekktur sem harðhaus Rússlands eða „the hard man of Russia“ eins og það er orðað á Wikipedia. Usmanov átti eftir að kynnast öðrum dómskerfum en í Úsbekistan, þar sem hann er fæddur. Árið 2007 kemur nafn hans fram í málskjölum í Denver í Bandaríkjunum þar sem hann er sakaður um fjársvik, skjalafals og fleira í lagadeilum um eina af gjöfulustu demantanámum í heimi. De Beers höfðaði mál um eignarréttinn á námunni gegn Arkhangel Diamond Corp. þar sem Usmanov sat sem varaformaður stjórnar félagsins.

Á síðustu árum hefur Usmanov verið mikið í sviðsljósinu í Bretlandi sem einn af stærstu eigendum úrvalsdeildarliðsins Arsenal. Hann hóf að kaupa hluti í Arsenal árið 2007 og á nú tæplega 30 prósent í liðinu. Áhangendur Arsenal eru lítt hrifnir af þessum eiganda liðsins.

- fi



**USMANOV** Rússneski auðjöfurinn er talinn hafa verið hluthafi í Kaupþingi.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Er ofurríkur

Usmanov er samkvæmt Forbes einn af auðugustu mönnum Rússlands og í 100. sæti yfir auðugustu menn heimsins en auður hans er metinn á 7,2 milljarða dollara. Usmanov var einn af þeim sem urðu ofurríkir á nær einni nóttu í stjórnartíð Boris Jeltsín á tíunda áratug síðustu aldar þegar rússnesku ríkisfyrirtækin voru einkavædd. Auður hans byggist að stórum hluta á námu- og málmvinnslufyrirtækjum auk þess sem hann á stóran hlut í fjárfestingararmi olíufélagsins Gazprom.

# ÚTIVISTAR MAÐURINN 2010

## SEGÐU OKKUR ÞÍNA SÖGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA!



**CINTAMANI LEITAR AÐ ÚTIVISTARMANNI ÍSLANDS.**

Segðu okkur frá þínu mesta afreki í útivist. Við viljum heyra frá öllum þeim sem stunda útivist, hvort sem það er reglulega eða bara einu sinni á ári.



All alone !

**VERÐLAUN**

Þyrluskíðaferð fyrir 2 með Arctic Heli Skiing eða Cintamani fatnað fyrir 100.000 kr.

Sendu okkur þína reynslusögu fyrir 7. maí á info@cintamani.is eða í umslagi merkt: Útivistarmaðurinn 2010 í Austurhraun 3, 210 Garðabæ.



Pólfarinn Haraldur Örn Ólafsson frá Fjallafélaginu Jökull Bergmann frá Arctic Heli Skiing, Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands og Skúli Björnsson framkvæmdastjóri Cintamani velja síðan útivistarmanninn 2010 úr innsendum sögum.

Nánari upplýsingar á cintamani.is.

FÍ FJALLAFÉLAGIÐ ARCTIC HELI SKIING ICELAND CINTAMANI

# Gjaldeyriskaup til saksóknara

**Fimm fyrirtæki nátengd Kaupþingi og Glitni keyptu gjaldeyri fyrir háar fjárhæðir á þriggja mánaða tímabili 2007-2008. Kaupin voru úr takti við fyrri gjaldeyriskaup fyrirtækjanna og grunar rannsóknarnefnd Alþingis að þau hafi verið ólögleg.**

Frá því í nóvember 2007 og fram í janúar 2008 keyptu fimm fyrirtæki; Exista, Kjalar, Baugur og tvö félög tengd Baugi, Jötunn Holding og Eignarhaldsfélagið ISP, 1.392 milljónir evra (125 milljarðar íslenskra króna á gengi þess tíma) í framvirkum samningum og stundarviðskiptum við íslensku bankana. Kaupþing hafði milligöngu um meirihluta viðskiptanna. Viðkomandi fyrirtæki höfðu ekki áður átt viðlíka gjaldeyrisviðskipti og grunar rannsóknarnefnd Alþingis að þau flokkist til markaðsmisnotkunar. Tilkynnti nefndin viðskiptin til ríkissaksóknara síðastliðinn sunnudag.

Þegar viðskiptin voru gerð á sínum tíma fóru þau ekki fram hjá Seðlabankanum sem fylgdist grannt með gangi mála á mörkuðum. Grunaði bankann að viðskiptin gætu varðað við lög um markaðsmisnotkun. Bað hann Fjármálaeftirlitið að athuga málið en niðurstaða þess var að ekkert hefði komið fram sem styddi þá skoðun Seðlabankans.

Á fundi rannsóknarnefndar með blaðamönnum á mánudag vildi Sigríður Benediktsdóttir ekki taka afstöðu til þess hvort gjaldeyrisviðskipti hefðu undir einhverjum kringumstæðum geta talist „árás á krónuna“ eins og stundum hefur verið haldið fram. „Það verður annarra að meta hvort þetta hafi raunverulega verið árás og hver þá hefði átt að hagnast á þeirri árás og hver mögulega tapaði á henni,“ sagði hún.

Hugsanlega skýrist varfærnislegt orðaval hennar af því að nefndin tilkynnti um áðurnefnd viðskipti til saksóknara. **bjorn@frettabladid.is**

## Hagnaður og tap af gjaldeyrisviðskiptum



Rannsóknarnefnd Alþingis metur hagnað Exista (í meirihlutaeigu Ágústs og Lýðs Guðmundssona) af gjaldeyrisviðskiptum á tímabilinu apríl 2007 til október 2008 90 milljarða króna.

Kjalar (í eigu Ólafs Ólafssonar) jók gjaldeyriseignir sínar um sem nemur 682 milljónum evra á tímabilinu nóvember 2007 til mars 2008 þegar heildargjaldeyriseign félagsins stóð í rúmum 700 milljónum evra. Rannsóknarnefndin metur að við lok september 2008 hafi gjaldeyrisstaða Kjalars verið tveir milljarðar króna í mínus.





Baugur og tengd félög keyptu samtals 680 milljónir evra frá nóvember 2007 til janúar 2008. Þar af keypti Eignarhaldsfélagið ISP (í eigu Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur, stjórnarformanns 365) evrur fyrir um sex milljarða króna í janúar 2008. Í júní sama ár selur félagið megnið af þeim gjaldeyri. Þar sem gengi krónunnar hafði þá fallið verulega var tæplega tveggja milljarða króna hagnaður af viðskiptunum, að mati rannsóknarnefndarinnar.

# Gáfu bönkum meira frelsi en EES krafðist

**Stjórnvöld gáfu íslensku bönkunum miklu meira starfsfrelsi en skylt var samkvæmt samningunum um evrópska efnahagsvæðið, segir rannsóknarnefnd Alþingis. Þetta jók áhættuna og gerði bankana vanbúna að mæta kreppu.**



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON OG DAVÍÐ ODDSSON** Frá og með því að aðild Íslands að EES var samþykkt árið 1993 í starfstíð svokallaðrar Viðeyjarstjórnar Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks hefur Alþingi gert margvíslegar breytingar á lögum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Margar þeirra voru ekki nauðsynlegar fyrir aðild að EES.

Starfsheimildir íslensku viðskiptabankanna voru rýmkaðar mun meira en aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu útheimti.

Rannsóknarnefnd Alþingis segir að þótt Íslendingar hafi, vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), innleitt tilskipanir Evrópusambandsins um fjármálamarkaðinn hafi þeim ekki verið bannað að setja, eða viðhalda, strangari reglur um fjármálafyrirtæki heima fyrir. Þetta svigrúm hafi hins vegar ekki verið nýtt. Fyrst og fremst réði þar það pólitíska sjónarmið að draga þyrfti úr séríslenskum ákvæðum og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja á EES-svæðinu.

„Áherslan var ekki á hvort tilefni væri til og heimildir væru innan ramma tilskipana Evrópusambandsins (ESB) til að taka mið af þeim aðstæðum á Íslandi sem væru sérstakar,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem bendir á að þar hafi bæði verið um að ræða atriði sem snertu áhrif þessarar starfsemi í íslensku viðskiptalífi og þeirrar „hættu að náin hagsmunatengsl og samþjöppun eignarhalds leiddi til kerfislægrar áhættu og hagsmunaárekstra“.

Nefndin skoðaði sérstaklega sjö atriði sem breyttust varðandi fjármálafyrirtæki í kjölfar aðildarinnar að EES. Þetta eru auknar heimildir til fjárfesta í ótengdum atvinnurekstri, til lánafyrirgreiðslu til stjórnenda, til að fjárfesta í fasteignafélögum, til að veita lán til kaupa á eigin hlutum, minni kröfur til rekstrarfyrirkomulags verðbréfafyrirtækja, auknar heimildir til að reka vátryggingafélög og í sjöunda lagi auknar heimildir til að fara með hlut í öðrum lánastofnunum.

Rannsóknarnefndin bendir á að samkvæmt lágmarkskröfum tilskipana ESB hafi Íslandi ekki verið skylt að að auka starfsheimildir bankanna á þennan hátt. Heimildirnar hafi verulega aukið áhættu í bankakerfinu. Nefnt er að í apríl 2008 voru 46 prósent af útlánum bankanna til eignarhaldsfélaga og að bankarnir hafi ekki tryggt stöðu sína eins vel og þeim var unnt varðandi þessi lán ef til vanskila kæmi.

„Sérstaka athygli vekur að frelsi lánastofnana til að stunda áhættusamari fjárfestingar var aukið umtalsvert á þessu tímabili og þá meðal annars með því að heimila viðskiptabanka án þess að svigrúmi til aukinnar áhættutöku hafi um leið fylgt fullnægjandi aðhald og kröfur um eigið fé,“ segir í skýrslu nefndarinnar. „Meðal annars af þeim sökum voru fjármálafyrirtækin illa í stakk búin til að mæta þeim erfiðleikum sem komu upp á alþjóðlegum fjármálamörkuðum árið 2008.“ **gar@frettabladid.is**

## Rýmkun á bankareglum sem ekki var áskilið með EES

1. Auknar heimildir til fjárfesta í ótengdum atvinnurekstri.
2. Auknar heimildir til lánafyrirgreiðslu til stjórnenda.
3. Auknar heimildir til að fjárfesta í fasteignafélögum.
4. Auknar heimildir til að veita lán til kaupa á eigin hlutum.
5. Minni kröfur til rekstrarfyrirkomulags verðbréfafyrirtækja.
6. Auknar heimildir til að reka vátryggingafélög.
7. Auknar heimildir til að fara með hlut í öðrum lánastofnunum.

Heimild: Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.




Hættan af lánum í erlendri mynt vanmetin:

# Tap hagkerfisins sagt gífurlegt

Bankarnir tóku ekki að fullu tillit til gjaldeyrisáhættu vegna lána í erlendri mynt, að því er fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

„Bankarnir tóku hærra hlutfall veða en umfram það var ekki litið nægjanlega til þess í hvaða mynt tekjuflæði viðkomandi lántaka var. Þá var lánað í miklum mæli í erlendri mynt fyrir innlendum markaðsverðbréfum, sem augljóslega voru með íslenskt tekjuflæði og verðáhættu í krónum,“ segir í skýrslunni. Bent er á að vegna samfylgni innlends verðbréfamarkaðar og krónunnar hafi þetta reynst „sérstaklega áhættusöm“ útlán. „Ekki verður séð að áhættan af þessum lánum hafi verið rétt metin. Það hafði aftur þær afleiðingar að þau voru ekki rétt verðlögð sem loks leiddi til þess að einstaklingar og fyrirtæki tóku þessi lán í of miklum mæli. Tap íslenska hagkerfisins af þessu er gífurlegt.“



**EVRUR** Útlán fjármálafyrirtækja í erlendri mynt voru að hluta ranglega færð sem erlend eign í bókum þeirra, samkvæmt rannsóknarnefnd Alþingis.

Rannsóknarnefndin segir ljóst að hvatinn fyrir því að lána í erlendri mynt hafi meðal annars verið sá að auka við erlendar eignir bankanna, þar sem skuldir þeirra, það er fjármögnun, hafi fyrst og fremst verið í erlendri mynt. Um leið er bent á að hefðu viðskiptavinir bankanna ekki greiðslugetu sem sveiflaðist með erlendu myntinni, þá mætti færa rök fyrir því að lánin hafi ekki endurspeglað raunverulega eign í erlendri mynt. „Gengisáhættan sem bankinn hefði tekið með því að lána í krónum hvarf ekki við það að lána íslensku viðskiptavinunum í erlendri mynt. Áhættan breyttist einvörðungu úr gengisáhættu í skuldaraáhættu,“ segir í skýrslu nefndarinnar. **- óká**

# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# Starfsemi á árinu 2009

09

## Ársreikningur

### EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

Í milljónum króna

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | 109.919 | 96.085 |
| Sjóðfélagalán | 41.648 | 39.363 |
| Innlend hlutabréf | 4.772 | 3.628 |
| Erlend verðbréf | 104.231 | 87.307 |
| **Verðbréf samtals** | **260.570** | **226.383** |
| Bankainnstæður | 37.962 | 36.050 |
| Eignarhluti í Húsi verslunarinnar | 254 | 268 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 66 | 73 |
| Skammtímakröfur | 2.644 | 2.010 |
| Skuldir við lánastofnanir [1)] | -17.881 | -15.674 |
| Skammtímaskuldir | -448 | -349 |
| **Samtals hrein eign** | **277.164** | **248.761** |
| **Hrein eign séreignardeild** | **6.003** | **6.089** |
| **Hrein eign sameignardeild** | **283.167** | **242.672** |

### BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

Í milljónum króna

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 16.313 | 17.100 |
| Lífeyrir | -6.927 | -5.021 |
| Fjárfestingartekjur | 25.472 | -31.994 |
| Fjárfestingargjöld | -274 | -241 |
| Rekstrarkostnaður | -245 | -221 |
| Aðrar tekjur | 67 | 69 |
| Breyting á hreinni eign á árinu | 34.406 | -20.308 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **248.761** | **269.069** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **283.167** | **248.761** |

### KENNITÖLUR

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Ávöxtun | 9,9% | -11,8% |
| Hrein raunávöxtun | 1,1% | -24,2% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 0,3% | 2,3% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 2,2% | 3,2% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,07% | 0,06% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 1,11% | 0,92% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 37,0% | 29,4% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 32.305 | 33.120 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 9.049 | 8.386 |
| Stöðugildi | 29,3 | 28,6 |
| Ávöxtun innlánsleiðar | 11,9% | |
| Hrein raunávöxtun | 3,0% | |

[1)] Gjaldmiðlavarnarsamningar: réttarleg óvissa er um endanlega niðurstöðu uppgjörs samninganna.

### EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 283,2 milljörðum í árslok samanborið við 248,8 milljarða árið áður. Á árinu 2009 greiddu 32.305 sjóðfélagar til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 16.313 m.kr. Þá greiddu 7.152 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

**Hrein eign til greiðslu lífeyris**




### AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2009 var 9,9% og hrein raunávöxtun 1,1%. Á liðnu ári bárust áframhaldandi fréttir af erfiðri stöðu innlendra fyrirtækja, banka og sparisjóða. Það hefur leitt til aukinnar niðurfærslu á skuldabréfaeign sjóðsins og haft áhrif á afkomu hans. Á móti hafa erlendir hlutabréfamarkaðir tekið við sér og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 30% á árinu. Stærstur hluti eigna lífeyrissjóðsins er í traustum verðbréfum.

### FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2009 námu kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu 25.797 m.kr. og kaup innlendra hlutabréfa umfram sölu nam 742 m.kr. Sala erlendra verðbréfa umfram kaup nam 1.847 m.kr.

**Skipting verðbréfaeignar í árslok 2009**




### SÉREIGNARDEILD

Alls áttu 40.823 einstaklingar inneignir í árslok 2009 sem nam 6.003 m.kr. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu 1.011 m.kr. samanborið við 180 m.kr. árið 2008. Ávöxtun verðbréfaleiðar var 9,9% og hrein raunávöxtun 1,1%. Ávöxtun innlánsleiðar var 11,9% sem samsvarar 3,0% raunávöxtun.

### LÆKKUN LÍFEYRISRÉTTINDA OG LÍFEYRISGREIÐSLNA

Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2009 leiðir í ljós að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 10,8%. Lög um starfsemi lífeyrissjóða mæla fyrir um að eignir þeirra og skuldbindingar til framtíðar þurfi að standast á, þó heimilt sé að víkja frá því tímabundið. Ljóst er að lagfæra þarf tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og endurskoða lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur til lækkunar. Frestun á því leiðir til ójöfnunar milli greiðandi sjóðfélaga og lífeyrisþega. Stjórn sjóðsins hefur því ákveðið að leggja til við aðildarsamtök sjóðsins að áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 10% frá 1. janúar 2010. Jafnframt lækka lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega um 10% frá og með júlí 2010. Sjóðfélögum verður gerð nánari grein fyrir framkvæmd lækkunarinnar bréflega innan skamms ásamt tilkynningu á heimasíðu sjóðsins.

Á tímabilinu 1997 til ársins 2009 voru lífeyrisréttindi sjóðfélaga hækkuð um 21,1% umfram verðlagsbreytingar. Eftir lækkunina nú nemur hækkun þessa tímabils 9%. Á ársfundi lífeyrissjóðsins verður sjóðfélögum gerð grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

### LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2009 nutu 9.049 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 5.916 m.kr. Lífeyrisgreiðslur árið áður námu 4.841 m.kr. og hækkuðu því um 22% milli ára. Greiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

**Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar**




### STJÓRN 2009

Ragnar Önundarson, formaður
Helgi Magnússon, varaformaður
Ásta R. Jónasdóttir
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Bogi Þ. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson
Stefanía Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri er Guðmundur Þ. Þórhallsson.

**ÁRSFUNDUR**

**Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 17. maí nk. kl. 18.15 á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.**

**Skrifstofa sjóðsins er opin frá kl. 8.30 – 16.30 | Húsi verslunarinnar, 5. hæð, 103 Reykjavík | Sími: 580 4000 | Símbréf: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is**

ÍMYNDUNARAFL / LV

## Áhættuskuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar*



| Banki | Janúar 2007 | Október 2008 | Aukning |
|---|---|---|---|
| Landsbankinn | 58,2 | 141,5 | 143% |
| Kaupþing | 0,0 | 0,0 | 0% |
| Glitnir | 0,0 | 0,0 | 0% |
| Straumur | 15,2 | 28,9 | 91% |
| Samtals | 73,4 | 170,4 | 132% |
| (Samtals í millj. evra) | 776,0 | 1.171,4 | 51% |

* Í milljörðum króna

Tengd félög: AB Capital, Actavis, Actavis Pharma Holding 2, Amber International Ltd., Beeteebee Ltd., Björgólfur T. Björgólfsson, Blizzard Capital Ltd., Búrhúsið, Carrera Global Investments Ltd., Fjárfestingarfélagið Klaki, Frank Oskar Chatham Pitt, G8 Þriðja hæðin, Grandagarður 8, Keaton Industries Corp., Marus Worldwide Capital Ltd., Milburn Global Ltd., Novator Asset Management Ltd., Novator Finance Ltd., Novator Finland, Novator International Holding Ltd., Novator Ltd., Novator Partners - Properties 1, Novator Partners, Novator Pharma Holding 1, Novator Pharma Holding 2, Novator Pharma II SARL, Novator Pharma SARL, Novator Properties (Cyprus) Limited, Novator properties, Novator Telecom Bulgaria Ltd., Novator Telecom LTd., Rosetta Investors Ltd., Samson Global Holdings, Samson Partners - Properties 1, Samson properties, Simi International Mobile, Valhamar Group Ltd. og Vatn og land.



**ÞREMENNINGARNIR Í SAMSONARHÓPNUM** Athafnamennirnir Björgólfsfeðgar og Magnús Þorsteinsson, sem hér stendur í miðjunni, gengu hnarreistir inn á svið íslenska efnahagslífsins með bjórpeninga í vasanum frá Rússlandi síðla árs 2002 og keyptu ráðandi hlut ríkisins í Landsbankanum um áramótin. Björgólfur Thor er sá eini þeirra sem ekki er gjaldþrota í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

# Hundrað milljarða lán mánuði fyrir hrunið

**Björgólfsfeðgar keyrðu viðskiptaveldi sitt áfram á lánveitingum frá Landsbankanum. Fall annars þeirra hefði sett tvo banka á hliðina, að mati dansks bankasérfræðings.**

Skuldbindingar Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar og félaga undir stjórn þeirra feðga voru svo miklar að fall annars þeirra feðga hefði örugglega dregið Landsbankann og Glitni með í fallinu. Þetta er mat danska bankasérfræðingsins Jørns Astrups Hansen, fyrrverandi forstjóra Sjóvinnubankans í Færeyjum og formanns stjórnar endurskipulagningarfélags í eigu danska ríkisins. Hann skrifar fylgiskjal með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.

Hansen segir eigendur bankanna hafa litið á þá sem hlaðborð enda hafi þeir haft sterk ítök í þeim, nánast getað stýrt þeim að vild. Þetta á við um bankana alla. Líkt og sést á töflum með greininni tengdust Björgólfsfeðgar fjölda fyrirtækja, bæði alþjóðlegum fyrirtækjasamsteypum sem einkahlutaverkefnum sem unnu að framkvæmdum í miðborg Reykjavíkur. Mörg fyrirtækjanna þurftu á miklu fé að halda, ekki síst þegar herti að á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum síðla árs 2007.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að Landsbankinn glímdi sjálfur við lausafjárskort í erlendri mynt árið 2008 og leiddi það til falls hans.

Það kom hins vegar ekki í veg fyrir að bankastjórnin samþykkti að lána kjölfestufjárfestinum Samsoni, félagi þeirra Björgólfsfeðga, 168 milljónir punda, jafnvirði tæpra 25,5 milljarða króna, 5. september 2008, mánuði áður en skilanefnd á vegum Fjármálaeftirlitsins tók yfir stjórn bankans. Sama dag fengu tvö einkahlutafélög Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs Landsbankans og helsta eiganda hans, lán upp á jafnvirði 41,5 milljarða króna. Þegar hér var komið við sögu voru lánveitingar til Björgólfs Guðmundssonar stærsta áhættuskuldbinding bankans.

Í septemberlok bættist við víkjandi lán upp á 153 milljónir evra, jafnvirði 24 milljarða króna, til Björgólfs Thors Björgólfssonar frá Landsbankanum í Lúxemborg. Lánið var veitt þar sem rekstur Actavis, sem félag Björgólfs hafði tekið yfir árið áður, hafði ekki gengið vel og hótaði Deutsche Bank að gjaldfella lánveitingu vegna yfirtöku hans á lyfjafyrirtækinu. Rannsóknarnefnd Alþingis telur lánafyrirgreiðsluna meiri háttar brot á lögum um fjármálafyrirtæki. Þessu til viðbótar fékk Björgólfur að láni 1,8 milljarða króna í evrum frá Straumi í desember sama ár. Á sama tíma var lausafjárstaða Straums afar veik.

Björgólfur Thor birti afsökunarbréf í gær þar sem hann viðurkennir dómgreindarleysi í aðdraganda hrunsins. Hann álítur þó ekki að brot hafi verið framin.

Lánveitingar til Björgólfsfeðga mánuði fyrir fall bankans jafngilda því að þeir hafi fengið um hundrað milljarða króna hjá Landsbankanum einum síðasta mánuðinn sem hann var í meirihlutaeigu þeirra. Þá verður því ekki neitað að feðgarnir stuðluðu að falli hans þar sem lánin voru að mestu í evrum og pundum. Þetta telur rannsóknarnefnd Alþingis sem tekur fram að helstu eigendur bankans hafi hvorki haft hug eða getu til að styðja við bankann í fjárhagserfiðleikum hans.

jonab@frettabladid.is

Á næstu dögum verður fjallað um helstu viðskiptablokkirnar á grundvelli skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

## Tengdir 68 félögum og fyrirtækjum

Ásamt persónulegum tengslum eru feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson tengdir 68 fyrirtækjum og félögum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið. Feðgarnir eru lykilpersónur í íslensku fjármálalífi en þeir áttu rúman fjórðutíu prósenta hlut í Landsbankanum í gegnum eignarhaldsfélagið Samson auk ráðandi hlutar í fjárfestingarbankanum Straumi-Burðarási. Áhættuskuldbindingar þeirra námu samanlagt 318 milljörðum króna í hrunamánuðinum október 2008.

## Áhættuskuldbindingar Björgólfs Guðmundssonar*



| Banki | Janúar 2007 | Október 2008 | Aukning |
|---|---|---|---|
| Landsbankinn | 20,5 | 90,4 | 341% |
| Kaupþing | 22,7 | 19,2 | -15% |
| Glitnir | 8,9 | 18,0 | 102% |
| Straumur | 18,5 | 20,5 | 10% |
| Samtals | 70,6 | 148,1 | 110% |
| (Samtals í millj. evra) | 746,5 | 1.017,7 | 36% |

* Í milljörðum króna

Tengd félög: Arctic Havester Inc., Árvakur, Baffin Island Investment Ltd., Baffin Shipping Inc., Bell Global Investment Ltd., Bell Global Investment SARL, Björgólfur Guðmundsson, Björgólfur Guðmundsson SARL, Blue Water, Edda Printing & Publishing Ltd, Edda Útgáfa, Elazis Inc., Fjárfestingarfélagið Grettir, Hansa, Landsbanki Íslands (aðalstöðvar og útibú), Landsprent, Oddi Holdings Ltd., Ólafsfell, Rainwood, Rauðsvík, Samson, Samson eignarhaldsfélag, Samson Properties, Vatn og land, West Ham United Football Club og WH Holdings.




## Rannsóknarstyrkur

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða auglýsir hér með eftir umsóknum um rannsóknarstyrk til verkefna sem tengjast og hafa áhrif á þróun íslenska lífeyriskerfisins. Styrkurinn nemur 1.200.000 krónum. Úthlutun styrksins fer fram á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða, sem haldinn verður 18. maí n.k.

**Umsóknum skal fylgja:**

- Greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess
- Tímaáætlun, sem gerir grein fyrir framvindu verkefnisins
- Fjárhagsáætlun verkefnisins og framlag samstarfsaðila

Ekki verður veittur styrkur til verkefna sem þegar er lokið. Þegar fyrir liggur ákvörðun um hver eða hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um rannsóknarverkefnið, þar sem fram kemur m.a. lýsing á markmiðum og fyrirhugaðri framkvæmd og hvernig greiðslum verður háttað.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Landssamtaka lífeyrissjóða, Sætúni 1, Reykjavík. Ennfremur má nálgast umsóknareyðublöð á veffanginu *www.ll.is*.

**Umsóknir þurfa að berast Landssamtökum lífeyrissjóða fyrir 1. maí n.k. Öllum umsóknum verður svarað.**

**Allar nánari upplýsingar gefur Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, í síma 563 6450 eða á netfanginu *ll@ll.is*.**

*Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða*

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# MYNDAVÉLARÝMING AÐEINS Í ÞRJÁ DAGA

## LOSUM OKKUR VIÐ SÍÐUSTU EINTÖK OG ELDRI MÓDEL AF MYNDAVÉLUM



CASIO Nikon OLYMPUS Panasonic

## VERÐ FRÁ KR. 14.990

**Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# Endurskoðendur brugðust

**Þrátt fyrir að aðstæður kölluðu á árvekni létu endurskoðendur fjármálafyrirtækja hjá líða að gefa mikilsverðum atriðum gaum. Þrátt fyrir ákvæði laga gerðu þeir Fjármálaeftirlitinu aldrei viðvart um brotalamir hjá bönkunum.**

Tilefni er til að rannsaka hvort endurskoðendur fjármálafyrirtækja sem féllu haustið 2008 og í byrjun árs 2009 hafi brotið starfsskyldur sínar þannig að varði refsingu. Þetta er álit rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.

Í þeim kafla skýrslunnar þar sem fjallað er um mál sem vísað er til frekari rannsóknar saksóknara eða Fjármálaeftirlits (FME) kemur fram það álit rannsóknarnefndarinnar að skort hafi á að endurskoðendur sinntu nægilega skyldum sínum við endurskoðun reikningsskila fjármálafyrirtækjanna árið 2007 og við hálfsársuppgjör 2008. Skort hafi á rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptavina fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér.

„Í þessu sambandi verður að árétta að aðstæður höfðu á þessum tíma þróast með þeim hætti að tilefni var til þess að gefa þessum atriðum sérstakan gaum,“ segir í skýrslunni.

Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um mat á virði eigna fjármálafyrirtækjanna eftir fall þeirra hafi tapast tæpir átta þúsund milljarðar króna, eða sem svarar þjóðarframleiðslu Íslendinga í rúm fimm ár.

Þá kemur fram í skýrslunni að ekki hafi verið brugðist við ábendingum um að áhætta vegna lausafjárskorts og fjármögnun bankanna væri orðin of mikil vorið 2008. Rannsóknarnefndin bendir þó á að vegna markaðsástæðna í heiminum hafi bönkunum á þessum tíma verið orðið erfitt að bregðast við. Í svonefndu CAMELS-mati hafi almennt komið fram að áhætta af hlutabréfum, beint í eigu bankanna eða óbeint sem veð fyrir útlánum, væri mikil. „Varðandi Glitni og Landsbankann var sérstaklega minnst á að of mikil áhætta væri tengd eigendum bankanna. Rannsóknarnefnd Alþingis telur að hér hafi CAMELS-matið réttilega leitt í ljós tvo verulega áhættuþætti í rekstri bankanna. Of mikil útlán voru veitt vensluðum aðilum og markaðsáhætta var allt of mikil hvort sem það var beint eða í gegnum útlán bankanna.“ Bregðast hefði þurft við með því að draga verulega úr þessari áhættu, en frá því um vorið hafi hins vegar aukist bæði lán með veðum í hlutabréfum og einnig lán til venslaðra aðila.

Þá telur nefndin litla afsökun í breyttum aðstæðum á markaði. „Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að bankarnir tóku þessa áhættu í rekstri sínum þegar betur áraði. Áhætta myndast þegar hún er tekin en ekki þegar verð fara að lækka,“ segir í skýrslunni og bent á að skráning og utanumhald um veð bankanna fyrir útlánum hafi hvergi nærri verið í viðunandi horfi.

Í skýrslunni segir að lög um fjármálafyrirtæki og reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja kveði á um að fái endurskoðandi vitneskju um verulega ágalla á rekstri eða atriði er varði innra eftirlit, eða annað sem veikt geti fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis, eigi að upplýsa bæði stjórn fyrirtækisins og FME um það. „Við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis voru endurskoðendur fjármálafyrirtækjanna spurðir hvort þeir hefðu upplýst Fjármálaeftirlitið í samræmi við framangreind ákvæði. Svör þeirra voru öll á einn veg, að þeir hefðu aldrei fram að falli bankanna komið slíkri ábendingu á framfæri við [FME].“ olikr@frettabladid.is




**BANKAR SAMAN** Tilmæli sem FME gaf út um verklag við innri endurskoðun hefðu verið til bóta hefðu þau komið fyrr fram en nokkrum dögum fyrir hrun bankanna, segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

## FME var of seint

Í kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um innri og ytri endurskoðun kemur fram að leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins (FME) um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja hafi komið allt of seint fram, jafnvel þótt þau hefðu verið til bóta. Tilmælin voru gefin út 24. september 2008, tæpum mánuði fyrir hrun bankanna og níu dögum eftir fall Lehman Brothers-bankans í Bandaríkjunum.

Þá kemur fram gagnrýni á FME í því að ekki hafi verið fylgt tilmælum svonefndra Baselreglna um að halda reglubundið fundi með innri endurskoðendum fjármálafyrirtækja. „Þessi regla kemur ekki að ástæðulausu inn í Baselregluverkið því að þetta kemur náttúrulega upp úr áföllum sem evrópski bankaheimurinn hefur þó lent í áður en allt hrundi,“ er í skýrslu rannsóknarnefndarinnar haft eftir Sigurjóni Geirssyni, innri endurskoðanda Landsbankans.

Þá kemur fram í skýrslu nefndarinnar um innri og ytri endurskoðun að endurskoðunardeildir bankanna hafi vart haft undan að fylgja eftir örum vexti bankanna.

Ágúst Rafnkelsson, innri endurskoðandi Glitnis, sagði rannsóknarnefndinni að tilmæli FME hefðu betur komið fyrr því það væri „alveg ljóst að á þessum uppgangsárum þá fékk hvað sem varðaði innra eftirlit ákaflega lítinn fókus, það var ekki hátt skrifað í kerfinu og alveg sama hvort menn horfa til regluvörslunnar, áhættustýringarinnar eða innri endurskoðunar þá voru þessar deildir, að minnsta kosti í Glitni, frekar veikar, lengi framan af.“ - óká

ÓDÝR VINNUFATNAÐUR

ÞJARKUR VINNUFÖT



9616 405
K-WEAR SOFT SHELL JAKKI
Litir: Gulur/appelsínug.
Stærðir: S–3XL
Verð 9.915 kr.



9623 5025-J T/C
JAKKI ÞUNNUR
Litir: Grár/svartur
Stærðir: 48–64
Verð 5.881 kr.

9623 5025-C T/C
BUXUR BASIC
Litir: Grár/svartur
Stærðir: 48–64
Verð 6.167 kr.



9621 5005
SAMFESTINGUR RAFSUÐA
Litir: Blár/rauður
Stærðir: 48–64
Verð 16.670 kr.



9623 0211
SAMFESTINGUR BEAVER
Litur: Kóngablár
Stærðir: 48–70
Verð 5.489 kr.



9623 5025-V T/C
VESTISBUXUR
Litir: Grár/svartur
Stærðir: 48–66
Verð 8.528 kr.




Opið alla virka daga 8–17

Knarrarvogi 4 | 104 Reykjavík | 533 6030 | thjarkur.is

Margt í skoðun hjá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu:

## Fara yfir bitra reynslu

„Almennt geri ég ekki ráð fyrir að endurskoðendur hafi nokkuð við það að athuga að störf þeirra séu skoðuð nánar,“ segir Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri Félags löggiltra endurskoðenda (FLE). Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sagt tilefni til að rannsaka hvort endurskoðendur fallinna fjármálafyrirtækja hafi brotið gegn starfsskyldum sínum með refsiverðum hætti.

Sigurður segist þó ekki geta tjáð sig um einstök mál í skýrslu nefndarinnar. Hvað varðar mat útlána bendir hann þó á að í skýrslunni komi fram að breyting á alþjóðlegum reikningsskilareglum árið 2005 hafi haft áhrif á mat á útlánum bankanna. Breytingin hafi kveðið á um að matið byggði á fyrri reynslu, en fyrir henni sé ekki að fara hjá bönkum í örum vexti.

„Þarna standa menn annars vegar frammi fyrir því hvað alþjóðlegar reikningsskilareglur segja og hins vegar vangaveltum um hvernig hefði mátt fara að,“ segir hann, en kveður álitaefni á borð við þetta vera til skoðunar hjá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu.



SIGURÐUR B. ARNÞÓRSSON

Núna fari fram á alþjóðavettvangi endurskoðun á þeim vinnu- og starfsreglum sem stuðst hafi verið við, með það fyrir augum að læra af „biturri reynslunni“ eftir fjármálahrunið og „það eigi við endurskoðendur jafnt sem aðra eftirlitsaðila“. - óká

Verðskráning óskráðs fyrirtækis í eigu Landsbankans:

## Hækkaði í verði á meðan aðrir lækkuðu

Verð óskráðra félaga Landsbankans var hækkað í reikningum bankans á sama tíma og markaðsverð eigna á Vesturlöndum var almennt á niðurleið. Bent er á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að þannig hafi málum verið háttað í lok árs 2007 og allt þar til bankinn féll.

„Munaði þá mest um uppfærslu á verði á óskráðu félagi á Bretlandseyjum, Iceland Food Group Ltd.,“ segir í skýrslunni. Bent er á að Landsbankinn hafi fært félagið inn á safn eigin viðskipta bankans í september 2007 að nafnvirði alls 109 þúsund hlutir. „Verð á félaginu samkvæmt uppgjöri bankans í desember var skráð á bókum á genginu 455,5 en í mars 2008 var það komið í 610,11, samkvæmt uppgjöri. Í júní var félagið skráð á bókum Landsbankans á genginu 735.“

Nefndin segir að þegar horft sé til þess að eignaverð hafi almennt farið lækkandi í heiminum á sama tíma veki hækkunin athygli og þar með áhrif til að auka hagnað bankans. „Þannig jókst virði Iceland Food Group um ríflega 60 prósent á bókum Landsbankans á meðan sambærileg félög í Bretlandi lækkuðu. Til dæmis lækkaði hlutabréfaverð matvörukeðjunnar Tesco's um 16 prósent, og Marks & Spencer's lækkaði um 50 prósent frá desember 2007 til júní 2008,“ segir í skýrslunni og tiltekið að uppfærsla verðs á Iceland Food Group hafi staðið undir átta milljörðum af 29 milljarða króna hagnaði Landsbankans á fyrri helmingi ársins 2008. - óká



SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Stúdíó í 108 til leigu. Uppl. í s. 866 4754 & 557 5058.

**Eldriborgarar**
Til leigu 2ja herb. íbúð í Árskógum 8 RVK. Uppl. s. 554 2282 og 867 3825.

45 fm kjallaraíbúð á Langholtsvegi, einnig herb. á Grettistgötu. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

### Húsnæði óskast

Einstakling vantar stúdíó eða litla 2 herb íbúð til langtíma leigu, er reyklaus og reglusamur. S: 895 1200.

HÍ nemi óskar eftir lítilli íbúð eða stúdíó íbúð með eða án Húsgagna á Höfuðborgarsvæðinu. S. 695 8268.

### Sumarbústaðir

**Sumarbústaðarlönd til sölu.**
**Fallegar lóðir í landi Gilshrauns á Skeiðum, 19km austan Selfoss. Vegur, kalt vatn, rafmagn og síma að lóðamörkum. Lóðirnar eru frá 5000fm-11.600fm og kosta frá 1.800.000kr**
**Hafið samband í síma 824 3040 Hlynur. Heimsíðan er: www.kilhraunlodir.is**

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

Smáhýsi til sölu 13,5 m2 - fullbúin timburhús. Verð 1300þ. staðgr. S. 692 4597 & pallikri@gmail.com

### Atvinnuhúsnæði

**Bíldshöfði (Axarhöfði)**
Til leigu 100 fm iðnaðarbil með iðnaðarhurð og gönguhurð. Uppl. í s. 698 3200.

Til leigu iðnaðarhúsnæði 90 fm í Hraunum Hafnarfirði, stórar innkeyrsludyr. Sími 8644755

Til leigu Tunguháls 327 fm iðnaðar, 2 innkeyrsluhurðir, lofthæð 4,70 . Við sund. ca 85 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð og 25 og 45 fm. Vinnustofur á 2. Hæð. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022

### Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

### Bílskúr

32fm bílskúr á svæði 104 til leigu undir snyrtilegan rekstur. Upplýsingar, global-ice@globalice.is

**Bílskúrshurðar**
Eigum til hágæða bílskúrshurðar á lager ásamt opnurum. Upplýsingar, global-ice@globalice.is

### Gisting

ORLOFSÍB. Á AKUREYRI, GISTING F ALLT AÐ 12 MANNS,VIKU-HELGARL, ibudir@visir.is og s 8937979 www.gistingakureyri.barnaland.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo
GRÆNI RISINN HEILSUSETUR

**Rizzo og Græni Risinn**
**Vantar starfsmann 25 ára eða eldri í afgreiðslu og þrif frá ca 9-14 á daginn**
**Tekið á móti umsóknum fimmtudag og föstudag að grensásvegi 10**

**Geysir - Bistró bar Aðalstræti 2**
**Erum að leita af matreiðslumanni-konu til starfa með okkur í vaktarvinnu. Einnig eftir aðstoðafólki í eldhúsi. Upplýsingar veitir Birgir milli 14-16 í s. 517 4300**

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
Viltu vinna á einum besta veitingastað landsins? Ertu búin/n að útskrifast í matreiðslu? Við gætum verið að leita að þér! Kíktu á: http://umsokn.food-co.is

Hotel housekeeping staff needed Starting now and for summertime Pleas send info: smaar@frett.is market Vik

Verkstjóri/afgreiðslumaður óskast á hjólbarðaverkstæði og smurstöð Bilkó. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Þarf að hafa reynslu sem nýtist í starfi. Frekari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560.

Au pair. Ísl. læknahjón á Englandi óska eftir barngóðri stúlku (19+) t.a. gæta 2ja drengja: drmatthildur@msn.com

Starfsfólk vantar við ferðaþjónustu á Suðurlandi, þarf að geta unnið við öll almenn störf. Uppl. s. 894 9249

Vanur aðstoðamaður óskast í eldhús, einnig aðstoðafólk í veislusal. Uppl. s. 699 2363 og 588 8588 Stefán.

Aðstoðarfólk í eldhús óskast. Brasilía resturante, Skólavörðustígur 14. Uppl. í s. 693 3805.

## TILKYNNINGAR

### Fundir

**Aðalfundur Breiðavíkursamtakanna**
Fer fram 27. apríl. kl. 20. Í fundarsalnum JL-Húsinu við Hringbraut. 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Önnur mál. Stjórnin.

### Tilkynningar

FROST
Fyrrverandi viðskiptavinir A.Karlsson takið eftir:
Við viljum benda fyrrverandi viðskiptavinum A.Karlsson á að nú geta þeir snúið sér beint til Frost til að fá þjónustu.
Vinsamlegast hafið samband í síma 464-9400.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu okkar sem er www.frost.is
Kælismiðjan Frost ehf.

### Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.**
**908 1616.**

Falleg 2 herb íbúð í Teigunum 105 Rvk. Amk 12 mán. Leiga 110 þ m hita + rafm. Sími: 6951917

Frábær ný upptaka: Ung kona sem hefur tekið vel á því í ræktinni undanfarið skoðar sjálfa sig í spegli og skemmtir sér í framhaldinu í ljúfum og spennandi einleik. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8667

Kona með hlýja og yndislega rödd vill kynnast karlmanni á miðjum aldri með ljúfa stund í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8607.

Fullorðinn karlmaður vill kynnast mjög heitum karlmanni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8116.

Myndarleg 35 ára kona vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8595.

Grönn kona nálægt miðjum aldri, dökk yfirlitum, vill skemmta sér með karlmanni. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8129.

### Atvinna



# Matreiðslumaður

Óskum eftir lærðum matreiðslumanni til starfa.
Leitum að duglegum og metnaðarfullum einstaklingi með lifandi áhuga á ítalskri matargerðarlist.

Nánari upplýsingar gefur Leifur Kolbeinsson í síma 898 1046.

LA PRIMAVERA RISTORANTE

### Fundir / Mannfagnaður

**Aðalfundur Verslunarmannafélags Suðurnesja**
verður haldinn að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ, þriðjudaginn 20. apríl nk. kl. 20:00

**Dagskrá**
Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins

Stjórn Verslunarmannafélags Suðurnesja

VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

# Aðalfundur

***Verður haldinn laugardaginn***
***17. apríl n.k. kl. 10.00***
***á Grand Hótel v/Sigtún***

***Dagskrá:***

1. *Starfskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár*
2. *Reikningar sjóða félagsins*
3. *Lagabreytingar*
4. *Stjórnarskipti*
5. *Kosning tveggja skoðunarmanna og tvegga til vara*
6. *Kosning þriggja manna í FGT deild*
7. *Kosning ritstjóra*
8. *Kosning í fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins*
9. *Nefndakosning*
10. *Önnur mál*

***Boðinn verður morgunverður milli kl. 9.00 og 10.00 og einng matur í fundarhléi***

***Stjórn Félags bókagerðarmanna***

*Félag bókagerðarmanna*
*HVERFISGÖTU 21 SÍMI 552 8755*
*www.fbm.is fbm@fbm.is*

### Til sölu




# Allt í floti allstaðar!

## Nú má flota yfir öll gólf.

Conplan KF alhliða níðsterkt flotefni á skóla, sjúkrahús, íbúðir og fleira.
Uniplan FR útiflot undir flísar, málningu og dúk í dós.
Uniplan trefjaflot á trégólf, á dúka og stein. Þolir mikla þykkt.
Sto útiflot á svalir, tröppur, svalaganga, ofan á bílskúrsloft, margra ára reynsla.
Ultratopp litað flot sérpantað. Fæst í nokkrum litum.

White, Beige, Rust Red, Light Gray, Standard Gray, Andharcite

Fæst hjá múrverslun Steypustöðvarinnar Malarhöfða 10 og á Selfossi, sími 4 400 500.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina og bestu aðferðina.

Hringhellu 2 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8 800 Selfoss | Malarhöfða 10 110 Reykjavík | sími 4 400 400 www.steypustodin.is | STEYPUSTÖÐIN Sterkari lausnir

### Til sölu

# Til sölu

9 feta nýuppgert Riley BC keppnispoolborð alveg eins og heimsmetið var slegið á til sölu

Innifalið:
Riley BC borð
Kúlusett
2 kjuðar
Lampi
Nýr dúkur
Heimsending
Uppsetning



Verð: 400.000,- kr.
**Uppsett af þeim allra bestu!**

Komið, prufið og skoðið borð 18 á Snóker og Poolstofunni í Lágmúla 5 (bak við Lyfju)

Nánari upplýsingar fást á Snóker og Poolstofunni, Lágmúla 5 eða hjá Brynjari Valdimarssyni í síma 822-1471

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fáir gangast við ábyrgð sinni.

## Ha ég? Já þú. Ekki satt. Hver þá?

Það hálfa annað ár sem liðið er frá hruninu hefur að mörgu leyti einkennst af vonbrigðum; vonbrigðum yfir að það sem talið hafði verið velgengni var reist á sandi, ef ekki beinlínis blekkingum; vonbrigðum yfir því að stjórnvöld og stjórnkerfi virtist bæði skorta reglur og einnig þor til að stemma stigu við þeirri þróun, sem sumir sáu þó fyrir, að bankakerfið væri að vaxa þjóðinni langt yfir höfuð og vonbrigðum vegna þess að svo virtist sem enginn ætlaði sér að axla ábyrgð á hruninu og því sem til þess leiddi.

Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur nú verið beðið í nærri hálft ár. Þeir voru því vissulega margir sem óttuðust að hún yrði enn ein vonbrigðin. Skýrslan kom því þægilega á óvart þótt það sem í henni birtist væri fráleitt þægilegt heldur miklu fremur nöturleg mynd af viðskiptamönnum sem ekki sáust fyrir. Mönnum sem lögðu upp úr stórgróða sem byggðist á lánsfé og kaupum og sölum fyrirtækja hverra verðgildi var iðulega reist á ótraustum grunni og jafnvel blekkingum.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Skýrslan birtir mynd af stjórnkerfi sem ekki er aðeins vanbúið vegna skorts á reynslu og þekkingu heldur einnig algerlega vanhæft vegna þess að þar tíðkast ekki þau vinnubrögð sem teljast til góðrar og vandaðrar stjórnsýslu.

Í skýrslunni er dregin upp tæpitungulaus mynd af því sem átti sér stað í aðdraganda hrunsins. Skýrslan sjálf olli þannig alls ekki vonbrigðum þrátt fyrir að ýmislegt sem fram kom í henni gerði það.

Viðbrögðin við skýrslunni og efni hennar hafa hins vegar vakið vonbrigði, ekki síst sú staðreynd að af þeim 147 einstaklingum sem fyrir nefndina komu þá gekkst enginn þeirra við ábyrgð.

Þau viðbrögð við skýrslunni sem fram hafa komið síðan á mánudag valda einnig nokkrum vonbrigðum. Enginn þeirra stjórnmálamanna eða embættismanna sem voru í eldlínunni hafa axlað ábyrgð með því að viðurkenna mistök, hvað þá biðjast afsökunar. Ekkert af þessu fólki hefur einu sinni sýnt þá auðmýkt að viðurkenna yfirsjón eða andvaraleysi. Einu stjórnmálamennirnir sem hafa stigið fram og viðurkennt að mistök hafi átt sér stað í þeirra ranni eru þeir sem voru á hliðarlínunni í aðdraganda hrunsins og eru þannig ekki að viðurkenna eigin mistök heldur flokkssystkina sinna.

Einn kaupsýslumaður hefur beðist afsökunar sem er virðingarvert þrátt fyrir að afsökunarbeiðninni fylgi sá fyrirvari að hann sé þess fullviss að hann hafi ekki brotið lög. Það er mikilvægt að hreinsa andrúmsloftið fyrir þá endurreisn sem verður að eiga sér stað á næstu misserum. Gott væri að fleiri færu að hans dæmi, kaupsýslumenn, embættismenn og stjórnmálamenn.

Til þess að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis komi að því gagni sem hún hefur alla burði til að geta gert þá verður að nýta innihald hennar til að kryfja bæði kerfið og vinnubrögð þeirra einstaklinga sem á sviðinu voru í aðdraganda hrunsins. Það er nauðsynleg forsenda þeirrar endurreisnar sem verður að eiga sér stað á næstu misserum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Höfum opnað verslun**
**að Kauptúni 3 í Garðabæ (gengt IKEA).**



**Mikið úrval vandaðra garðhúsgagna sem þarfnast lítils viðhalds. Margar vörur á opnunartilboði!**

Signature húsgögn

Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15

Kauptúni 3, 210 Garðabær • S 771 3800

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Múgsefjun

Rannsóknarskýrslu Alþingis um efnahagshrunið var beðið með mikilli eftirvæntingu. Of mikilli eftirvæntingu að mati sumra, til dæmis Ögmundar Jónassonar, þingmanns Vinstri grænna. Daginn fyrir útgáfu skrifaði hann á heimasíðu sína að stemningin í samfélaginu væri „eins- og þegar fólk safnaðist saman til að fylgjast með því þegar fólk var hálshoggið eða brennt á báli“. Rannsóknarrétturinn, eins og Ögmundur Jónasson kallaði nefndina, og yfirvöld voru að stuðla að „miðstýrðri múgsefjun“ og slíkt væri ekki til þess fallið að fullnægja réttlætinu.



### Stórvirki

Svo kom skýrslan út. Þá kom annað hljóð í strokkinn á ogmundur.is. Á mánudag skrifar Ögmundur að skýrslan sé „stórvirki sýnist mér, sigur fyrir íslenskt samfélag, staðfesting á að þrátt fyrir allt eigum við sem samfélag fólk sem getur, kann og skilur“. Og Ögmundur segir að næsta verk eigi að vera að koma böndum á þá sem steyptu þjóðinni í glötun og sjá til þess að þeir verði dæmdir. Varð Ögmundur líka múgsefjun rannsóknarréttarins að bráð?



### Jafnvígur á báðar

Skuldavöndlum Kristjáns Arasonar er ekki fisjað saman – og þó. Í rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram að auk þess að hafa tekið 3,2 milljarða að láni í eigin nafni hafi hann tekið 1,8 milljarða í nafni félagsins 7 hægri. Örvhenta skyttan úr FH virðist því hafa verið jafnvíg á báðar hendur á fjármálavellinum og getað tekið lán hægri vinstri.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Siðferði og háskólasamfélagið

Rannsóknarskýrslan



Elín Blöndal
prófessor við Háskólann á Bifröst

Í vandaðri skýrslu vinnuhóps um siðferði og starfshætti í íslensku samfélagi er fjallað um ábyrgð háskólanna. Ljóst er að þeirra bíður mikilvægt hlutverk í því starfi sem framundan er við endurreisn heilbrigðara og gagnrýnna samfélags.

Einn meginlærdómurinn sem draga má af umfjölluninni er að á vettvangi háskólanna verður að efla enn frekar gagnrýna hugsun og leggja aukna áherslu á sjálfstæði og þýðingu samfélagslegrar ábyrgðar. Þetta á ekki síst við um viðskipta- og hagfræðideildir sem og lagadeildir háskólanna. Brýnt er að efla skilning á fjölbreytni og umburðarlyndi gagnvart ólíkum viðhorfum. Önnur atriði lúta að sjálfstæði háskólanna. Afar miklu skiptir að aðilar utan háskólakerfisins, hvort sem eru einkaaðilar eða opinberir aðilar, geti ekki haft óeðlileg áhrif á rannsóknir eða rannsóknaniðurstöður fræðimanna í gegnum fjármagn eða tengsl. Siðareglur háskólanna hafa mikla þýðingu hvað það varðar, en þó ekki síður siðferðisleg afstaða og breytni rannsakenda.

Samspil háskóla og atvinnulífs er mikilvægt, en þess ber að gæta að slíkt samstarf verði aldrei á kostnað hlutleysis. Auk þess verður að hvetja opinberar stofnanir og stjórnmálamenn til að virða óvilhalla fræðimennsku og hafa þor til að leita í auknum mæli til hlutlausra sérfræðinga um álit á vandasömum viðfangsefnum í stað þess að einblína á flokkslínur. Loks má nefna það hlutverk fræðasamfélagsins að taka þátt í gagnrýnni umræðu og veita þannig stjórnvöldum og öðrum aðhald á vettvangi fjölmiðla og annars staðar þar sem tækifæri gefst. Flest þessara atriða hafa verið tryggð í einhverri mynd á vettvangi háskólanna, en ljóst er að betur má ef duga skal.

Mikilvægt er að háskólasamfélagið skoði athugasemdir og tillögur vinnuhópsins gaumgæfilega og greini hvernig megi vinna úr þeim samfélaginu til hagsbóta. Þá skiptir ekki máli hvað háskólinn heitir, hvert rekstrarform hans er, hvort einstakir fræðimenn beri meiri eða minni ábyrgð eða þar fram eftir götunum. Gríðarlega mikilvægt er að falla ekki í gryfju „ekki benda á mig“ umræðunnar, fara í vörn eða drepa umræðunni á annan hátt á dreif, s.s. með því að vísa ábyrgðinni á aðra háskóla. Svo hrikalegt siðrof eins og það sem við sitjum uppi með í okkar litla samfélagi verður aldrei endurbætt á grundvelli slíkra viðhorfa, heldur aðeins með víðtækri endurskoðun og samstilltu átaki fjölmargra aðila, þar með talið háskólasamfélagsins í heild sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Forsetinn fremur aldrei glæp

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Bandaríkin eru óskorað réttarríki. Bandaríkjamenn eru jafnir fyrir lögum. Fyrrum ríkisstjóri Illinois, Milorad Blagojevich, er á leiðinni í fangelsi fyrir glæp, sem hann framdi í embætti. Lögreglan hleraði símann hans og sannaði að hann ætlaði að selja þingsæti Baracks Obama forseta í öldungadeildinni, þegar Obama flutti í Hvíta húsið í fyrra, eða taka sætið sjálfur. Þegar Lewis Libby, skrifstofustjóri Cheney's varaforseta, var dæmdur í háa fjársekt og fangelsi fyrir meinsæri, þurfti hann að vísu ekki að sitja dóminn af sér, þar eð Bush forseti veitti honum sakaruppgjöf að hluta. Kunnugir herma, að Bush og Cheney talist nú ekki við. Fer vel á því. Richard Nixon forseti hlaut einnig sakaruppgjöf á sínum tíma og þurfti því ekki að sitja inni fyrir aðild sína að innbrotinu í Watergate-bygginguna í Washington, en hann hafnaði samt í einu neðsta þrepinu í virðingarstiga bandarískra stjórnmálamanna.

Réttar sagt tók Nixon sér stöðu þar sjálfur. Þannig vildi til, að vorið 1977, þrem árum eftir að hann hrökklaðist frá völdum, voru sýnd í sjónvarpi fjögur löng viðtöl brezka sjónvarpsmannsins Davids Frost við Nixon. Fyrstu viðtölin þrjú voru hvorki fugl né fiskur. Í fjórða viðtalinu féll sprengja, þegar Nixon missti út úr sér játningu, sem afhjúpaði og innsiglaði eðli hans og orðstír sem lögbrjóts. Hann sagði berum orðum, að forsetinn væri hafinn yfir lög: „When the president does it, that means that it is not illegal." Um leið og orðin féllu, byrjaði Nixon að svitna. Tugir milljóna manna urðu vitni að bommertunni. Taflinu var lokið.

Þessi saga rifjast upp nú, þegar skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis er komin út. Nú reynir á, hvort Ísland rís undir nafni sem fullburða réttarríki, þar sem allir eru jafnir fyrir lögum. Í skýrslunni er fullyrt, að bankarnir hafi brotið lög. Sérstökum saksóknara ber því að ákæra bankastjóra og bankaráðsmenn allra þriggja bankanna fyrir lögbrot auk nokkurra annarra stjórnenda og stórra hluthafa eftir atvikum.

Orðrétt segir danski bankastjórinn Jørn Astrup Hansen í skýrslunni (2. bindi, bls. 313): „Bankarnir brutu ekki aðeins lög heldur fóru þeir einnig yfir sín eigin mörk. Eða færðu mörkin eftir þörfum." Hann bætir við (bls. 317-18): „Þrír tiltölulega stórir bankar hefðu hæglega átt að geta þjónað jafnvel stærstu fyrirtækjum landsins án þess að brjóta mikilvægustu reglu í bankalöggjöfinni sem kveður á um að takmarka beri hámarksstærð einstakra skuldbindinga við 25% af áhættugrunni bankans. … Íslensku bankarnir brutu gegn þessari reglu. Þeir réðust m.a.s. út í mjög stór viðskipti og virtu á engan hátt ákvæði í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216 frá 2. mars 2007, þar sem „tengd áhætta" er skilgreind."

Hansen segir einnig (bls. 318): „Allir bankarnir þrír notuðu sérstaklega óheilbrigðar aðferðir sem fólust í að veita lánsfjármögnun til kaupa á eigin hlutabréfum gegn veðum í bréfunum sjálfum. Lán fyrir kaupum eigin bréfa gegn veði í þeim varð eftir október 2007 þannig að formi og umfangi að gera má ráð fyrir að hafi brotið gegn lögum. … Fimm stærstu hluthafar bankanna voru einnig fimm stærstu viðskiptavinir þeirra. Langstærstu! En ekki nóg með það. Þeir sátu einnig í bankastjórn eða áttu fulltrúa þar. Fyrirkomulagið virðist vægast sagt vafasamt. Hætta á klíkuskap og sjálfsafgreiðslu vofir yfir."

Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar kaus Rannsóknarnefndin að ræða ekki í skýrslu sinni spurninguna um, hvort bankarnir og stjórnvöld brutu gegn 249. grein almennra hegningarlaga um umboðssvik. Nefndin getur ekki skotið sér á bak við þá skýringu, að hugsanleg umboðssvik liggi utan við verksvið skýrslunnar, því að þá hefði framlag Jørns Astrups Hansen varla heldur átt heima í skýrslunni. Skýrslan staðfestir, að eigendur bankanna rændu þá með hjálp stjórnvalda eins og við Vilhjálmur Bjarnason lektor og aðrir höfum haldið fram frá byrjun. Aðferðin er alþekkt eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku. Úr því að Rannsóknarnefndin kaus að fjalla ekki um hugsanleg umboðssvik, þarf sérstakur saksóknari að fylla skarðið og einnig að ákæra þá fjóra embættismenn, sem Rannsóknarnefndin telur hafa brotið lög. Alþingi ber einnig að draga þrjá fyrrum ráðherra fyrir Landsdóm. Verði hinir ákærðu fundnir sekir, getur forseti Íslands að vísu veitt þeim sakaruppgjöf samkvæmt heimild í stjórnarskránni, en ráðherra getur hann þó ekki leyst undan saksókn né refsingu, sem Landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

# *Um fátækt á Íslandi*

Evrópumál



Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra.

Til að fyrirbyggja misskilning vil ég gera grein fyrir viðhorfum mínum til þeirrar dapurlegu staðreyndar að fátækt er til staðar á Íslandi. Aðspurður um þessi efni á blaðmannafundi í lok síðustu viku reifaði ég mín viðhorf til þessa stuttlega en a.m.k. einn fréttamaður kaus að hafa það eitt eftir mér að fátækt hér væri lítil borið saman við nálæg lönd. Hjá honum kom ekki fram að ég hefði þar verið að ræða um stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd eins og hún var þegar best lét og áður en fór að síga á ógæfuhliðina. Ekki fylgdi heldur fréttinni að því miður væri ljóst að aðstæður hefðu þróast til verri vegar og engin leið væri að horfa fram hjá því að sífellt fleiri ættu í erfiðleikum með að komast af.

Á löngu árabili nýfrjálshyggjustefnunnar fór lífskjara- og aðstöðumunur vaxandi á Íslandi. Sést það m.a. þegar er skoðað hvernig svonefndur Gini-stuðull fyrir Ísland hækkaði jafnt og þétt. Launamunur fór vaxandi og skattbyrði fluttist af háum launum, fjármagnstekjum og stóreignum yfir á almenna launamenn, eins og viðamiklar rannsóknir Stefáns Ólafssonar sýna.

Núverandi ríkisstjórn hefur gerbreytt áherslum í þessum efnum, þó svo sannarlega væri æskilegt að hægt væri að gera betur. Má í því sambandi nefna eftirfarandi:

- Tekjuskattskerfinu var breytt með upptöku þrepaskipts tekjuskatts og með sérstöku lágtekjuþrepi sem hlífir tekjulágu fólki, með laun undir 270 þúsund kónum á mánuði, við skattahækkunum þó skattar annarra hafi hækkað.
- Neðra þrepi í virðisaukaskatti var ekki breytt og mikilvægasta neysluvara heimilanna, maturinn, þannig varin fyrir hækkunum.
- Vaxtabætur, sem eru þannig tekjutengdar að þær ganga einkum til fólks með lágar og upp í meðaltekjur, voru hækkaðar sérstaklega um nálægt 2.400 milljónum króna á síðasta ári og aftur í ár.
- Grunnupphæðir atvinnuleysisbóta, lámarkstrygging almannatrygginga, barnabætur og húsaleigubætur, sem höfðu hækkað umtalsvert 2007, voru ekki skertar þó kaupmáttur þessara fjárhæða hafi vissulega skerst á tímum gengisfalls og verðbólgu.
- Með hækkun skatta á hina tekjuhærri, hækkun fjármagnstekjuskatts, upptöku auðlegðarskatts á stóreignafólk og hækkun skatta á hagnað fyrirtækja er reynt að afla tekna til að standa undir samneyslunni og mæta óumflýjanlegum kostnaði sem á hinu opinbera lendir vegna efnahagshrunsins með eins réttlátum hætti og hægt er.

Því miður er fátækt staðreynd sem ekki má horfa fram hjá og fer glíman við hana harðnandi á þeim erfiðleikatímum sem nú eru. Ríki og sveitarfélög þurfa í samstarfi við samtök og stofnanir sem málið varðar, að vinna náið saman í þeirri glímu. Efla þarf rannsóknir og greina stöðu mála í núinu betur, því gögn skortir þrátt fyrir virðingaverða eljusemi einstakra fræðimanna eins og Hörpu Njálsdóttur og Stefáns Ólafssonar. Tilfinnanlegast er þegar fátæktin bitnar á börnum og eitt sem hlýtur að koma til skoðunar sérstaklega er aukinn stuðningur við tekjulága einstæða foreldra og barnafjölskyldur.



# Sáttanefnd um stjórn fiskveiða

Sjávarútvegsmál

Björn Valur Gíslason
Alþingismaður



Í nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða (Sáttanefndin) eiga sæti um 20 fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi auk fulltrúa stjórnmálaflokkanna. Meðal þeirra sem eiga sæti í nefndinni eru Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband smábátaeigenda, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda, Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Auk þess eiga allir stjórnmálaflokkar á Alþingi sæti í nefndinni. LÍÚ hefur ekki tekið þátt í nefndarstarfinu síðustu mánuðina og nú hafa Samtök fiskvinnslustöðva ákveðið að gera slíkt hið sama. Vonandi koma þessir aðilar þó aftur til leiks og ljúka með okkur því starfi sem lagt var af stað með í upphafi, þ.e. að ná sem víðtækastri sátt um stjórn fiskveiða til framtíðar.

Það vill þannig til að við erum öll nokkuð sammála um meginlínurnar við stjórn fiskveiða. Það er enginn ágreiningur um að nýta beri auðlindir sjávar með sjálfbærum hætti og takmarka þurfi veiðar á fiskistofnum. Við viljum öll hámarka afrakstur auðlindarinnar og hámarka arðinn af nýtingu hennar fyrst og síðast með þjóðarhag í huga. Í fáum orðum má segja að við viljum koma að auðlindum sjávar á morgun í ekki verra ástandi en við skiljum við hana í dag. Um þetta er ekki deilt.

> Deiluefnin snúa aðallega að tveim meginatriðum. Annars vegar um eignarhaldið á aflaheimildum og hins vegar um framsal þeirra. Bæði þessi atriði eru í vinnslu í nefndinni og í góðum farvegi.

**Góður samhljómur**

Við upphaf starfs sáttanefndarinnar var leitað eftir áliti nefndarmanna á einstaka atriðum laga um stjórn fiskveiða. Með þeim hætti var síðan reynt að greina þann ágreining sem er á milli aðila og hverjar áherslur þeirra eru um lagfæringar á lögunum. Þegar það hefur verið gert kemur í ljós að í meginatriðum liggja áherslur aðila nefndarinnar heilt yfir nokkuð vel saman. Sumir vilja ganga lengur eða skemur í einstöku málum en línurnar er mun skýrari en halda mætti af umræðunni. Í megindráttum er t.d. góður samhljómur í sáttanefndinni um eftirtalin atriði:

- Áfram verði byggt á aflamarkskerfi
- Áfram verði úthlutað á grundvelli veiðireynslu
- Byggðatengja þurfi aflaheimildir upp að einhverju marki
- Heimila eigi tegundatilfærslur milli skipa
- Takmarka verði flutning aflaheimilda á milli ára
- Takmarka verði flutning aflaheimilda milli skipa
- Skýra verði betur samspil aflaheimilda skipa og veiðigetu þeirra
- Skýra verður betur eignatengsl fyrirtækja m.t.t. samþjöppunar aflaheimilda
- Upplýsingar um handhafa aflaheimilda eigi að vera öllum aðgengilegar
- Stjórnarskrárbinda þurfi að auðlindir sjávar séu ótvíræð sameign þjóðarinnar
- Almenn samstaða er í nefndinni um að skilgreina beri aðgang að auðlindum sjávar sem tímabundinn afnota- eða nýtingarrétt

Rétt er að taka fram að það komu ekki athugasemdir frá öllum aðilum nefndarinnar en frá þeim flestum þó. Eins og sjá má þá er þetta ekki svo lítið sem menn eru nokkuð sammála um að gera þurfi til að bæta núgildandi kerfi.

**Ótvíræð sameign íslensku þjóðarinnar**

Deiluefnin snúa aðallega að tveim meginatriðum. Annars vegar um eignarhaldið á aflaheimildum og hins vegar um framsal þeirra. Bæði þessi atriði eru í vinnslu í nefndinni og í góðum farvegi. Einar K. Guðfinnsson, þingmaður og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, fer fyrir hópi sem ætlað er að finna leið til að stjórnarskrárbinda eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sjávar. Einar þekkir sjávarútvegsmálin betur en margur annar og er vel til þess fallinn að leiða þessi mál til lykta svo allir verði sáttir við. Umræða um framsal, leigu og sölu aflaheimilda er til umræðu í nefndinni sjálfri og fullyrði ég að innan hennar er fullur vilji til að lenda því máli með sanngjörnum hætti og styttra í að svo verði en ætla mætti.

Það er afar mikilvægt að sáttanefndin nái að ljúka því starfi sem henni var ætlað að gera og fái til þess frið og tíma. Það verður hins vegar lítil sátt nema allir leggi sitt af mörkum og séu tilbúnir til að koma til móts hver við annan í þessum málum.

# Enn af fiskabúrum

Sjávarútvegsmál

Helgi Áss Grétarsson
Sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands



Sama dag og grein birtist eftir Úlfar Hauksson í Fréttablaðinu, eða 31. mars sl., sendi ég grein í blaðið sem var fyrst og fremst um sjávarútvegsstefnu ESB. Greinin birtist í blaðinu 10. apríl sl. og tveim dögum síðar var birt svargrein í blaðinu eftir Úlfar þar sem athugasemdir voru gerðar við efni greinar minnar.

Í síðustu grein Úlfars var m.a. fjallað um sameiginlega nytjastofna aðildarríkja Evrópusambandsins og um fiskveiðilögsögur þeirra. Það er ágreiningslaust að eðli nytjastofna á hafsvæðum ESB og mörk efnahagslögsagna einstakra aðildarríkja hefur kallað á einhvers konar samstarf þeirra á milli við stjórn fiskveiða. Sú lausn sem fólgin hefur verið í sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni hefur misheppnast að mörgu leyti, m.a. að mati framkvæmdastjórnar ESB sjálfrar. Það er mín skoðun að aðrar lausnir á viðfangsefnunum hafi ávallt verið mögulegar án þess að miðstjórnarvald ESB væri styrkt með þeim hætti sem gert hefur verið. Aðildarríkin bera fyrst og fremst ábyrgð á þessu enda er ESB samstarfsvettvangur þeirra.

Úlfar hefur haldið því fram að stjórn fiskveiða við strendur Íslands eigi sér stað í fiskabúri í samanburði við fiskveiðistjórn ESB. Þessu er ég ekki sammála. Fiskveiðistjórn ESB hefur því aldrei þurft að vera svona flókin eins og hún hefur verið um langt skeið útaf því einu að margar tegundir nytjastofna séu sameiginlegir aðildarríkjunum. Vissulega er það örðugra viðfangs þegar tvö eða fleiri strandríki þurfa með sameiginlegum aðgerðum að stuðla að verndun einstakra nytjastofna en þegar strandríki sér eitt um stjórn veiða á staðbundnum stofnum. Á hvorn veginn sem er skiptir mestu máli að fiskveiðistjórnin í heild sinni auki líkur á skynsamlegri nýtingu auðlindarinnar. Sem dæmi gátu Kanadamenn á sínum tíma eytt þorskstofninum innan sinnar efnahagslögsögu á meðan samstarf Norðmanna og Rússa hefur á síðustu árum skilað sterkum þorskstofni í Barentshafi.

**Um „ámælisverð vinnubrögð“**

Úlfar gerir athugasemdir við að ég vísaði í grein hans frá 31. mars sl. í tengslum við þá fullyrðingu að sameiginleg fiskveiðistefna ESB ætti ekki rót sína að rekja „til þess að forsvarsmenn Evrópuríkja hafi fengið innblástur um nauðsyn þess að hafa sameiginlega stefnu í þessum málum.“ Með tilvitnuðum ummælum var ég að benda á að sjávarútvegsstefna ESB varð upphaflega til vegna ákvarðana sem voru reistar á pólitísku hagsmunamati en varðaði lítið sem ekkert stjórn veiða á sameiginlegum nytjastofnum. Grein Úlfars frá 31. mars sl., sem og greinar margra annarra, gefa því a.m.k. undir fótinn að það hafi verið rökbundin nauðsyn að veita ESB umtalsvert vald til lagasetningar á sviði fiskveiðistjórnar. Svo tel ég ekki vera þar sem samstarf ESB–ríkja á sviði fiskveiðistjórnar hefði ávallt getað verið mun laustengdara ef pólitískur vilji hefði staðið til þess. Með hliðsjón af þessu kem ég ekki auga á þau ámælisverðu vinnubrögð sem Úlfar taldi mig viðhafa og vil ég gjarnan halda áfram að eiga orðastað við hann um þetta málefni, hvort sem það er á síðum Fréttablaðsins eða annars staðar!

Kjarni vandans við fiskveiðistjórn út um allan heim er sá að „fiskarnir í fiskabúrinu“ eru of fáir og of margar vilja koma höndum sínum yfir þá. Hanna þarf fiskveiðistjórnkerfi af skynsemi til að það nái settum markmiðum. Þótt árangurinn af íslenska fiskveiðistjórnkerfinu mætti gjarnan vera betri með tilliti til fiskverndar má með bærilegri sanngirni segja að Íslendingum hafi gengið betur að þróa sína fiskveiðistjórn en aðildarríkjum ESB að smíða sameiginlega fiskveiðistefnu.

Námskeiðið Aðdráttarafl kvenna

„SAMBANDSFORMÚLAN“

Námskeiðið er fyrir konur um það stórkostlega aðdráttarafl sem hver kona býr yfir í öllum samböndum sínum við annað fólk og sérstaklega manninn í lífi sínu. Ungar konur/stúlkur og konur á á öllum aldri hafa stórkostlega gott af því að fræðast um þetta efni. Þetta námskeið er bæði fyrir konur sem eru í samböndum og svo eins fyrir þær sem enn hafa ekki fundið sér lífsförunaut.



Hefur þú hugsað útí það að hið innra með þér gæti búið stórkostleg vissa um það hvernig þú átt að laða að þér allt það sem þú vilt í sambandi við manninn í lífi þínu? ...eða manninn sem á eftir að koma inn í líf þitt.

Námskeiðið verður 3 skipti og verður miðvikudaginn 21. apríl, 28. apríl og 5. maí. Verð er kr.15.000



Fyrirlesari er Ragnheiður Laufdal, M.A Pastoral Min

ÞETTA NÁMSKEIÐ GÆTI BREYTT LÍFI Á ÞANN HÁTT SEM ÞIG GÆTI ALDREI GRUNAÐ!

Skráning í síma 8985576 eða 5557676 eða á ingolalla@simnet.is

Segðu vinkonum , systrum, mæðrum, ömmum og öllum konum frá þessi námskeiði, unnið er með gamlar sem og nýjar tilfinningar og konur læra að þekkja hvað það er sem býr hið innra með þeim. Frábær fræðsla sem mun breyta lífi þínu. Námskeiðið er haldið í salarkynnum Boðunarkirkjunnar, Hlíðasmára 9. Kópavogi 3.hæð.

# Um vegtolla og lífeyrissjóðslán

Vegasamgöngur

Sigurður Gunnarsson
Skotveiðimaður



Nú eru uppi hugmyndir um fjölmargar opinberar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu með lánsfé frá lífeyrissjóðunum. Nánast engar opinberar framkvæmdir eru hins vegar fyrirhugaðar á landsbyggðinni en alls konar áform um sparnað í opinberum rekstri.

Á Seyðisfirði höfum við fengið að kenna á opinberum samdrætti síðastliðin ár og misst nokkur opinber störf þrátt fyrir ótrúlega þenslu opinbera geirans í Reykjavík á sama tíma. Hér eru heldur engar opinberar framkvæmdir á döfinni og áformað að leggja niður embætti sýslumanns og þar með nokkur störf.

Langstærstur hluti útgjalda ríkisins er á höfuðborgarsvæðinu. Eðlileg leið til að leiðrétta þennan ójöfnuð væri að verja verulegu fé til samgöngubóta á landsbyggðinni. En sú er svo sannarlega ekki raunin. Þannig fara 40% ríkisútgjalda til þjóðvega til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Nánast allar höfuðleiðir innan borgarsvæðisins, þar með talin öll mislæg gatnamót, eru nefnilega skilgreindar sem þjóðvegir. Nánast ekkert fé fer hins vegar til framkvæmda við þjóðvegi í öðrum þéttbýliskjörnum. Önnur sveitarfélög þurfa að kosta sínar vegaframkvæmdir sjálf.

Nú þegar ríkissjóður fyrirhugar alls konar stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þá væri eðlilegt að leiðrétta þetta misrétti í opinberum vegaframkvæmdum. En það er öðru nær. Nú er áformað að tvöfalda Suðurlandsveg, byggja nýja brú yfir Ölfusá og jafnvel byggja ný Hvalfjarðargöng með lánsfé frá lífeyrissjóðunum og láta vegfarendur borga kostnaðinn með vegtollum. Auk þess að vera gróf mismunun þá er þetta kjaftshögg fyrir allt það fjölskyldufólk sem flúði hátt húsnæðisverð í borginni og ekur þangað daglega til vinnu. Það hefur mátt taka á sig tvöföldun eldsneytisverðs vegna gengisfellingar og þarf nú að borga vegtoll að auki. Samanlagt eykur þetta útgjöld þessa fólks um 300-400 þúsund kr. á ári. Það þarf 500-700 þúsund kr. tekjur til að borga það. Er hugmyndin kannski að leysa vandann á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins með því að þvinga þetta fólk til að flytja til borgarinnar aftur.

Lífeyrissjóðirnir krefjast mikillar ávöxtunar og ástæðan fyrir því að ekki er fyrir löngu búið að borga upp Hvalfjarðargöng er sú að lán lífeyrissjóðanna til þeirrar framkvæmdar voru með okurvöxtum. Nú eru engir möguilegir lántakendur á almennum markaði fyrir lífeyrissjóðina á þeim vaxtakjörum sem sjóðirnir krefjast. Ónotaðir peningar hrúgast upp. Það væri hið mesta glapræði ef ríkissjóður tekur alla þessa peninga að láni til atvinnubótaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Með því mun ríkissjóður halda uppi allt of háu vaxtastigi í landinu og hindra að fyrirtæki og heimili geti tekið lán á vaxtaskilmálum sem hægt er að standa undir. Skortur á lántakendum mun lækka vexti verulega og það mun örva atvinnulíf og þar með auka atvinnu miklu meir en opinberar framkvæmdir á okurvöxtum myndu gera.

> Eðlileg leið til að leiðrétta þennan ójöfnuð væri að verja verulegu fé til samgöngubóta á landsbyggðinni.

# GÆLUDÝRAVÖRUR

## 20% AFSLÁTTUR

Gildir til 18. apríl meðan birgðir endast.



whiskas

*WHISKAS® kattamatur hentar öllum köttum!*




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

Pedigree

**Sérfræðingar kynna í Hagkaup:**

| | | |
|---|---|---|
| Skeifunni | í dag | kl. 14-18 |
| Kringlunni | föstudag | kl. 14-18 |
| Smáralind | laugardag | kl. 14-18 |
| Garðabæ | sunnudag | kl. 11-15 |



*PEDIGREE® er með bragðgóðar máltíðir fyrir hundinn þinn!*




**Vitakraft í úrvali**
fyrir nagdýr, fugla, fiska, hunda og ketti

*Mikið úrval!*

**Nammi**
fyrir hunda og ketti




*Úrval af leikföngum og aukahlutum fyrir dýrin!*

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa



NÝTT KORTA TÍMABIL

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**LEONARDO DA VINCI (1452-1519) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Eins og vel nýtt dægur færir manninum góðan nætursvefn, færa vel notaðir lífdagar honum ánægjulegan dauða.“*



**LEONARDO DA VINCI VAR ÍTALSKUR ENDURREISNARMAÐUR SEM STUNDAÐI MYNDLIST, TÓNLIST, BYGGINGARLIST, RÚMFRÆÐI, LÍFFÆRAFRÆÐI OG UPPFINNINGAR. HANN ER FRÆGUR FYRIR UPPFINNINGAR SEM HANN ALDREI SMÍÐAÐI OG MÁLVERK, EINS OG MÓNU LÍSU OG SÍÐUSTU KVÖLDMÁLTÍÐINA.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. APRÍL 1912

## Hið ósökkvandi Titanic sekkur

Breska farþegaskipið RMS Titanic sökk klukkan 2.27 að næturlagi fyrir 98 árum. Skipið var í eigu White Star-skipafélagsins og þá stærsta gufuknúna farþegaskip veraldar.

Titanic lagði upp í jómfrúrferð sína frá Southampton á Englandi 10. apríl. Þegar skipið lét úr höfn lá við árekstri við annað skip og þótti skipverjum það óheillamerki. Titanic var í námunda við Nýfundnaland þegar það sigldi utan í 150 feta borgarísjaka í blíðalogni rétt fyrir miðnætti 14. apríl. Straukst skipið meðfram jakaröndinni með þeim afleiðingum að járnplötur frá stefni og að miðju skipi flettust sundur. Tæpum þremur tímum síðar sökk Titanic með 1.517 af 2.223 farþegum.

Slysið er eitt af mannskæðustu sjóslysum sögunnar á friðartímum. Þrátt fyrir strangar reglugerðir voru of fáir björgunarbátar um borð, en alls tóku



þeir 1.178 farþega, þótt skipið rúmaði 3.547.

Fyrirfram var sagt að Titanic gæti ekki sokkið, en það var hannað af reyndustu verkfræðingum og notaði háþróuðustu tækni. „Titanic er svo búið að það getur ekki sokkið. Hingað kemst skipasmíðalistin, en ekki lengra,“ fullyrtu skipasmiðirnir. Eigendur skipsins trúðu því; skipshöfnin og farþegarnir líka.

### MERKISATBURÐIR

**1689** Lúðvík fjórtándi Frakklandskonungur lýsir yfir stríði við Spánverja.
**1785** Skálholtsskóli er lagður niður samkvæmt konungsúrskurði og ákveðið að flytja biskupssetur frá Skálholti til Reykjavíkur.
**1803** Reykjavík gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi og Rasmus Frydensberg er skipaður bæjarfógeti.
**1922** Banting, MacLeod og Best uppgötva insúlín.
**1989** 95 kremjast til bana á Sheffied-fótboltavellinum á Englandi.
**1990** Eldur kemur upp á ammoníakstanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.

### AFMÆLI



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR,** fyrrum forseti Íslands, er áttræð.



**ARI MATTHÍASSON** leikari er 46 ára.



**SKÚLI HELGASON** alþingismaður er 45 ára.



**KARL STEINAR VALSSON,** yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, er 47 ára.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Viðar Gestsson**

pípulagningameistari
Sóleyjarima 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 13. apríl 2010. Jarðarförin fer fram í Dómkirkjunni þriðjudaginn 20. apríl kl. 15.

**Halldóra Jóna Karlsdóttir**
**Valdís Viðarsdóttir**
**Gyða Viðarsdóttir** **Jón Magnús Jónsson**
**Írís Björk Viðarsdóttir** **Jóhann Friðgeir Valdimarsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,*

**Sigurbjörg Yngvadóttir**

sjúkraliði, Þrándheimi, Noregi,

varð bráðkvödd á heimili sínu mánudaginn 5. apríl. Útförin fer fram frá Rissakirkju, föstudaginn 16. apríl.

**Yngvi Gomo**
**Geir Gomo**
**Jóhanna Helgadóttir**
**Árni Yngvason**
**Ragnheiður Yngvadóttir**
**Helgi Yngvason**
**Eysteinn Þórir Yngvason**
**Ingibjörg Hulda Yngvadóttir**
**Guðmundur Bjarni Yngvason**
**Magnús Þórir Yngvason**
**Þórdís Hadda Yngvadóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

TÖLVUNARDEILD HR OG TÓNLIST.IS: VINNA SAMAN AÐ FLOKKUN LAGASMÍÐA

# Glíma við 50 þúsund laga safn

„Við vorum svo heppin að fá til okkar meistaranemann Hauk Pálmason sem verið hefur í tónlistarbransanum í sautján ár og bæði stýrt og spilað á upptökum, ásamt því að vera lengi eigandi Tónabúðarinnar. Hann er líka úrvals tölvunarfræðingur og sá nemandi sem hefur útskrifast úr Háskólanum á Akureyri með hæstu meðaleinkunn í öllum fögum nokkurn tímann, og því góður og eftirsóknarverður nemandi,“ segir dr. Björn Þór Jónsson, dósent við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, sem nýlega undirritaði samstarfssamning við D3, sem rekur tónlistarvefinn tónlist.is, um rannsóknir á flokkun laga eftir innihaldi, en með því fær háskólinn aðgang að 50 þúsund laga safni.

Björn Þór hefur á undanförnum árum stundað rannsóknir á hraðvirkri leit í stórum margmiðlunargagnagrunnum, en umrætt rannsóknarverkefni snýst um að beita þeim leitaraðferðum við flokkun á tónlist til að auðvelda notendum leit eftir efnisflokkum þegar þeir skoða tónlistarsafnið.

„Ég hóf vinnu í margmiðlunargagnagrunnum 2003, fyrst með myndir og svo myndbönd, eins og hugbúnaðinn Videntifier Forensic sem vinnur að vídeóleit með lögreglunni og skannar drif hjá kynferðisafbrotamönnum. Sú tækni er að mörgu leyti einstök og í raun hraðvirkasta leitaraðferð slíkra gagna sem þekkist í heiminum,“ segir Björn Þór sem fannst tilvalið að beita sömu tækni á hljóð þegar meistaraneminn Haukur kom til náms við skólann.

„Því ef maður ætlar að skoða skyldleikagreiningu á hljóð er gott að hafa einhvern sem þekkir tónlist vel og hugmyndin að gera eitthvað sem ekki hefur verið gert áður.“

Að sögn Björns Þórs hefur flokkun laga eftir innihaldi að mestu verið gerð handvirkt á vefnum, en mikið álag er á fólki í þeim störfum.

„Við ætlum að flokka tónlist eftir stefnu hennar, hvort hún sé popp, rokk, klassík eða annað. Hingað til hefur það verið gert með litlum gagnasettum og fremur hægvirkum aðferðum sem maður sér ekki fyrir sér að virki á 50 þúsund lög. Okkur langar því að gera þetta hraðvirkt og sjálfvirkt, með þeim hraðvirku tólum sem við eigum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að við séum að gera þetta hraðvirkara en þeir sem gera allra best í litlum, sjálfvirkum settum. Gæðin eru býsna nálægt því sem best gerist og tekur nú mínútur það sem áður tók klukkustundir og jafnvel marga daga.“

Þegar verkefninu lýkur er markmiðið að gera niðurstöðuna aðgengilega á tónlist.is.

„Þeir sem vinna við flokkun laga nota yfirleitt sett sem er þekkt og búa til flakkara sem það notar til að flokka tónlist. Hingað til hefur þetta verið gert með þekktum og óþekktum, tiltölulega litlum settum, en þarna munum við nota lítið, þekkt sett sem við treystum á móti mjög stóru setti sem er óþekkt og þar koma inn rannsóknarspurningarnar. Þarna verður því um mikla úrvinnslu að ræða til að tryggja að gæðin verði góð,“ segir Björn Þór og bætir við að HR sé sjáanlega ekki í keppni við aðra um slíka flokkun á heimsvísu.

„Samstarf tölvunarfræðinema og fyrirtækja er heilmikið. Meðal annars erum við nú í samstarfi við CCP um þróun á „góðum, vondum körlum“ og vitrænni hegðun á karakterum í leikjum, ásamt ýmsu öðru samstarfi. Fyrirtæki hafa oft flókin úrlausnarefni sem krefjast djúprar þekkingar til að leysa. Þá taka nemendur fyrir einstaka vandamál, skoða hvaða aðferðir eru til, af hverju þær virka eða ekki, og hvað þarf að þróa nýtt til að finna almenna lausn á vandanum, en eftir það tekur fyrirtækið þekkinguna inn í hugbúnað sinn. Þetta er gott fyrir iðnaðinn sem og nemendur sem fá innsýn í hann á móti.“

thordis@frettabladid.is



**LISTIR OG VÍSINDI SAMAN** Dr. Björn Þór Jónsson, deildarforseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, og Haukur Pálmason, meistaranemi í tölvunarfræði, ætla sér stóra hluti í samstarfi við tónlist.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hafnarfjörður veitti menningarstyrki

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar veitti alls 29 styrki að verðmæti 5.720.000 krónur við athöfn sem fram fór í Hafnarborg í vikunni.

Starfsstyrkir voru veittir Óperukór Hafnarfjarðar, Kvennakór Hafnarfjarðar, Kammerkór Hafnarfjarðar, Gaflarakórnum, Karlakórnum Þrestir, Kór eldri Þrasta, Kvennakór Öldutúns, Kór Flensborgarskólans, Flensborgarkórnum, Lúðrasveit Hafnarfjarðar, Sveinssafni og Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Þá voru veittir nítján verkefnastyrkir vegna ýmissa uppákoma í bænum.



**STYRKHAFAR** Alls voru veittir 29 styrkir.



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Afmælisdagskrá í tilefni af áttræðisafmæli Vigdísar verður í Háskólabíói í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fólk hvatt til að mæta

Þú siglir alltaf til sama lands er yfirskrift afmælisdagskrár í tilefni af áttræðisafmæli Vigdísar Finnbogadóttur. Hátíðardagskráin verður í Háskólabíói í dag frá 16.30 til 18 en það eru Háskóli Íslands, stjórnvöld og Reykjavíkurborg sem standa að henni.

Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands, setur dagskrána og í kjölfarið munu Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri ávarpa afmælisbarnið. Þá tekur við dagskrá í myndum, tali og tónum undir listrænni stjórn Kolbrúnar Halldórsdóttur. Dagskráin er afmælisgjöf til Vigdísar frá listamönnum og þeim samtökum sem Vigdís hefur unnið hvað mest með. Dagskránni lýkur laust fyrir klukkan 18 með ávarpi afmælisbarnsins.

Dagskráin er öllum opin og er fólk hvatt til að fjölmenna á hátíðina til að samgleðjast Vigdísi á áttræðisafmæli hennar í dag. Húsið verður opnað klukkan 15.30 og mælst er til að gestir mæti stundvíslega þar sem sent verður beint út í sjónvarpi og útvarpi frá hátíðinni. - sg



**RÆÐUKEPPNI** Frá japönsku keppninni sem haldin var fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Japönsk ræðukeppni

Sendiráð Japans, í samvinnu við Hugvísindadeild Háskóla Íslands, stendur fyrir árlegri japanskri ræðukeppni í sjöunda sinn. Keppnin verður haldin í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands, næsta laugardag, 17. apríl, klukkan 13.

Þátttakendur keppninnar eru flestir námsmenn á háskólastigi. Keppnin er opin öllum japönskumælandi einstaklingum á öllum aldri sem treysta sér til að halda um fimm mínútna ræðu á japönsku.

Til að skrá sig í keppnina er áhugasömum vinsamlegast bent á að senda tölvupóst til sendiráðs Japans á Íslandi á póstfangið japan@itn.is. - kg

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Lára Jóhannesdóttir

Ferjubakka III, Borgarhreppi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 17. apríl kl. 14.00.

**Sumarliði Páll Vilhjálmsson**
**Vilhjálmur Einar Sumarliðason** — **Hjálmfríður Jóhannsdóttir**
**Eva Ingibjörg Sumarliðadóttir**
**Jóhannes Torfi Sumarliðason** — **Anna María Sigfúsdóttir**
**Þórdís Málfríður Sumarliðadóttir** — **Jóhann Marvinsson**
**Pétur Ísleifur Sumarliðason** — **Guðrún Kristjánsdóttir**
**Ólöf Sesselja Sumarliðadóttir** — **Sigurbergur Dagfinnur Pálsson**
**Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir** — **Albert Ólafsson**
**Ágúst Páll Sumarliðason** — **Hafdís Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Fyrrverandi sambýliskona mín, elskuleg dóttir, systir, mágkona og frænka,*

## Kristín Rósa Steingrímsdóttir

frá Torfastöðum 1 Grafningi,
Kleppsvegi 108,

lést af slysförum 6. apríl 2010. Verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 17. apríl kl 11.00. Jarðsett verður að Úlfljótsvatni. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitirnar.

**Magnús Ingi Guðmundsson**
**Steingrímur Gíslasson**
**Jensína Sæunn Steingrímsdóttir** — **Ægir Stefán Hilmarsson**
**A. Jóna Steingrímsdóttir** — **Björn Magnússon**
**Árný V. Steingrímsdóttir** — **Friðgeir Jónsson**
**Gísli Steingrímsson** — **Ragnheiður Sigmarsdóttir**
**Birgir Árdal Gíslason** — **Margrét Jónsdóttir**
**Sigurður Þór Steingrímsson** — **Guðbjörg Bergsveinsdóttir**
**Bergur G. Guðmundsson** — **Sigrún Óskarsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Bjargar Hafsteins

Dalbraut 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahlynningar Landspítalans fyrir einstaka umönnun, umhyggju og vináttu.

**Eyjólfur Eðvaldsson** — **Heba Hallsdóttir**
**Aldís E. Eðvaldsdóttir** — **Þórir Arngrímsson**
**Eðvald A. Eðvaldsson** — **Guðrún H. Þórsdóttir**
**Björgvin Eðvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

## Alda Þórarinsdóttir

frá Norðfirði,
Drekavogi 4, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 11E föstudaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju 21. apríl kl. 15.00.

**Kópur Z. Kjartansson**
**Ægir Kópsson** — **Margrét Karlsdóttir**
**Kolbrún Kópsdóttir** — **Guðjón Magnússon**
**Þórarinn Kópsson** — **Edda Maggý Rafnsdóttir**
**Kjartan Kópsson** — **Birna G. Sigurðardóttir**
**og ömmubörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, bróður og mágs,*

## Jóhanns Eyþórssonar

Lækjarbergi 4, Hafnarfirði.

Guð blessi ykkur öll.

**Valdís Þorkelsdóttir**
**Anna Jóhannsdóttir** — **Jón Örn Brynjarsson**
**Eyþór Kristinn Jóhannsson**
**Kristín Þórey Eyþórsdóttir** — **Gísli Þorláksson**
**barnabörn og frændsystkini.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda vináttu, hlýhug og ómetanlegan stuðning í verki við veikindi, andlát og útför eiginkonu minnar, móður, dóttur, systur og tengdadóttur,*

## Elísabetar Sigurðardóttur

lögfræðings, Asparási 4, Garðabæ.

**Gestur Páll Júlíusson**
**Júlíus**
**Tara Mist**
**Mikael**
**Guðríður Einarsdóttir** — **Sigurður Sigurðsson**
**Svala Rún Sigurðardóttir** — **Ármann Höskuldsson**
**Egill Ragnar Sigurðsson**
**Rannveig Guðnadóttir, Júlíus Gestsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

## Laufey Jeremíasdóttir

Árnatúni 6, Stykkishólmi,

lést á St. Franciskusspítalanum Stykkishólmi laugardaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 17. apríl kl. 14.00.

**Fyrir hönd ættingja,**

**Stefán Björgvinsson**
**Stefanía Stefánsdóttir** — **Benedikt Kristjánsson**
**Sigurður Stefánsson** — **Guðrún Rut Danelíusdóttir**
**Bryndís Stefánsdóttir** — **Hannes Páll Þórðarson**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Henning Kr. Kjartansson,

Aðalgötu 5, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, fimmtudaginn 8. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 16. apríl kl. 14.00.

**Jónína Ingólfsdóttir**
**Inga María Henningsdóttir** — **Ólafur Sigurjónsson**
**Bjarney Sigríður Snævarsdóttir** — **Bjarni Friðrik Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir minn, sonur, fóstri, bróðir og afi,*

## Þorsteinn Jónsson

frá Laufási í Vestmannaeyjum,

varð bráðkvaddur föstudaginn 9. apríl 2010. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Anna Þorsteinsdóttir.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Vilhelmína S. Jónsdóttir

Arnarhrauni 5, Hafnarfirði,

andaðist sunnudaginn 11. apríl á Hrafnistu, Hafnarfirði. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórarinn Smári Steingrímsson** — **Elínbjörg Stefánsdóttir**
**Jónína Steiney Steingrímsdóttir** — **Helgi Ívarsson**
**Anna Pálsdóttir** — **Ólafur Ingi Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# Fimmtán mínútur af frægð

BAKÞANKAR
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur



Stóra stundin rann upp í vikunni. Nokkur þúsund síðna skýrsla kom út og skýrði hvernig Ísland datt úr því hlutverki að vera „upprennandi stjarna“ og „bjartasta vonin“ á heimsvísu í það að mega í besta falli teljast „one hit wonder“. Að vísu getum við huggað okkur við það að eiga fleiri slagara en flestir listamenn sem fengu andann yfir sig í eitt skipti og svo búið. Munurinn á okkur og þeim hagleiksmönnum er að enginn ber kala til Los del Río sem slógu í gegn árið 1995 með Macarena eða Right Said Fred sem sagðist vera allt of sexí.

**ÞJÓÐIR** sem áður dáðust að fallegu konunum og sterku karlmönnunum hrista í besta falli hausinn yfir okkur í dag eða finna þá til mun sterkari einkenna eins og Skotar sem segjast framkalla ofnæmisviðbrögð þegar minnst er á Ísland. Mér sýndist leigubílstjórinn danski sem keyrði mig út á Kastrup hér um árið reyndar líka fá grænar bólur þegar ég sagðist vera frá Íslandi, og það var meira að segja nokkru fyrir hrun.

**TILFINNINGIN** að vera Íslendingur í dag og til að mynda fyrir nákvæmlega tuttugu árum er mjög ólík því sem var. Við vorum rétt handan við hornið að allur heimurinn sæi hvað við værum frábær. Þannig gat maður flaggað Hólmfríði Karlsdóttur og öllum laglegu vinkonum hennar sem unnu fegurðarsamkeppnir 9. áratugarins fyrir Íslands hönd og ef það var ekki nóg var hægt að hrista vöðvabúntin fram úr erminni. Í Þýskalandi gat maður slegið um sig með að vera Íslendingur þar sem allir þekktu og elskuðu Heklu og náttúruundrin okkar. Já, hrunið skyggir meira að segja á klassísku undrin, eldfjöllin og Íslendingasögurnar.

**Í DAG** virðist þetta allt tilheyra fortíðinni. Enginn fellur í stafi, eða setur upp undrunarsvip og spyr hvernig við förum eiginlega að því að vera svona frábær. Sem gefur okkur ekki lengur tækifæri til að segja að það sé vatnið, genin eða harðbýlið í aldanna rás sem gerði okkur svona. Nú er spurt af hverju við séum svona miklir fávitar og hvernig okkur datt þetta eiginlega í hug. Við vörumst að eigna okkur hlutdeild í hruninu með því að benda á mengað vatn, veruleikafirrt gen víkinga eða dreifbýlisminnimáttarkennd. Það eru ekki allir, heldur fáir útvaldir sem eiga sökina. Og orsökin er ekkert tengd fornum gildum okkar Íslendinga – heldur vildu þeir verða eins og gæjarnir í útlöndum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





APRÍL
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR
VÍRUS VÖRN
INTERNET SECURITY 2010 VÍRUSVÖRN
4.990
HVERGI BETRA VERÐ
2GB
2GB COBY MP200 MP3 SPILARI
4.990
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
1.5TB
1.5TB WESTERN DIGITAL SATA2 DISKUR 64MB
19.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**!**

**ath. kl. 21**

*Í kvöld lýkur tónleikaröð sem Jón Páll Bjarnason gítarleikari leiðir. Eru það þriðju tónleikarnir í röðinni en efnisskrána hefur Jón valið. Allir tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða hverjir tónleikar tvískiptir, tríó fyrir hlé og kvartett eftir hlé. Ásamt Jóni Páli koma fram bassaleikarinn Valdimar K. Sigurjónsson og trommuleikarinn Matthías Hemstock.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Hver er framtíð myndlistarinnar?

Hinn 19. apríl 2010 er áratugur liðinn frá því að Listasafn Reykjavíkur var opnað í Hafnarhúsinu. Af því tilefni er efnt til myndlistarþings með þátttöku á annað hundrað aðila komandi laugardag.

Hluti þátttakenda er valinn fyrirfram en Listasafnið leggur ríka áherslu á að ná fram ólíkum sjónarmiðum og óskar því góðfúslega eftir þátttöku utanaðkomandi sem láta sig málefnið varða.

Á meðan málþingið fer fram stendur fjölskyldufólki til boða að taka þátt í listasmiðju þar sem unnið verður með viðfangsefni í anda Errós. Boðið verður upp á léttar veitingar í smiðjunni, eða frá kl. 13-16.

Á málþingið boðar Listasafn Reykjavíkur safnafólk, listfræðinga, stjórnmála- og embættismenn, sem vinna saman í hópum.



**MYNDLIST** Tveir áratugir eru liðnir síðan Listasafn Reykjavíkur opnaði höfuðstöðvar sínar í Hafnarhúsinu við Miðbakkann. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

Þátttakendum er ætlað að ræða málefni er varða stöðu myndlistar á Íslandi, m.a. söfn, sýningarrými, stofnanalegt umhverfi og aðstöðu og hagsmunamál myndlistarmanna. Þingmönnum er ætlað að fara yfir þróunina síðasta áratuginn, ræða núverandi stöðu og velta fyrir sér framtíðarhorfum. Áður en þingið sjálft hefst mun Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, ávarpa þátttakendur og Jón Proppé listheimspekingur flytja inngangsorð. Í lok þingsins verður dregin saman niðurstaða allra vinnuhópanna.

Áhugasamir geta sent inn nafn, símanúmer og núverandi starfsvettvang í netfangið sirra.sigurdardottir@reykjavik.is eða hringt í síma 590-1200.

Þingið fer fram í A-sal Hafnarhússins en meðan á því stendur verður starfrækt Errósmiðja í fjölnotasalnum undir stjórn Bergsveins Þórssonar. Hinir eftirsóttu risakubbar Errós verða á gólfinu en úr þeim má raða saman listaverkum eftir Erró eða leika sér eins og hugmyndaflugið leyfir. Boðið verður upp á léttar afmælisveitingar á meðan á smiðjunni er opin. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

07.04.10 - 13.04.10



**1** Rannsóknarskýrsla Alþingis
Rannsóknarnefnd Alþingis



**2** Hafmeyjan - kilja
Camilla Läckberg



**3** Hvarfið - kilja
Johan Theorin



**4** Land draumanna - kilja
Vidar Sundstøl



**5** Nemesis - kilja
Jo Nesbø



**6** Hvorki meira né minna - Fanney R. Elínardóttir/María Elínardóttir



**7** Góða nótt, yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson



**8** Póstkortamorðin - kilja
L. Marklund/J. Patterson



**9** Svörtuloft - kilja
Arnaldur Indriðason



**10** Orðabókin um slangur
Endurútgefin

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Farsinn bitinn í rassinn

Leikhús ★★★★

**Dúfurnar eftir David Gieselman**

**Þýðing:** Hafliði Arngrímsson. Leikarar: Halldóra Geirharðsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Jörundur Ragnarsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Halldór Gylfason, Sigurður Sigurjónsson. Leikmynd/búningar: Ilmur Stefánsdóttir. Lýsing: Þórður Orri Pétursson. Tónlist: Vilhelm Anton Jónsson. Leikstjórn: Kristín Eysteinsdóttir.



**LEIKLIST** Leikhópurinn í Dúfunum fær jákvæða umsögn Elísabetar Brekkan. MYND LR/GRÍMUR BJARNASON

Það er víst óhætt að segja að leikgleðin hafi ráðið ríkjum á Nýja sviði Borgarleikhússins á laugardagskvöldið þegar sálfræðingurinn Asendorf og allir hans sjúklingar hringsnerust inn og út úr sínum eigin persónum. Farsinn gælir við absúrdismann, auk þess að ekki er laust við að Woody Allen sé einhvers staðar nálægur í verki Davids Gieselmans, Dúfurnar, sem Hafliði Arngrímsson sneri yfir á íslensku. David Gieselman er úr hópi ungra leikskálda í Þýskalandi sem hefur náð frama á undanförnum árum. Leikrit hans Herra Kolbert var flutt hjá Leikfélagi Akureyrar árið 2006. Höfundurinn er fæddur 1972.

Stíll verksins er allsérstakur þar sem mörg atriði skarast og hægt að flækjast um í mismunandi umhverfi með því einu að snúa sér eða svara síðustu persónu. Svolítið eins og Czerny-æfingar fyrir píanó.

Hér er hópur af fólki sem á það sameiginlegt að vera á einhvern hátt tengt forstjóranum, Robert Bertrand. Í stóru rými, sem er jafnt heimili Bertrands, vinnustaður, veitingastaður og ekki síst móttaka sálfræðingsins, eru allar þessar persónur nærverandi allan tímann og með nefið oní hvers manns koppi.

Holgeir Voss, sem er undirmaður Roberts og jafnframt trúnaðarvinur, er leikinn af Halldóri Gylfasyni og eins og svo oft áður tekst honum að rúlla upp salnum með leik sínum, einkum í grátbroslegu sambandi sínu við sálfræðinginn siðlausa og minnislausa sem Sigurður Sigurjónsson leikur snilldarlega.

Robert Bertrand hvíslar því að vinnufélaga sínum Voss að hann hyggist láta sig hverfa von bráðar. Þetta veldur Voss miklum áhyggjum, fyrir utan að hann er með áhyggjur af geðheilsu konu sinnar auk þess sem hann verður fyrir stanslausu einelti á vinnustað sínum. Hilmir Snær Guðnason fer með hlutverk Roberts Bertrand og meints hálfbróður hans Francois. Hilmir Snær hvílir vel í þessum vingjarnlega karakter sem Robert er. Það er engin eiginleg aðalpersóna því líklega er hægt að mæla í sentimetrum að hver persóna hafi úr jafnmiklum texta að moða.

Halldóra Geirharðsdóttir fer með hlutverk eiginkonunnar sem á sér þann draum æðstan að komast í eitt skipti fyrir öll til Ítalíu. Halldóra sveik engan í söng sínum og túlkun á þessari léttdekruðu yfirstéttarkonu sem mátti ekki vamm sitt vita. Samspil hennar og sonarins var einkar skemmtilegt en sonur þeirra hjóna var eins og verða vill í nútímanum, risabarn sem býr heima og þau skýrðu Helmar. Jörundur Ragnarsson túlkar þennan eilífðarkrakka með skýrum ýkjum í limaburði og fettum fyrir svo utan að búningurinn var til þess að undirstrika karakterinn. Allar persónurnar eiga sitt lag, teygja sig á einhverjum tímapunkti eftir míkrafóni og bresta út í söng sem lýsir sálarástandi þeirra. Þessi söngatriði voru fyndin. Vilhelm Anton Jónsson sat með rafmagnsgítar eins og uppstilltur á hillu í hægra horninu og var viðstaddur og þátttakandi allan tímann.

Persónurnar birtust okkur fyrst með því að raða sér inn í leikmyndina eftir að vera búnar að þramma í takt niður eftir salnum. Leikurinn stílfærður. Leikmyndin þjónaði verkinu og verkið þjónaði myndinni. Bekkir voru borð og samtímis hjónarúm eða afgreiðsluborð.

Unnur Ösp Stefánsdóttir leikur stúlkuna Heidrun sem eins Libgart Reichert nærist á einelti. Hún var eins og létt fjöður þegar hún datt um koll. Öll nálgun hennar minnir á dans. Elma Lísa Gunnarsdóttir sem fer með hlutverk Nataliu, eiginkonu þess sem lagður er í einelti, og ástkona sálfræðingsins skiptir nánast um ham þegar ósjálfráð reiðiköst brjótast fram. Flink leikkona. Nína Dögg Filippusdóttir fer með hlutverk Imke, af hollenskum uppruna, sem rænir Bertrand sparifé sínu. Hennar glettilegu svipbrigði og notkun augnanna í leiknum var heillandi og fyndin.

Markmið höfundar virðist fyrst og fremst vera að fá áhorfendur til þess að hlæja og hlæja að eigin tilgangsleysi, þar til það er ekki hægt að hlæja lengur þar sem endurtekningarnar eru orðnar of margar. Leikstjórinn Kristín Eysteinsdóttir vinnur mjög smekklega vinnu í smart lýstri leikmynd en hefði mátt þétta sýninguna og jafnvel stytta með því t.d. að henda nokkrum sálfræðisamtölum út eða atriðum sem voru tvítekin. Sé þetta tilraun í því að drepa farsann eða sýna fram á að hann hafi ei lengur neitt hlutverk, þá held ég að það hafi nú ekki tekist, en þeim tókst að skapa skemmtilega sýningu.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Skemmtileg sýning í sérstöku formi.

# Tvö ólík kórverk flutt

Vortónleikar Vox academica verða haldnir að þessu sinni í Langholtskirkju annað kvöld kl. 20. Á dagskránni eru tvö stórvirki kórbókmenntanna: Sálumessan eftir W.A. Mozart og Jauchzet Gott in allen Landen eftir J. S. Bach. Með kórnum verður stórskotalið einsöngvara: Þóra Einarsdóttir sópran, Ingunn Ósk Sturludóttir alt, Gissur Páll Gissurarson tenór og Kristinn Sigmundsson bassi. Undirleikur er í höndum Jón Leifs camerata og stjórnandinn er að vanda Hákon Leifsson.

Requiem, eða Sálumessan, er eitt magnaðasta kórverk tónbókmenntanna og vekur síst minni hrifningu nú en fyrir ríflega tveimur og hálfri öld, þegar það var sett á blað. Verkið samdi Mozart samkvæmt pöntun og fékk greiðslur fyrir. Honum entist hins vegar ekki aldur til að ljúka því. Nokkrir nemendur hans og kunningjar hafa verið nefndir til sögunnar í tengslum við frágang Requiem, en sá sem stærstan hlut átti þar að máli var Süßmayr. Fyrstu brot úr verkinu voru flutt við minningarathöfn um Mozart 10. desember 1791.

Jauchzet Gott in allen Landen BWV 51 er kantata í fimm hlutum eftir J. S. Bach. Snilli Bachs ætti að vera flestum kunn og er þetta verk gjarnan valið til flutnings við brúðkaup. Hér verður það túlkað af Þóru Einarsdóttur, ásamt undirleikurum úr Jón Leifs Camerata.

**pbb@frettabladid.is**



**TÓNLIST** Þóra Einarsdóttir er í stóru hlutverki á tónleikum Vox academica annað kvöld. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

# NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

## Dömu & herrafatnaður

Bolir
Skyrtur
Buxur
Kvartbuxur
Zip/off buxur
Stretchbuxur
Isotex buxur
Isotex jakkar
Flíspeysur
Softshell jakkar
Ofl. ofl.

DARE 2b

CRAGHOPPERS

Regatta GREAT OUTDOORS™

NÝTT KORTATÍMABIL

## OKKAR VERÐ

**Sérverð á nýjum barnafatnaði og völdum vörum á dömur & herra**

**Barnafatnaður**
bolir 1.495,-
flíspeysur 1.990,-
softshell peysur 4.490,-
kvartbuxur 2.990,-
zip-off buxur 2.995,-
regnbuxur 1.490,-
regnjakkar 4.750,-
isotex buxur 2.490,-
isotex jakkar 3.990,-
flís undirfatasett 2.990,-
skór 4.995,-

**Dömu & herra**
flís undirfatasett 2.990,-
hydroterm bolur 2.990,-
hydroterm buxur 2.990,-
skór 5.745,- til 14.995,-
anvil bolir 1.490,-
anvil peysur 3.990,-
anvil hettupeysur 3.990,-
sokkar 1.490,- til 1.990,-
legghlífar 2.990,-
bakpokar 3.745,- til 13.995,-
smávara ofl.

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT

15 ÁRA

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.



LCD SOUNDSYSTEM



BROKEN SOCIAL SCENE

## > Í SPILARANUM

**LCD Soundsystem** - This is Happening
Trans Am - Thing
Black Francis - Nonstoperotik
**Nada Surf - If I Had a Hi-Fi**
**Broken Social Scene** - Forgiveness Rock Record

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Þrýst á nýja plötu frá Blur

Yfirmaður plötufyrirtækis hljómsveitarinnar Blur segir að hann vilji að sveitin hljóðriti nýja plötu. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá gefur Blur út smáskífu um helgina, það er fyrsta nýja stöffið frá bandinu í sjö ár. Þá er þetta fyrsta nýja efnið sem Blur hljóðritar með gítarleikaranum Graham Coxon síðan 1999.

Miles Leonard, forstjóri Parlophone Records, sagði í viðtali við BBC 6 að hann vonaðist til að nýja útgáfan hvetti Blur-strákana til að taka upp nýja plötu. „Akkúrat núna erum við bara hæstánægð með að þeir hafi viljað taka upp þessa smáskífu. Hver veit hvað gerist í framtíðinni, það veltur kannski á viðtökunum sem þetta lag fær,“ sagði Leonard. „Ég vona bara, eftir að hafa heyrt nýja efnið, að hljómsveitin telji sig eiga meira inni. Við hjá plötufyrirtækinu teljum það svo sannarlega og ég efast ekki um að aðdáendurnir eru sammála því.“

Og þar með hefur pressa verið sett á Damon, Graham, Dave og Alex. Sjáum hvað setur.



**VELHEPPNUÐ ENDURKOMA** Damon Albarn á endurkomutónleikum Blur í fyrrasumar. Sveitin sendir frá sér smáskífu um helgina og plötufyrirtæki hennar vill fá stóra plötu í kjölfarið.

# Blondie túrar

**Nú er allt í gangi hjá hljómsveitinni Blondie. Meðlimir sveitarinnar hafa tilkynnt um tónleikaferðalag um Bretland í júní í sumar. Í sama mánuði lítur ný plata sveitarinnar dagsins ljós. Nýja platan á að heita Panic of Girls og verður spennandi að heyra útkomuna hjá Debbie Harry og félögum.**



**DEBBIE HARRY** Blondie er orðið 30 ára gamalt band.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Sumir batna með aldrinum*

The Jam var eitt af stóru nöfnunum í breska pönkinu. Plötur eins og In the City, All Mod Cons og Setting Sons voru á meðal þess besta sem þaðan kom og standa vel fyrir sínu enn í dag. Aðalsprauta Jam var Paul Weller. Hann hafði áhuga á fleiri tegundum tónlistar og leysti sveitina upp árið 1982 til að stofna soul-popp bandið Style Council. Ég verð að viðurkenna að þar missti ég áhugann og hætti að fylgjast með honum.

Fyrir tveimur árum heyrði ég hins vegar sólóplötuna hans 22 Dreams. Snilldarplata sem sýndi að enn var kraftur í karlinum. Árið sem fylgdi útkomu hannar var viðburðaríkt ár hjá Weller. 22 Dreams fékk mjög góðar viðtökur (var meðal annars valin plata ársins á verðlaunahátíð tímaritsins Mojo) og tónleikaferð fylgdi. Weller varð fimmtugur í maí 2008 og þegar hann yfirgaf eiginkonuna og flutti inn til einnar af bakraddasöngkonunum fóru menn að tala um gráa fiðringinn. Pabbi Wellers, sem lengst af var einnig umboðsmaðurinn hans, lést svo um mitt ár 2009 sem fékk mikið á Weller.

Eftir öll ósköpin í einkalífinu vissu aðdáendur ekki alveg við hverju væri að búast næst. En hvað tónlistina varðar var greinilega engin ástæða til að hafa áhyggjur. Í vikunni kom út ný Weller-plata, Wake Up the Nation og hún veldur ekki vonbrigðum. Hún er fjölbreytt og full af flottum lögum eins og 22 Dreams, en töluvert harðari og kraftmeiri. Þessi miðaldra pönkari virðist ætla að eldast sérstaklega vel. Á meðal hljóðfæraleikara á plötunni eru Kevin Shields úr My Bloody Valentine og gamli Jam-bassaleikarinn Bruce Foxton sem sýnir gamalkunna takta, en hann hafði ekki spilað með Weller síðan Jam hvarf af sjónarsviðinu.



**PAUL WELLER** Gamli Jam-bassaleikarinn Bruce Foxton spilar með honum á nýju plötunni.

# Demantsaugu Deftones

**Hljómsveitin Deftones sendir í maí frá sér plötuna Diamond Eyes. Platan kemur út í skugga hræðilegs bílslyss sem bassaleikari hljómsveitarinnar lenti í fyrir tveimur árum.**

Diamond Eyes er sjötta hljóðversskífa Deftones og kemur út 4. maí næstkomandi. Platan er unnin ásamt bassaleikaranum Sergio Vega sem gekk til liðs við hljómsveitina eftir að bassaleikarinn Chi Cheng lenti í hörmulegu bílslysi 4. nóvember árið 2008. Cheng er við litla meðvitund í dag, en hann hlaut varanlegan heilaskaða í slysinu og óvíst er hvort hann kemst nokkurn tíma til fullrar meðvitundar.

Deftones var langt komin með plötuna Eros þegar Cheng slasaðist og átti hún að koma út árið 2009. Hljómsveitin ákvað að fresta útgáfu plötunnar um óákveðinn tíma þar sem meðlimirnir voru ekki lengur á sama stað og hún í tónlistinni. Þeir vísuðu því á bug að ástand Chengs hefði nokkuð að gera með frestun plötunnar. Þar með hófst vinna við Diamond Eyes.

Nýja platan fylgir eftir hinni frábæru Saturday Night Wrist sem kom út árið 2006. Ólíkt flestum fyrri plötum hljómsveitarinnar vildi söngvarinn Chino Moreno flytja jákvæðan boðskap á Diamond Eyes. „Mér finnst ekki skemmtilegt að hlusta á vandamál fólks. Mér finnst tónlist skemmtileg,“ sagði Moreno í viðtali við tónlistartímaritið Spin. „Tónlist hefur verið kæfð í kvörtunum frá því snemma á tíunda áratugnum. Það er orðið þreytt. Ég ákvað að byrja að hlusta á „instrumental“-tónlist í staðinn fyrir að fara algjörlega í öfuga átt og hlusta á tónlist Black Eyed Peas – sem er einfaldlega asnaleg. Ég syng lítið um sjálfan mig á þessari plötu. Ég elska lög sem gera mér kleift að komast hjá því að vera manneskja og leyfa mér að syngja um skrýtna hluti sem tengjast mér ekkert endilega persónulega. Textarnir eiga að mála mynd, þannig texta ólst ég upp við.“

Tónlistarvefurinn Sputnik Music hefur þegar birt dóm um Diamond Eyes og sparar ekki lofið. Platan fær fimm af fimm mögulegum og blaðamaðurinn Nick Greer segir síðustu tvær plötur blikna í samanburði. „Ég hélt að Deftones hefði fullkomnað nýjan hljóm á Saturday Night Wrist þangað til ég heyrði Diamond Eyes,“ segir Greer í dómnum. „Platan fer ekki aðeins hærra í draumkenndu himinhvolfi hljómsveitarinnar, heldur sameinar hún snilldarlega fagurfræðina, frumleikann og hljóminn sem gerði plötuna White Pony svo frábæra. … Ég segi í fullri hreinskilni að Diamond Eyes sé besta plata Deftones til þessa.“

atlifannar@frettablaðið.is



**MÆTTIR AFTUR** Deftones sendi síðast frá sér plötu fyrir fjórum árum, en er nú mætt aftur með Diamond Eyes.

## PLÖTUR DEFTONES

1995 - Adrenaline
1997 - Around the Fur
2000 - White Pony
2003 - Deftones
2006 - Saturday Night Wrist
2010 - Diamond Eyes























# Hátíðardagur í plötubúðum

Alþjóðlegur dagur plötubúðarinnar verður haldinn hátíðlegur á laugardaginn, þriðja árið í röð. Hugmyndin með þessum degi er að fagna þeirri menningu sem fylgir litlum óháðum plötubúðum sem allir tónlistaráhugamenn elska. Hnignun í sölu á tónlist spilar þó væntanlega mikið inn í að farið var af stað með þennan dag til að byrja með.

„Þessi dagur snýst um þennan félagslega þátt, að fara inn í plötubúð, spjalla við afgreiðslumanninn, heyra eitthvað nýtt og hitta fólk,“ segir Ingvar Geirsson sem rekur Lucky Records á Hverfisgötu. Ingvar er að ganga frá tónleikadagskrá í búð sinni á laugardaginn. „Ég verð með Weapons klukkan fjögur og svo getur fólk séð dagskrána á Facebook-síðu búðarinnar,“ segir hann. Ingvar segir að opið verði til 22 þennan dag og 20 prósenta afsláttur verði af öllu í búðinni.

Í Havarí verða tónleikar með Sóleyju úr Seabear sem er að gefa út fyrstu sólóplötu sína, kaffi og veitingar og margt fleira. Þá verða pallborðsumræður þar sem umræðuefnið er *Hvað er plötubúð í dag?* Hjá Smekkleysu plötubúð og 12 Tónum hafði í gær ekki verið tekin nein ákvörðun um dagskrá í tilefni dagsins.

Smá líf hefur færst í litlu plötubúðirnar í miðborg Reykjavíkur undanfarið, til dæmis með auknum vínylháhuga landsmanna. Ingvar hefur rekið Lucky Records á Hverfisgötu í hálft ár og hefur fengið hrós fyrir gott vöruúrval. Ingvar segir að það hafi gengið bærilega. „Það eru margir sem fatta ekki að maður er hérna, en svo kemur fullt af nýju fólki inn. Það er einhver þróun í þessu.“

- hdm



**PLÖTUBÚÐAMENNINGU FAGNAÐ** Ingvar Geirsson í Lucky Records heldur upp á Alþjóðlegan dag plötubúðarinnar á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

10 daga rýmingarsala
**NÝTT KORTATÍMABIL**

# Vorútsala

## Allt að 70%

afsláttur af völdum vörum

Fullt af nýjum vörum í öllum deildum

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Nýtt korta-tímabil

# ENN MEIRI LÆKKUN!

ÚTSÖLUMARKAÐUR
HLÍÐASMÁRA 14

Buxur
1.000,-

Jakkar
2.000,-

Bolir/Toppar
1.000,-

Kjólar
2.000,-

Peysur
1.500,-

Fylgihlutir
500,-




next

Hlíðasmári 14 - Kópavogur
Opið 12 - 18 alla daga




**> HÖRKU HASARATRIÐI**

Kvikmyndatímaritið Empire birti á vefsíðu sinni stutta mynd um hasaratriðin í Prince of Persia sem **Gísli Örn Garðarsson** leikur í. Íslenska leikaranum bregður stuttlega fyrir en óhætt er hægt að lofa að aðdáendur hopp- og áhættuatriða fá sitthvað fyrir sinn snúð í þessari mynd.



**bíó**

bio@frettabladid.is

## Bíódagar að hefjast

Hinir árlegu bíódagar Græna ljóssins hefjast 16. apríl í Regnboganum. 24 kvikmyndir frá öllum heimshornum verða sýndar. Meðal kvikmynda hátíðarinnar má nefna Crazy Heart, myndina sem Jeff Bridges fékk Óskarsverðlaun fyrir, og svo Hvíta bandið eftir Michael Haneke en hún hefur vakið feikilega mikla athygli og var meðal annars tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna. Allar nánari upplýsingar er hægt að finna á vefsíðunni graenaljosid.is.



# Stjörnuskin í Hollywood

**Þótt tæplega sjö þúsund kílómetrar séu á milli Reykjavíkur og Los Angeles er ekki óalgengt að íslenskir leikarar og listamenn ferðist þá vegalengd til að leika í Hollywood-kvikmyndum.**



**Á SLÓÐ STJARNANNA** **Gísli Örn Garðarsson**, **Anita Briem** og **Ingvar E. Sigurðsson** hafa haldið uppi nafni Íslands á hvíta tjaldinu í Hollywood. Peter Ronson, Gunnar Hansen og Anna Björns höfðu þó fetað þessa slóð ásamt Maríu Ellingsen.

Nýjasta dæmið verður frumsýnt núna um helgina þegar kvikmyndin The Spy Next Door verður tekin til sýningar en í henni leikur Magnús Scheving aðalþrjótinn sem reynir að gera Jackie Chan lífið leitt. Flestir Íslendingar þekkja til afreka Anitu Briem sem lék meðal annars aðalhlutverkið í Journey 3-D á móti stórstirninu Brendan Fraser. Ekki má heldur gleyma hlutverki Ingvars E. Sigurðssonar í K-19 þar sem íslenski leikarinn fór á kostum í kringum Harrison Ford og Liam Neeson. Hann var síðar prófaður fyrir hlutverk munksins Silas í The Da Vinci Code. Flestum ætti síðan að vera kunnugt um hvað Gísli Örn Garðarsson er að gera í Prince of Persia.

Samkvæmt lauslegri athugun Fréttablaðsins er Pétur Rögnvaldsson, sem síðar kallaði sig Peter Ronson, hins vegar fyrsta íslenska Hollywood-stjarnan. Pétur lék leiðsögumanninn Hans Belker í Journey to the Center of Earth sem gerð var árið 1959 með þeim Pat Boone og stórleikaranum James Mason í aðalhlutverkum. Mason hafði nýlokið við að leika í North By Northwest eftir Alfred Hitchcock og vakti nærvera Péturs mikla athygli í íslenskum fjölmiðlum.

Gunnar Hansen skaut íslensku þjóðinni aftur upp á stjörnuhimininn þegar hann slátraði bandarískum ungmennum í The Texas Chain Saw Massacre árið 1974. Í gagnrýni um myndina í Morgunblaðinu kom í ljós að Íslendinga þyrsti í að sjá fleiri landa sína slá í gegn í Hollywood en kannski ekki á þessum vettvangi: „Og þar sem Íslendingar eru svo ári sjaldséðir á hvíta tjaldinu þá hefði maður kannski óskað að sjá Gunnar í ögn geðslegra hlutverki.“

Anna Björns, sem lék hina kjaftforu Heklu í Með allt á hreinu, var fyrst íslenskra kvenna til ná einhverjum frama í kvikmyndaborginni. Anna lék fyrst og fremst í bandarískum sjónvarpsþáttum, þar á meðal Remington Steel með Pierce Brosnan í aðalhlutverki. En það var kvikmyndin Get Crazy frá árinu 1983 sem vakti hvað mestu athyglina hér á landi en þá lék hún á móti Malcolm McDowell og Lou Reed.

María Ellingsen fetaði síðan í fótspor Önnu með leik sínum í sápuóperunni Santa Barbara. Stjarna Maríu reis þó hæst þegar hún stjórnaði íslensku tuddunum í Mighty Ducks á móti Emilio Estevez. - fgg


Lærum með Múmínálfunum

Litríkar og bráðskemmtilegar nýjar harðspjaldabækur fyrir yngstu lesendurna.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Kaffidagar

byggtogbúið

## ALLAR KAFFIVÖRUR Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

**Allt á afslætti en aðeins í nokkra daga.**

**Kaffivörur:** Kaffivélar, kaffikerfi, espressovélar, kaffikvarnir, pressukönnur, espressokönnur, kaffibox, kaffikönnur, hitabrúsar, flóunarkönnur og margt fleira.

**Vörumerki:** Saeco, Francis Francis, Braun, Tristar, Thermos, Lattemento, Norpro, Philips, AEG, Bosch, Severin og Solis.

NÝTT KORTATÍMABIL

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggt.og.buid




> Í SJÓNVARPIÐ Á NÝ

Eiginkona og dóttir rokkarans Ozzy Osbourne, Sharon og **Kelly,** standa í viðræðum við sjónvarpsstöðina Oxygen um nýjan lífsstílsþátt. Þar munu mæðgurnar taka aðrar mæðgur í útlitsyfirhalningu. Nokkuð víst er að þátturinn verði líflegur því Kelly og Sharon eru þekktar fyrir að liggja ekki á sínum skoðunum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Tekur drottningu fram yfir Vigdísi

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, verður ekki viðstaddur afmælishátíð Vigdísar Finnbogadóttur sem fram fer í Háskólabíói í dag og verður sýnd í beinni útsendingu á RÚV. Hann ásamt konu sinni, Dorrit Moussaieff, var búinn að lofa sér í tveggja daga afmælisveislu til heiðurs Margréti Þórhildi Danadrottningu sem verður sjötug á föstudaginn. Ólafur og Vigdís eru einu forsetar íslenska lýðveldisins sem enn eru á lífi en þess verður jafnframt minnst að þrjátíu ár verða liðin síðan Íslendingar kusu, fyrstir allra þjóða, konu sem forseta í lýðræðislegum kosningum.

Örnólfur Thorsson forsetaritari segir að árálöng hefð sé fyrir því að norrænir þjóðhöfðingjar sæki svona boð eins og afmæli Margrétar Þórhildar. „Afmælisboð Margrétar kom fyrir hálfu ári síðan og það var ákveðið að taka því,“ útskýrir Örnólfur og bætir við að svipað hafi verið upp á teningnum fyrir tíu árum. Þá fagnaði danska þjóðin sextugsafmæli Margrétar með glæsibrag um leið og Íslendingar héldu upp á sjötugsafmæli Vigdísar. „Honum þykir þetta hins vegar afar leitt að nú, eins og fyrir tíu árum, skuli afmæli þessara tveggja leiðtoga rekast á en við því er ekkert að gera,“ segir Örnólfur. - fgg



**DANADROTTNING VALIN** Forsetinn og eiginkona hans ætla að vera í danskri afmælisveislu á meðan Vigdís Finnbogadóttir fagnar áttræðisafmæli sínu í Háskólabíói.

# Þunglyndur grínari

**Tímaritið Star Magazine heldur því fram að samband leikarans Jims Carrey og Jenny McCarthy hafi farið í vaskinn vegna þess að Carrey neitaði að taka geðlyfin sín. Carrey viðurkenndi árið 2004 að hann glímdi við þunglyndi og tæki lyfið Prozac til að halda sér í jafnvægi.**



JIM CARREY

**„Þetta var orðinn mikill tilfinningalegur rússíbani fyrir Jenny og hún var uppgefin. Þegar Jim datt í þunglyndi lét hann sig hverfa dögum saman og svaraði ekki símanum. Þetta var orðið of mikið fyrir Jenny til að takast á við,“ var haft eftir heimildarmanni.**

# Fer huldu höfði

Tímaritið In Touch flutti fréttir af því að leikarinn Charlie Sheen hefði laumast úr meðferð til að eiga stefnumót með ungri fyrirsætu. Ljósmyndir náðust af leikaranum þar sem hann yfirgefur meðferðarheimilið klæddur dulargervi.

Tímaritið hefur eftir heimildarmönnum sínum að Sheen hafi verið að hitta fyrirsætuna um nokkurt skeið og að þau hafi meira að segja átt ástarfundi á heimili Sheens þegar eiginkona hans, Brooke Mueller, var að heiman. „Hann var klæddur hettupeysu, með dökk sólgleraugu og svart gerviskegg. Hann hljóp út úr húsinu og að bíl sínum og virtist vilja komast burt eins fljótt og auðið var,“ sagði sjónarvottur sem sá til leikarans yfirgefa heimili fyrirsætunnar.



**Í FELUM** Charlie Sheen reyndi að dulbúast þegar hann yfirgaf heimili ungrar fyrirsætu í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kim fór í megrun

**Partípinninn Kim Kardashian er hæstánægð með útlitið eftir nýlegar aðhaldsaðgerðir.**

Kim Kardashian segir að hún sé öruggari með sig eftir að hafa losað sig við aukakílóin. Skemmtanaljónið, sem nýlega hætti með Reggie Bush, er ánægt með útlitið og segir að sér líði betur nú þegar í sundfötum en áður. „Ég missti tvö og hálft kíló á fimm dögum. Mig langaði bara að skera mig niður og losna við þessi aukakíló sem ég var með. Þetta hefur styrkt sjálfsálit mitt mikið. Ég æfi og mér líður vel með sjálfa mig. Auðvitað er svo ekki verra ef einhver tekur eftir því,“ segir hún.

Til að grennast minnkaði Kim neyslu kolvetna. Hún neytti í staðinn ávaxta og grænmetis og segir að það ásamt æfingum hafi skilað sér vel. „Ég var alltaf svo feimin þegar ég var í bikiníi í myndatökum. Það er ótrúlegt hversu miklu betur mér líður.“



**NÝ KONA** Kim Kardashian fór í megrun.







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 15. apríl 2010**

### → Tónleikar



**20.00 Margrét Eir** heldur tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar við Dalbraut á Eskifirði þar sem hún flytur hún lög úr söngleikjum ásamt Matti Kallio.

**20.00 Karlakórinn Fóstbræður** heldur tónleika í Langholtskirkju við Sólheima. Á efnisskránni verða sígræn kórlög og verk eftir framsækin bandarísk nútímaskáld.

**20.30 Bubbi Morthens** heldur tónleika í kirkjunni á Flateyri. Enginn aðgangseyrir. Húsið opnar kl. 20.

**20.30** Hljómsveitin **Hudson Wayne** heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum við Hverfisgötu.

**21.00 Jón Páll Bjarnson** gítarleikari kemur fram ásamt góðum félögum á tónleikum hjá Jazzklúbbnum Múlanum. Tónleikarnir fara fram í kjallara Café Cultura við Hverfisgötu 18.

**21.00** Á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri verða Eric Clapton-heiðurstónleikar.

**21.00 Coral**, **Two Tickets to Japan** og **Mikado** koma fram á tónleikum á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### → Listasmiðja

Í Nýlistasafninu við Skúlagötu 28 hefur verið opnuð sýing á völdum verkum úr safneigninni. Opið þri.-lau kl. 12-17. Nánari upplýsingar á www.nylo.is.

### → Síðustu forvöð

Um helgina lýkur ljósmyndasýningunni Spegilsýnir í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum. Það eru listamennirnir **Bára Kristinsdóttir**, **Einar Falur Ingólfsson**, **Jónatan Grétarsson**, **Katrín Elvarsdóttir**, **Spessi** og **Þórdís Erla Ágústsdóttir** sem eiga verk á sýningunni. Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.

### → Námskeið

**20.15 Heimir Björn Janusarson** og **Sólveig Ólafsdóttir** hafa umsjón með námskeiðinu Gróður og grafir í Hólavallagarði"sem hefst hjá Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7. Nánari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

**20.15 Illugi Jökulsson** hefur umsjón með námskeiðinu Þúsund ára ríkið sem fjallar um Rómaveldi. Námskeiðið fer fram hjá Endurmenntun HÍ að Dunghaga 7. Skráning og frekari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

### → Dans

**20.00** í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði verða sýnd verkin 900 02 eftir **Leif Þór Þorvaldsson** og **Sigríði Soffíu Níelsdóttur** og SHAKE ME eftir Hreyfiþróunarsamsteypuna. Nánari upplýsingar á www.hhh.is.

### → Fyrirlestrar

**12.30 Erlingur Birgir Richardsson** flytur erindið Heilsa, hreyfing og þol 18 ára framhaldsskólanema á hádegisfyrirlestri hjá Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2. (st. 101). Allir velkomnir.

**17.00 Christopher Vasey** flytur erindi á ensku um náttúruvætti hjá Háskóla Íslands undir yfirskriftini Gjörðir náttúruvætta - allt frá mótun náttúrunnar til náttúruhamfara. Fyrirlesturinn fer fram á Háskólatorgi við Sæmundargötu (st. 105).

**20.00 Pétur Gunnarsson** rithöfundur fjallar um ritun sögu Þórbergs Þórðarsonar í erindi sem hann flytur hjá Félagi íslenskra fræða í húsi Sögufélagsins við Fischersund 3. Allir velkomnir.

### → Pub Quiz



**20.00** Fótbolta Pub Quiz fer fram á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Gestaspyrill verður **Valtýr Björn Valtýsson**. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Passar sig á stelpunum hér eftir

Bandaríski leikarinn Ryan Phillipe, sem fór meðal annars með hlutverk í kvikmyndinni Flags of Our Fathers, segist þreyttur á umfjöllum fjölmiðla um sambandsslit hans og leikkonunnar Abbie Cornish.

„Ég er með nýja reglu: ekki fara á stefnumót með stúlku sem er með talsmann í vinnu fyrir sig. Af hverju þarf að tilkynna sambandsslit? Ég hef aldrei skilið það og mér finnst það óþarfi.“ Phillipe og Cornish hættu saman í lok síðasta árs og finnst Phillipe hann hafa fengið slæma útreið í fjölmiðlum í kjölfar sambandsslitanna. „Pressan hefur stanslaust sett út á mig eftir skilnaðinn minn við Reese Witherspoon. Mér finnst ég ekki eiga það skilið. Stundum ganga sambönd bara ekki upp.“ Hann segist þó eiga gott vinasamband við Witherspoon barna sinna vegna og telur það mikilvægt. „Börn vilja að foreldrar sínir séu hamingjusamir, þess vegna reynum við að halda góðu sambandi.“



**ÓSÁTTUR** Ryan Phillipe er ósáttur við umfjöllun fjölmiðla um sambandsslit þeirra Abbie Cornish. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dans í Hafnarfirði

Sýningin Danstvennan Taka #2 fer fram í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld. Á dagskrá eru verkin 900 02 eftir Leif Þór Þorvaldsson og Sigríði Soffíu Níelsdóttur og SHAKE ME eftir Íslensku hreyfiþróunarsamsteypuna.

Verkin voru sýnd síðastliðið haust við góðar undirtektir og því var ákveðið að efna til endursýningar á báðum verkum. Þess má geta að Hreyfiþróunarsamsteypan var tilnefnd til Grímunnar árið 2009 fyrir verk sitt DJ Hamingja og verk eftir Leif, Endurómun, var sýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðinn janúar.

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, meðlimur Íslensku hreyfiþróunarsamsteypunnar, segir ánægjulegt að fá tækifæri til að setja verkið upp aftur því mikil eftirspurn hafi verið eftir aukasýningum.

Sýningar hefjast klukkan 20.00 og hægt er að panta miða í síma 555-2222 og á taka.2@gmail.com.

- sm



**HREYFIÞRÓUNARSAMSTEYPAN** Danssýningi Taka #2 fer fram í Hafnarfjarðarleikhúsinu annað kvöld.





**EKKI FEIT** Mischa Barton varð miður sín eftir ummæli kærastans fyrrverandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Uppnefnd af netsvindlara

**Fyrrveramdo kærasti leikkonunnar Mischu Barton, olíuerfinginn Brandon Davis, er sagður hafa uppnefnt hana á alheimsvefnum og meðal annars gert grín að holdafari hennar. Davis heldur því þó fram að skilaboðin komi ekki frá honum, heldur hafi einhver óprúttinn aðili stofnað Twitter-síðu í hans nafni. „Ég mundi aldrei segja neitt ljótt um Mischu, sérstaklega ekki um þyngd hennar. Ég er miður mín yfir því að einhver sé að segja slíka hluti í mínu nafni,“ sagði Davis í viðtali við In Touch.**

**Vinur Davis tekur í sama streng og segir olíuerfingjann ekki geta verið á bak við þetta þar sem hann noti Netið lítið sem ekkert dags daglega.**

# Skírlíf Gaga

**Söngkonan Lady Gaga lýsti því yfir fyrir stuttu að hún ætlaði sér að vera skírlíf þar til hún kynntist þeim eina rétta. Í viðtali við Daily Mail gerir hún grein fyrir ákvörðun sinni. „Ég er laus og liðug eins og er og hef kosið að vera skírlíf því ég hef einfaldlega ekki tíma til að kynnast neinum. Það er ekkert að því að vera skírlífur, það er í lagi að vilja kynnast fólki áður en maður hoppar í bólið með því.“ Söngkonan hefur meira og minna verið á ferð og flugi heimshorna á milli frá því að hún sló í gegn árið 2008.**



**SKÍRLÍF** Lady Gaga ætlar sér að vera skírlíf þar til hún kynnist þeim eina rétta. NORDICPHOTOS/GETTY


ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín

Allt þetta fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 kr. eða meira í Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana 15. – 21. apríl.





Gjöfin inniheldur:
Perfectionist (CP+) 7ml – eyðir línum og hrukkum
Time Zone 7ml – dagkrem gegn línum og hrukkum
DoubleWear Light Makeup – fallegur endingargóður farði
Pure Color Lipstick – litur, hot copper
Sumtuous Mascara – litur, svartur
Fallega snyrtitösku

**Verðgildi kr. 15.745.-**

*meðan birgðir endast

www.lyf og heilsa.is

Lyf & heilsa Kringlunni

# Vatíkanið fyrirgefur Bítlunum

Vatíkanið hefur loksins fyrirgefið Bítlunum og tekið þá í sátt eftir að John Lennon sagði hljómsveitina vera frægari en Jesús árið 1966.

Í grein í dagblaði Vatíkansins, L'Osservatore Romano, eru Bítlarnir mærðir. Blaðamaðurinn segir að fegurð laganna sé slík að ummælin um Jesús séu marklaus. „Það er rétt, þeir notuðu eiturlyf í kjölfar vinsældanna. Þeir voru lauslátir og óbeislaðir,“ segir í greininni. „Þeir sögðust meira að segja vera frægari en Jesús. En þegar maður hlustar á lögin er líferni þeirra fjarlægt og marklaust.“

Í greininni segir einnig að fagrar melódíurnar hafi breytt popptónlistinni og veki enn þá upp góðar tilfinningar, eins og fallegir skartgripir. Loks eru Bítlarnir sagðir vera endingarbesta og stöðugasta fyrirbærið í sögu popptónlistar.



**ALLIR SÁTTIR** Vatíkanið hefur tekið Bítlana í sátt eftir að John Lennon sagði þá frægari en Jesús.



**Í EINA SÆNG** Nýstirnið Maggi mix mun hita upp fyrir hina vinsælu hljómsveit Diktu á tónleikum hennar á föstudag. Maggi er fyrir miðri mynd en frá vinstri eru Diktustrákarnir Jón Bjarni, Nonni kjuði, Haukur og Skúli Z. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Maggi með Diktu á Players

**Hin vinsæla hljómsveit Dikta mun troða upp á skemmtistaðnum Players á föstudag ásamt nýstirninu Magga mix og hljómsveitinni Sing For Me Sandra.**

Skúli Z. Gestsson, bassaleikari Diktu, segist mikill aðdáandi Magnúsar Valdimarssonar, öðru nafni Magga mix. „Við erum klárlega aðdáendur hans eins og hann okkar, þessi strákur er náttúrulega bara snillingur og alveg harðduglegur líka. Við heyrðum það sem hann var að gera á Facebook og ákváðum í kjölfarið að hafa samband við hann og fá hann til að spila með okkur.“ Skúli segir hljómsveitarmeðlimi vel stemmda fyrir tónleikana, en þetta er í fyrsta sinn sem þeir leika á Players.

Þetta ku vera í fyrsta sinn sem Magnús kemur opinberlega fram og segist hann vera mjög spenntur fyrir tónleikunum. „Umboðsmaður Diktu hafði samband við mig og vildi fá mig til að hita upp á tónleikunum og ég var til í það. Ég er ekki alveg búinn að ákveða hvað ég ætla að gera á tónleikunum nema bara það að ég ætla að halda uppi stuði,“ segir Magnús sem er lítið stressaður fyrir að stíga á svið í fyrsta sinn. „Ég er bara hress og sprækur og hlakka mikið til að koma fram á Players.“

sara@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| DATE NIGHT LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 10.15 | 7 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 8 - 10.25 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 8 - 10.15 | 10 |
| LOVELY BONES | kl. 10.15 | 12 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | L |
| | | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 6 * Síðasta sýning | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BÍÓDAGAR 2010 græna ljósið
16. APRÍL - 6. MAÍ Í REGNBOGANUM
24 GÆÐAMYNDIR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM
BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS BYRJA Í REGNBOGANUM 16. APRÍL SJÁ NÁNAR Á MIÐI.IS

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6, 8 og 10.10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ÍSL | kl. 4 og 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D ÍSL | kl. 4 | L |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 3.50 | L |
| GREEN ZONE | kl. 10.10 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON M/ ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 6 - 8:10 - 9 - 10:30 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:50 - 6 | L |
| ALICE IN WONDERLAND 3D | kl. 3:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 - 8 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:20 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118






VIÐHALDSDAGAR HERJÓLFS

Áætlunarferðir Herjólfs falla niður dagana
21. og 28. apríl vegna viðhalds og skoðunar.
Aðra daga siglir skipið samkvæmt áætlun.

EIMSKIP

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is




## Frábærar nýjungar frá Dior í vor

- Hydralife ný rakalína sem hægir á öldrun húðar, þykkni 3ja jurta eru þar í aðalhlutverki.
- Capture Totale One Essential serum, yngri og sléttari húð.
- Dior Svelte styrkjandi body krem og body olía.
- Diorshow Extase nýr maskari, fullkomin augnhár í einni stroku.
- Miss Dior Chérie, nýr ilmur.
- Dior Homme Intense, nýr herrailmur.

## Dior kynning í Hagkaup 15. apríl - 21. apríl

Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Akureyri.

Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta frá Dior í Hagkaup. Sérfræðingar verða á staðnum og veita þér faglega ráðgjöf. Falleg Dior taska* fylgir kaupum þegar keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira.

* Gildir meðan birgðir endast

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## > Guðmundur hafnaði Grindavík

Guðmundur Bragason, fyrrverandi leikmaður Grindavíkur, var efstur á óskalista körfuknattleiksdeildar félagsins sem næsti þjálfari karlaliðsins. Guðmundi var boðið starfið en hann hafnaði því vegna anna í vinnu. Grindvíkingar eru því aftur komnir á byrjunarreit. „Við erum að kasta nöfnum á milli okkar þessa dagana og erum opnir fyrir öllu. Útlendingur gæti jafnvel komið til greina,“ segir Magnús Andri Hjaltason, formaður deildarinnar. „Við viljum fá hæfan þjálfara. Höfum verið með góða þjálfara hérna hjá okkur síðustu ár og viljum ekki fara að breyta því núna.“

**sport**
sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR STÍGSSON: SVARAÐI KALLINU FRÁ FYLKI OG HEFUR TEKIÐ SKÓNA FRAM Á NÝJAN LEIK**

# *Hef ekki verið í boot-camp en eitthvað skokkað*



„Ég var ekkert á leiðinni að byrja aftur og þurfti aðeins að hugsa um þetta. Við áttum gott tímabil í fyrra og það hefði verið góður punktur að enda á því. En þar sem Fylkir er mitt félag og bað mig um hjálp þá var þetta kannski ekki mjög erfið ákvörðun,“ segir Ólafur Stígsson sem er hættur við að hætta og ætlar að spila með Fylki á komandi tímabili.

Ólafur lék virkilega vel síðasta sumar en þessi 35 ára leikmaður var valinn leikmaður tímabilsins í Árbænum. Hann segist hafa kíkt á nokkrar æfingar með liðinu í vetur og fengið að vera með í smá fótbolta. Annars hefur hann lítið æft.

„Ég hef ekki verið í neinu boot-camp en skokkað eitthvað. Það er stutt mót svo maður verður að koma sér í stand ef maður á að hjálpa liðinu eitthvað,“ segir Ólafur en nú er aðeins tæpur mánuður í fyrsta leik Fylkis á Íslandsmótinu.

Fylki hefur gengið illa að styrkja lið sitt í vetur og var því leitað til Ólafs og hann beðinn um að taka skóna fram að nýju. Hann varð við þeirri ósk. Liðinu hefur ekki gengið mjög vel í Lengjubikarnum og í fjórum leikjum gegn liðum úr 1. deild aðeins náð einum sigri.

„Það hefur ekki gengið eins vel í vetur og það gerði í fyrra. Ég hef samt ekkert miklar áhyggjur af því. Þetta er svipaður hópur en einhver meiðsli verið í gangi. Það hafa verið vandræði með miðjuna en það reddast alveg, held ég. Þetta verður gott tímabil enda erum við að fara að taka þátt í Evrópukeppni,“ segir Ólafur.

Í byrjun ársins tilkynntu Fylkismenn að Ólafur Stígsson hefði verið ráðinn aðstoðarþjálfari nafna síns Þórðarsonar. „Það var bara tímabundin lausn, ég var fenginn til að aðstoða um tíma. Það fer aðeins meiri tími í það starf en að vera leikmaður,“ segir Ólafur en Kristinn Guðbrandsson er nú tekinn við sem aðstoðarþjálfari Fylkis.

Leyfisráð KSÍ vísaði málum til aganefndar:

## Fjölnir og Þróttur sektuð

**FÓTBOLTI** Það eru gerðar sífellt meiri kröfur til knattspyrnufélaga á landinu enda þurfa lið í efstu deildum að uppfylla kröfur leyfiskerfis KSÍ.

Leyfisráð KSÍ tekur fastar á hverju ári á þeim félögum sem sinna skyldum sínum illa og í ár vísaði ráðið fjórum málum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Sú nefnd hefur nú úrskurðað í þeim málum og sektað tvö félög.

Tvö félög, Fjölnir og Þróttur, skiluðu fjárhagslegum gögnum seint og voru því beitt sektum ásamt því að fá viðvörun. Þróttur fékk hámarkssekt, 30.000 krónur, þar sem félagið skilaði þessum gögnum 22 dögum of seint. Fjölnir þurfti að reiða fram 16.500 krónur en dagsektin hljóðar upp á 1.500 krónur.

Viðurlögin eru stighækkandi þó svo upphæðirnar séu ekki háar. Félög sem ítrekað brjóta af sér á slíkan hátt eiga aftur á móti á hættu að tapa stigum.

Haukar og Fylkir fengu síðan viðvörun þar sem krafa um menntun aðstoðarþjálfara félaganna var ekki uppfyllt.

- hbg

GOTT VERÐ OG FRÁBÆR GREIÐSLUKJÖR
fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að kaupa ný dekk fyrir sumarið.
VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
VAXTALAUST
Gildir til 31. maí 2010
VISA & MASTERCARD
MIKIÐ ÚRVAL
GOTT VERÐ

Dekk undir:
■ Fólksbíla
■ Jeppa
■ Mótorhjól
■ Sendibíla
■ Vörubíla
■ Rútur
■ Vinnuvélar
■ Traktora
■ Hjólhýsi
■ Kerrur
o.s.frv., o.s.frv.
www.pitstop.is pitstop
Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035
Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121
Dugguvogi 10 ☎ 568 2020

BREYTTUR SUNNUDAGSSEÐILL
Vegna breytinga hjá *Svenska spel* er Sunnudagsseðillinn annar en í prentaðri leikskrá. Réttur seðill er svona:

| EVRÓPUBOLTINN 18.–19. APRÍL 2010 | | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Portsmouth – Aston Villa | | | |
| 2 | Atalanta – Fiorentina | | | |
| 3 | Bari – Napoli | | | |
| 4 | Cagliari – Palermo | | | |
| 5 | Catania – Siena | | | |
| 6 | Lazio – Roma | | | |
| 7 | Sampdoria – Milan | | | |
| 8 | Halmstad – GAIS | | | |
| 9 | Gefle – Örebro | | | |
| 10 | Häcken – Mjällby | | | |
| 11 | Kalmar FF – AIK | | | |
| 12 | Trelleborg – Brommapojkarna | | | |
| 13 | Bor. Dortmund – Hoffenheim | | | |

15. LEIKVIKA SÖLU LÝKUR 18. APRÍL KL. 12.00
1X2

# Löng bið loksins á enda

**Tottenham vann fyrsta sigurinn á nágrönnum sínum í Norður-London síðan 1999 og spillti fyrir meistaravonum Arsenal með 2-1 sigri á White Hart Lane.**

**FÓTBOLTI** Arsenal tókst ekki að komast upp fyrir Manchester United og minnka forskot Chelsea á toppnum þegar liðið heimsótti nágranna sína í Tottenham í gær. Tottenham hafði ekki unnið Arsenal síðan í nóvember 1999 eða í síðustu 20 leikjum en biðin fyrir stuðningsmenn liðsins var loksins á enda í gær. Tottenham er nú aðeins einu stigi á eftir Manchester City í baráttunni um fjórða sætið inn í Meistaradeildina.

„Þetta eru frábær úrslit og sérstaklega þar sem það voru mikil vonbrigði fyrir okkur að tapa í bikarnum um síðustu helgi. Þetta var greinilega góður tími til að mæta Arsenal,“ sagði Ledley King, fyrirliði Tottenham, sem átti mjög góðan leik.

„Þessi sigur skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur og það sést best á stigatöflunni. Við urðum að rífa okkur strax upp eftir tapið á móti Portsmouth og það tókst. Það var mjög mikilvægt að koma sterkir til baka og nú líður mér eins og við getum unnið öll lið á heimavelli,“ sagði King.



**ÞVÍLÍK BYRJUN** Danny Rose skoraði stórglæsilegt mark í sínum fyrsta byrjunarliðsleik fyrir Tottenham og fagnaði því líka vel. MYND/AFP

Hinn 19 ára Danny Rose byrjaði frábærlega í sínum fyrsta leik í byrjunarliði Tottenham þegar hann skoraði fyrsta mark leiksins á 10. mínútu. Manuel Almunia, markvörður Arsenal, sló þá boltann út fyrir teiginn en þar beið strákurinn og tók boltann viðstöðulaust á lofti og hann lá í netinu.

Tottenham fékk draumabyrjun á seinni hálfleik líka þegar Gareth Bale slapp í gegn eftir stungusendingu frá Jermain Defoe og skoraði eftir aðeins tveggja mínútna leik í seinni hálfleiknum.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður fyrir Jermain Defoe á 68. mínútu eða á sama tíma og Robin van Persie kom inn á hjá Arsenal í sínum fyrsta leik eftir meiðslin. Varamennirnir Robin van Persie og Theo Walcott komu með bitið í sóknarleik Arsenal en liðið hafði komist lítið áleiðis framan af þrátt fyrir að vera mikið með boltann. Heimamenn í Tottenham geta þakkað markverði sínum Heurelho Gomes að Arsenal fékk ekkert út úr leiknum.

Arsenal pressaði mikið í lokin en Gomes varði hvað eftir annað á stórglæsilegan hátt eða allt þar til að Dananum Nicklas Bendtner tókst loksins að minnka muninn á 85. mínútu. Nær komst Arsenal ekki og Tottenham fagnaði sigri.

„Það verður mjög erfitt að vinna titilinn úr þessu. Við höldum áfram að berjast á meðan við eigum tölfræðilega möguleika því á meðan það er möguleiki þá er möguleiki. Það dugar okkur samt ekki lengur að Chelsea tapi stigum í einum leik,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal eftir leikinn.

ooj@frettabladid.is

### ENSKI Í GÆR

| | |
|---|---|
| Tottenham-Arsenal | 2-1 |
| 1-0 Danny Rose (10.), 2-0 Gareth Bale (47.), 2-1 Nicklas Bendtner (85.) | |
| Aston Villa-Everton | 2-2 |
| 0-1 Tim Cahill (23.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (72.), 1-2 Cahill (74.), 2-2 Sjálfsmark (90.+1) | |
| Wigan-Portsmouth | 0-0 |

**STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **34** | **24** | **5** | **5** | **85-30** | **77** |
| Man. United | 34 | 23 | 4 | 7 | 77-27 | 73 |
| **Arsenal** | **34** | **22** | **5** | **7** | **76-36** | **71** |
| Man. City | 33 | 17 | 11 | 5 | 69-41 | 62 |
| **Tottenham** | **33** | **18** | **7** | **8** | **60-33** | **61** |
| Liverpool | 34 | 16 | 8 | 10 | 54-33 | 56 |

Njarðvíkingar ekki af baki dottnir þó svo liðið hafi ekki náð takmörkum sínum:

## Sigurður verður áfram með Njarðvík

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar féllu úr leik í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla á þriðjudagskvöldið. Þeir töpuðu fyrir Keflavík, 3-1, þar sem þeir áttu undir högg að sækja alla rimmuna.

Árangur Njarðvíkinga veldur vonbrigðum enda ætlaði liðið sér lengra og sérfræðingar töldu það hafa möguleika til þess að fara alla leið eftir að Nick Bradford gekk í raðir liðsins. Það útspil gekk aldrei upp og Njarðvíkingar komust aldrei almennilega í gírinn með Bradford innan borðs.

„Auðvitað höfðum við væntingar um að komast lengra og það verður að viðurkennast að tilkoma Bradfords skilaði ekki því sem við vonuðumst eftir. Það var ekki fyrr en undir það síðasta að hann og liðið fóru að ganga í takt,“ segir Jón Guðlaugsson, formaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur.

Jón segir það vera ljóst að Sigurður Ingimundarson þjálfi liðið áfram.



**EKKI Á FÖRUM** Sigurður Ingimundarson mun þjálfa Njarðvíkurljónin næsta vetur að öllu óbreyttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hann verður áfram og er með samning við okkur. Það er ekki neitt annað í myndinni. Siggi er frábær einstaklingur og þjálfari sem fær nú að undirbúa liðið á sinn hátt fyrir mótið. Við erum með frábæran hóp og mikið af efnilegum leikmönnum að koma upp hjá okkur. Framtíðin er björt hjá Njarðvík,“ segir Jón en hann býst ekki við því að missa neina lykilleikmenn frá liðinu.

Sigurður sjálfur var enn að jafna sig á tapinu er Fréttablaðið heyrði í honum í gær. „Ég reikna með því að vera áfram. Annars er ég ekkert að spá of mikið í því núna, er aðallega að hugsa um að ég hefði átt að vera að fara í oddaleik með Njarðvík,“ segir Sigurður.

- hbg

# BT

Segðu ostur! :-)

# Fyrir fermingarbörn ...og alla hina líka!

## Nikon

**Nikon D3000 18-55mm VR**

10.2 MP myndflaga - Nikon EXPEED
Möjg breytt ljósnæmissvið ISO 100-1600
Stór og bjartur 3" LCD skjár (230.000 dílar)
Skarpur 11 svæða sjálfvirkur fókus
Tvöfalt rykhreinsikerfi
18-55 mm linsa fylgir
Vegur 485 gr.

Var að lenda

Rugl verð!

109.999

139.999

## OLYMPUS

**Olympus X21**

12 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa (36-108mm)
16 handhægar tökustillingar
Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum

Face Detection

17.999

19.999

## CASIO

**CASIO Z450**

12,1 milljón punkta upplausn
4x aðdráttarlinsa (28-112mm)
Stór 7,6cm (3,0") LCD skjár
Hristivörn - CCD Shift stabilization
Vídeóupptaka 1280x720 24 fps

12.1 MP upplausn

39.999

44.999

## OLYMPUS

**Olympus 6010**

12 milljón pixlar
3.6x aðdráttarlinsa (28-102mm)
Högg og vatnsheld
Þolir allt að 10° frost
Vídeóupptaka með hljóði

Högg- og vatnsheld

52.999

57.999

## Nintendo DSi XL

93% stærri skjár

37.999

## Nintendo Wii

Fylgir Wii Sports

47.999

## Nintendo Wii svört

Fylgir Wii Sports Resort

54.999

# 3 fyrir 2 á notuðum PS2 leikjum

**TAKTU 3 BORGAÐU FYRIR 2**

Við tökum við PS2 -
PS3 - Wii og DS leikjum

Inneignarnótur BT gilda einnig í ORMSSON

spilað & skilað

BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444







# Fleiri hafa trú á KR í kvöld

**Fréttablaðið fékk fimm þjálfara til að spá fyrir um oddaleik KR og Snæfells sem fer fram í væntanlega troðfullri DHL-höll í kvöld. Sigurvegari leiksins í kvöld mætir Keflavík í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn.**

**KÖRFUBOLTI** Einn af körfuboltaleikjum ársins hefst klukkan 19.15 í DHL-höllinni í kvöld þar sem KR og Snæfell mætast í fimmta og síðasta sinn í úrslitaleik um sæti í lokaúrslitunum. Allir leikir einvígisins hafa unnist á útivelli en meirihluti spekinga Fréttablaðsins sér Snæfellinga ekki vinna Íslandsmeistarana í þriðja sinn í röð í Vesturbænum.

„Þetta verður svakalegur leikur, það er alveg ábyggilegt. Ég er búinn að fylgjast með þessum leikjum í seríunni. Lykillinn að sigri KR-inga í síðasta leik var að þeir létu litla bakvörðinn hafa fyrir því,“ segir Friðrik Ragnarsson, fráfarandi þjálfari Grindavíkur. „Ef KR nær að hemja Hlyn þá vinnur KR en ef Hlynur á stórleik þá vinnur Snæfell. Hlynur Bæringsson er x-faktorinn í þessum leik,“ segir Friðrik.

„Ég segi að Snæfelli vinni þennan leik. Ég held að Nonni [Jón Ólafur Jónsson} komi til baka í þessum leik og setji niður stórar körfur fyrir Snæfell eftir að hafa átt slæman dag í síðasta leik,“ segir Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, sem heldur að leikurinn ráðist á síðasta skotinu.

„Ég spái 17 stiga sigri hjá KR. Ég held að allt sem KR átti inni í síðasta leik eigi eftir að koma á morgun,“ segir Benedikt Guðmundsson, þjálfari Íslandsmeistaraliðs KR í kvennaflokki.

„Ég spái því að við fáum 25-30 stig frá Brynjari. Tommy getur



**ALLT UNDIR** Það hefur verið hart barist í fyrstu fjórum leikjum KR og Snæfells.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ekki spilað verr en hann gerði í Hólminum um daginn þannig að hann á eftir að hjálpa meira. Þetta voru Lewis og Pavel í Hólminum en það eiga eftir að vera fleiri sem munu fara á kostum hjá KR í þessum oddaleik,“ segir Benedikt og bætir við: „Snæfell fékk kjörið tækifæri til að klára þetta einvígi þegar margir leikmenn KR voru ekki í sínum besta gír,“ sagði Benedikt.

„Ég treysti mér ekki til að spá fyrir um sigurvegara en ég vona að Snæfell vinni,“ sagði Bárður Eyþórsson.

„Snæfellingar þurfa að halda Brynjari áfram frá því að skora og þeir þurfa að reyna að hægja einhvern veginn á Morgan Lewis þannig að hann sé ekki með svona góða skotnýtingu eins og hann hefur verið með,“ segir Bárður. „Snæfell þarf að halda áfram að halda boltanum frá Pavel eins og var gert sérstaklega í DHL-höllinni mjög vel. Það yrði stórkostlegt afrek fyrir Hólmarana að vinna í þriðja skiptið í röð í DHL-höllinni,“ segir Bárður.

„Ég held að KR vinni þetta. Ég held að KR-ingar séu með betri einstaklinga innan liðsins þegar þeir koma allir tilbúnir í þetta,“ segir Pétur Ingvarsson, þjálfari Hauka. „Ef Snæfellingarnir ná að fara út í einhvern Keflavíkurleik, eins og Keflavíkur-Njarðvíkurleikurinn var í gær, þá getur Snæfell alveg unnið þetta. Snæfell græðir á því ef þetta fer út í einhver slagsmál. Ef þetta verður fallegur körfubolti innan gæsalappa þá held ég að KR-ingarnir eigi eftir að vinna þetta,“sagði Pétur.

**ooj@frettabladid.is**

Tölfræði úr fyrstu fjórum leikjunum í einvíginu:

# KR-liðið er sterkara undir körfunum

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar hafa unnið fráköstin og skoraði fleiri stig inni í teig í öllum fjórum leikjunum í einvígi KR og Snæfells í undanúrslitum Iceland Express-deild karla. KR-liðið hefur tekið 28 fleiri fráköst í einvíginu og skorað 40 fleiri stig inni í teig.

Munurinn á Snæfellsliðinu í DHL-höllinni (tveir sigrar) og á heimavelli (tvö töp) í Hólminum er að liðið hefur hitt miklu betur fyrir utan í Vesturbænum og enn fremur staðið sig betur í frákastabaráttunni.

Snæfell hefur sett niður 21 þriggja stiga körfur (af 53,40%) í sigurleikjunum í DHL-höllinni á móti aðeins 7 (af 41,17%) hjá heimamönnum og KR hefur aðeins unnið fráköstin 80-76 á heimavelli sínum á móti því að taka 59 prósent frákasta í boði í Hólminum (80-56).

Snæfell er líka búið að fá 22 fleiri stig en KR frá bekknum í sigrunum tveimur í Frostaskjólinu en KR hefur 10 stiga forskot í stigum af bekk í leikjunum í Hólminum. **- óój**



**ÖFLUGUR** Pavel Ermolinskij er sterkur undir körfununni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Fáir miðar eftir á landsleiki Íslands og Frakklands:

# Neita að sleppa Hreiðari

**HANDBOLTI** Það styttist í landsleiki bestu landsliða heims, Íslands og Frakklands, sem fara fram á morgun og laugardag. Um miðjan dag í gær voru aðeins eftir um 500 miðar á hvorn landsleik. Þeim hefur væntanlega fækkað síðan og því fer hver að verða síðastur að næla sér í miða.

Frakkarnir komu til landsins í gær og Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagðist ekki vita annað en að allar helstu stjörnur liðsins hefðu komið með. Einar segir fínt ástand á íslenska hópnum sem þó saknar enn markvarðarins, Hreiðars Levýs Guðmundssonar.

„Það hefur gengið erfiðlega að leysa það mál. Félagið hans spilar í dag [í gær] og svo aftur á laugardag. Báðir mikilvægir leikir og því vill félagið ekki sleppa honum þó svo við eigum klárlega réttinn á leikmanninum. Við höfum farið fram á að leiknum á laugardag



**ÓVISSA MEÐ HREIÐAR** Félag Hreiðars vill ekki sleppa honum í Frakkaleikina.
MYND/DIENER

hjá félaginu verði frestað en ég er enn að bíða eftir svörum frá þýska handknattleikssambandinu,“ segir Einar en HSÍ gæti farið fram á að Hreiðar verði settur í bann sleppi félagið honum ekki.

„Það viljum við samt ekki gera því það bitnar aðeins á Hreiðari. Vonandi leysist þetta mál farsællega.“ **- hbg**

Hinn eini sanni

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR

LAUGARDAG 12-18
SUNNUDAG 12-18



er nú í B&L Húsinu Grjóthálsi

## Ný sending af útivistarvörum, fatnaði og skóm

Opið alla daga frá 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS

> **Amy Poehler**

„Ég á auðvelt með að líta framhjá því að karlmaður sé klaufskur við húsverkin en ég ætlast líka til þess að hann skari fram úr á flestum öðrum sviðum."

***Poehler fer með aðalhlutverkið í þættinum Parks & Recreation sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.35.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM BREYTINGAR Á FJÖLMIÐLUN

## *Við lifum á hreyfingarmiklum tímum*

Síðustu sólarhringar hafa fært okkur skýrari mynd af því hvernig miðlun upplýsinga streymir fram í samfélaginu: allt frá því að afhent var bók, haldinn langur og ítarlegur blaðamannafundur í beinni sem fylgt var eftir með fréttatímum í útvarpi. Á sama tíma var tekinn að streyma fram brotaflaumur á fréttasíðum og sýndist sitt hverjum. Þá tóku við umræður á útvarpsrásum og skoðanaskipti á bloggsíðum. Undir kvöld hófust ítarlegir fréttatíma og langur þáttur í beinni.



Daginn eftir komu blöðin og áfram rann stríður straumur sjónarmiða: Miðlunin var látlítil og er enn. Gosgusan í gærmorgun ýtti þessu að nokkru til hliðar og þóttust margir þess fullvissir að ábekingar hrunsins hafi orðið heldur fegnir. En það er ekki umræðuefnið: þessir stórviðburðir sýna okkur að miðlun stórtíðinda er nánast orðin í beinni. Og þá styrkist enn sá grunur að hér, eins og víða um hinn vestræna heim, máski enn frekar hér en víðast hvar, er að verða eigindabreyting á fjölmiðlun. Hinar stóru sögur, eða eigum við að kalla þá sögutíma, eru að líða undir lok. Stóru fréttatímarnir eru ekki lengur sá vettvangur sem veitir allar upplýsingar þótt þar þykist menn vera að draga allt saman. Það gerist ekki þar. vefurinn er enn að sækja í sig veðrið, þar er hinn látlausi straumur, þar er andartakið gripið.

Nú þegar um sinn hefur verið bjargað útgáfu dagblaða og eins vikublaðs, þótt öllum sem þekkja til sögu þeirra miðla hljóti að bjóða í grun að Mogginn, Frettablaðið og DV standi í raun höllum fæti enn, hljóta velviljaðir menn að líta til þeirra möguleika sem vefurinn hefur opnað. Þá er fyrst af öllu að taka upp kennslu í skólakerfinu hvernig eigi að nota vefinn, bæði til leitar og skoðunar, og eins til tjáningar og miðlunar. Eins og er hefur það ekki verið sett á oddinn – vefnotkun er enn tómstund.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.00** KR – Snæfell, beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** Castle SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** House
SKJÁREINN



▶ **21.25** Southland
STÖÐ 2



▶ **21.50** Grey's Anatomy
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Kiljan** (e)
**16.30 Þú siglir alltaf til sama lands** Bein útsending frá dagskrá á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur til heiðurs Vigdísi áttræðri.
**17.52 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Loftslagsvinir** (Klima nørd) (4:10)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Castle** (Castle) (2:10) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
**21.00 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (126:134) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**23.00 Glæpurinn** (8:10) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Ask the Dust**
**10.00 The Queen**
**12.00 Iron Giant**
**14.00 Ask the Dust**
**16.00 The Queen**
**18.00 Iron Giant**
**20.00 Tristan + Isolde** Rómantísk ástarsaga með James Franco og Sophiu Myles í aðalhlutverkum.
**22.05 Thunderball** Sean Connery í hlutverki James Bond.
**00.15 The Fountain**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 Thunderball**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Burn Notice** (14:16)
**11.50 Amazing Race** (3:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (12:19)
**13.45 La Fea Más Bella** (154:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (155:300)
**15.15 The O.C.** (5:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar og Scooby-Doo og félagar.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (16:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (22:22) Rómantískir gamanþættir um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta.
**20.10 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna.
**20.40 NCIS** (15:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
▶**21.25 Southland** (3:7) Lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðin með því hæsta móti og morð nánast daglegt brauð.
**22.10 The Fixer** (1:6)
**22.55 Twenty Four** (11:24) Spennuþættur um leyniþjónustumanninum Jack Bauer.
**23.40 Supernatural** (6:16)
**00.20 Waiting**
**01.50 Crónicas**
**03.40 NCIS** (15:25)
**04.25 Two and a Half Men** (16:19)
**04.50 How I Met Your Mother** (22:22)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Barcelona - Deportivo** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.40 WGC - CA Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
▶**19.00 Iceland Express-deildin 2010** Bein útsending frá oddaleik KR og Snæfells.
**21.00 Almeria - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 18.55.
**22.40 Bestu leikirnir. FH - KR 30.08.07** Það var búist við hörkuleik þegar stórveldin tvö, FH og KR, mættust í lok ágúst árið 2007. FH-ingar sýndu aftur á móti allar sínar bestu hliðar í leiknum og tóku KR-inga í sannkallaða kennslustund.
**23.10 Ultimate Fighter - Sería 10** Sýnt frá Ultimate Fighter þar sem margir af bestu bardagamönnum heims etja kappi í þessari mögnuðu íþrótt.
**23.55 Iceland Express-deildin 2010** Útsending frá oddaleik KR og Snæfells.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Tottenham - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.45 Hull - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Tottenham - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches: West Ham Utd - Manchester Utd**
**21.00 PL Classic Matches: Chelsea - Tottenham Hotspurs**
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**22.55 Blackburn - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (7:11) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (7:11) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 7th Heaven** (20:22)
**16.20 Djúpa laugin** (8:10) (e)
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Britain's Next Top Model** (e)
**18.55 Girlfriends** (9:22) (e)
**19.15 Game Tíví** (12:17) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.45 King of Queens** (16:25) (e)
**20.10 The Office** (24:28) Núna er Michael kominn í bullandi samkeppni við sína gömlu vinnufélaga og hann getur ekki lengur treyst Dwight, sem hefur verið honum trúr og traustur í gegnum tíðina.
**20.35 Parks & Recreation** (4:6) Leslie reynir að koma sér „strákaklúbbinn" í vinnunni en lendir fljótt í klemmu.
▶**21.00 House** (24:24) Það er komið að lokaþættinum að sinni og House fæst við flóknasta mál sitt til þessa.
**21.50 CSI. Miami** (24:25) Grunaður morðingi er drepinn í sundlaug sinni, Julia missir tökin á lífi sínu og stórt leyndarmál er afhjúpað.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 The Good Wife** (14:23) (e)
**00.15 Heroes** (10:26) (e)
**01.00 Heroes** (11:26) (e)
**01.45 Battlestar Galactica** (5:22)
**02.30 The L Word** (12:12) (e)
**03.35 King of Queens** (16:25) (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gestur Ingva Hrafns er Franz Árnason framkvæmdastjóri Norðurorku.
**21.00 Eitt fjall á viku** Þáttur Ferðafélags Íslands hefur göngu sína á ÍNN.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið á Sjávarbarnum.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Vönduð bómullarhandklæði - einstakt verð



99,- Þvottastykki 30x30
499,- Handklæði 50x100
995,- Handklæði 70x140

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardag frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 13-17

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.10

### The Fixer



Breskur spennuþáttur í anda Spooks og 24. John Mercer er fyrrverandi sérsveitarmaður úr hernum sem situr í fangelsi fyrir að hafa framið morð. Yfirvöld veita honum lausn gegn því að hann gerist launmorðingi fyrir þau og taki að sér að ráða af dögum aðila sem eru taldir ógna öryggi þjóðarinnar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan

**Stöð 2 kl. 20.10**

Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna. Að mörgu þarf að huga og við fáum að fylgjast með þeim félögum velja staðsetningu, vinna að matseðlinum, ráða yfirkokkauk þess sem þeir þurfa að leysa ýmis ófyrirsjáanleg verkefni til þess að opnunin verði að veruleika.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og augl.
**13.00** Ekkert eins og var
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins
**21.08** Ást í hundrað ár
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Smásaga: Fjörusteinn
**22.40** Útvarpsperlur: Guð er númer tvö
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** (14:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Friends** (2:24) Ross er ekki enn þá búinn að ógilda giftinguna en Rachel heldur að það sé frágengið.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls** (14:22)

**20.30 Friends** (2:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Grey's Anatomy** (17:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið enn þá erfiðara.

**22.35 Ghost Whisperer** (11:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.

**23.20 Goldplated** (3:8) Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wifes og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gifta sig til fjár. En það sem verra er að þær kæra sig kollóttar um hvaðan auður nýju herranna kemur.

**00.05 Sjáðu**

**00.35 Fréttir Stöðvar 2**

**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** My Hero **13.10** The Weakest Link **13.55** New Tricks **14.45** The Vicar of Dibley **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Blackadder II **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Lead Balloon **18.00** Life of Riley **18.30** Spooks **19.20** State of Play **20.10** Life of Riley **20.35** New Tricks **21.25** The Inspector Lynley Mysteries **22.10** Spooks **23.00** State of Play **23.50** Life of Riley

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Substitutterne **14.55** Minisekterne **15.05** Tagkammerater **15.15** Benjamin Bjorn **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.50** Dronningens fodselsdag **18.00** Dronningens fodselsdag **19.20** Dronningens fodselsdag **19.45** Dronningens fodselsdag **21.10** Kroniken **22.10** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** Historien om **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Fotballkrigen **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Bjornson - europeeren **21.55** Mesternes mester **22.55** ESC 2010 **23.40** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.25** Fråga doktorn **13.10** Molinska skrönor **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Bubblan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Antikrundan **19.00** Plus **19.30** Debatt **20.15** Blodshämnden **21.00** Molinska skrönor **21.50** Uppdrag Granskning **22.50** True Blood **23.45** Världens konflikter



## MORGUNMATURINN



*„Uppáhaldsmorgunmaturinn minn er ab-mjólk með kornflexi, eplum og rúsínum.“*

Erla Sigurlaug Sigurðardóttir, hönnuður og mannfræðingur.

# Spánverjar völdu FM Belfast

„Miðað við hvað gekk ótrúlega vel á tónleikunum á Eurosonic og hvað var mikil stemning þá kom þetta ekkert ótrúlega mikið á óvart,“ segir hinn skeleggi Árni Vilhjálmsson úr hljómsveitinni FM Belfast.

FM Belfast kom fram á tónlistarhátíðinni Eurosonic í Hollandi í janúar. Hljómsveitin var í kjölfarið valin ein af tíu athyglisverðustu hljómsveitum hátíðarinnar. Lög með hljómsveitunum tíu voru í framhaldinu send í samkeppni á Spáni þar sem hlustendur Radio 3 völdu þrjár hljómsveitir til að koma fram á European Music Festival Day í Madríd. Það er skemmst frá því að segja að hlustendurnir kolféllu fyrir laginu Underwear með FM Belfast og hljómsveitin því ein af þeim sem kemur fram á hátíðinni.

„Ég hef komið til Barcelona og það er ein uppáhaldsborgin mín í öllum heiminum. Hátíðin er í Madríd og við hlökkum til að fara í sólar- og mangólykt,“ segir Árni. FM Belfast spilar á fjölmörgum tónleikum í sumar og kemur meðal annars fram á Hróarskelduhátíðinni víðfrægu í Danmörku. „Þetta er skemmtileg viðbót í dagskrána. Við erum alveg pínu stressuð yfir öllum tónleikunum sem eru fram undan í sumar, en samt ótrúlega glöð yfir því.“

Íslendingum gefst kostur á að sjá FM Belfast á tónleikum á Nasa á morgun ásamt Retro Stefson. Árni lofar því að sex ný lög fái að hljóma. Forsala fer fram á Midi.is. Hljómsveitin kemur einnig fram á Græna hattinum á laugardaginn. - afb



**Á LEIÐINNI Í SÓLINA** Útvarpshlustendur á Spáni völdu FM Belfast til að spila í Madríd.



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** innan, **8.** þvottur, **9.** arr, **11.** kringum, **12.** spott, **14.** sannfæringar, **16.** nudd, **17.** ái, **18.** gröm, **20.** pfn., **21.** stertur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** teikniblek, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fát, **7.** duttlungar, **10.** sægur, **13.** nugga, **15.** göngulag, **16.** veiðarfæri, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** út, **8.** tau, **9.** sig, **11.** um, **12.** skens, **14.** trúar, **16.** nú, **17.** afi, **18.** erg, **20.** ég, **21.** tagl.
**LÓÐRÉTT: 1.** túss, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** tiktúra, **10.** ger, **13.** núa, **15.** rigs, **16.** net, **19.** gg.


Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010




FUDGE IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


## DILANA ROBICHAUX: HLAKKAR TIL AÐ FARA Á HESTBAK Á ÍSLANDI

# Tekur upp með Þorvaldi Bjarna í Los Angeles

„Ég skil sýn höfundanna á verkið svo vel vegna þess að ég kem af sama stað. Þetta verkefni er að breyta lífi mínu,“ segir söngkona Dilana Robichaux, sem Íslendingar kynntust í raunveruleikaþættinum Rock Star: Supernova.

Dilana hefur verið ráðin til að syngja í íslenskri rokkóperu, eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Lítið fæst gefið upp um verkið, annað en að Þorvaldur Bjarni sér um útsetningar og stýrir upptökum. Hann hefur verið staddur í Los Angeles undanfarna daga ásamt höfundum verksins að taka upp söng með Dilönu. Hún var að drekka morgunkaffið og reykja sígarettu þegar Fréttablaðið náði í hana. Hún var á þriðja bolla, en sagðist þurfa um þrjár könnur til að koma sér í gang.

„Þetta er mjög dularfullt verkefni og ég má ekki segja mikið um það,“ segir Dilana. „Það kallast Dark Angel og ég er í hlutverki myrkraengilsins. Ég elska að ég fæ að beita röddinni á mjög fjölbreyttan hátt í verkefninu. Ég kem sjálfri mér á óvart.“

Dilana segist ekki geta sagt mikið um söguna, annað en boðskapurinn sé magnaður og í raun ástæðan fyrir því að hún ákvað að taka þátt í verkefninu. „Þetta er mjög spennandi,“ segir hún. „Ég er búin að vera að taka upp með strákunum síðustu þrjá daga. Við skemmtum okkur mjög vel.“ Dilana lætur vel af samstarfinu við Þorvald Bjarna og segir að hann sé mjög góður upptökustjóri. „Það er mjög auðvelt að vinna með honum og hann er mjög faglegur þannig að þetta gengur mjög hratt,“ segir Dilana.

En ertu á leiðinni til Íslands?

„Pottþétt! pottfokkingþétt (hlær). Ég veit ekki hvenær. Við töluðum um að ég kæmi í sumar vegna þess að mig langar að fara á hestbak, en það fer eftir því hvenær platan kemur út. Ég mæti örugglega einum til tveimur mánuðum fyrir útgáfu til að vinna kynningarvinnu. Og auðvitað leita ég að álfum og svona.“

Auðvitað. Eins og allir útlendingar gera á Íslandi – leita að álfum.

„Þeir vita ekki að ég er aðalálfurinn og ætla að leita að forfeðrum mínum. Fólk veltir fyrir sér hvers vegna hárið á mér lítur svona en svona leit álfahár út í gamla daga.“

atlifannar@frettabladid



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÉK Í MYND MEÐ BROLIN**

**Dilana** lauk nýverið við að leika í kvikmyndinni Angel Camouflaged ásamt **James Brolin**. Hann hefur verið kvæntur leik- og söngkonunni **Barbra Streisand** í tæp tólf ár. Myndin er fyrsta leikstjórnarverkefni R. Michaels Givens sem hefur unnið sem kvikmyndatökumaður undanfarin ár og stýrði meðal annars upptökum á stelpumyndinni Coyote Ugly.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ólafur Stefánsson** hefur ólíkt mörgum handboltamönnum ekki verið áberandi í auglýsingum fyrir hinar og þessar vörur þrátt fyrir ótvíræðar vinsældir. Nú er hins vegar að verða breyting á því í dag verður tekin upp auglýsing fyrir danska hafragrautinn Ota með handboltahetjunni í aðalhlutverki …



Popppunktur hefur aftur göngu sína í Sjónvarpinu í sumar. Fjölmargar hljómsveitir hafa staðfest þátttöku sína í þættinum sem nýtur ávallt mikilla vinsælda. HLH-flokkurinn tekur þátt ásamt KK og hljómsveit. Feldberg, Hjaltalín og Mammút etja einnig kappi sem og Benny Crespo's Gang, Morðingjarnir og Logar frá Vestmannaeyjum. **Bjartmar Guðlaugsson** tekur þátt ásamt Bergrisunum, Lights on the Highway teflir fram sterku liði og karlakórinn Fjallabræður er væntanlega með langmestu breidd allra liða. Seabear og hin ótrúlega vinsæla Dikta komast ekki vegna anna, en þess má geta að meðlimir Diktu kvörtuðu sáran í viðtali við Popp, fylgirit Fréttablaðsins, að hafa aldrei fengið boð um að taka þátt í Popppunkti …



Og talandi um Fjallabræður. Útvarpsmaðurinn **Ólafur Páll Gunnarsson** hefur áður tekið þátt í Popppunkti með góðum árangri í liði atvinnumanna og kemur því væntanlega gríðarlega sterkur inn í lið kórsins. Einnig má halda því til haga að plata Fjallabræðra, sem kom út fyrir jól í fyrra, var plata vikunnar í síðustu viku á Rás 2 þar sem Óli Palli starfar sem tónlistarstjóri. - afb




Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

VAR AÐ DETTA Í HÚS!
SIGIN GRÁSLEPPA
FRÁ DRANGSNESI
REYKTUR RAUÐMAGI

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Selja bjórinn á 350 krónur

Kaffihúsið Café Grand opnaði við Frakkastíg fyrir tæpum mánuði, en athygli vekur að þar má fá ódýrasta áfengið í bænum. Bjórinn kostar aðeins 350 krónur en algengasta verð á börum bæjarins er 800 krónur. Eigendur Café Grand eru Össur Hafþórsson og Linda Mjöll Þorsteinsdóttir eiginkona hans, en þau reka einnig skemmtistaðinn Sódómu og húðflúrstofuna Reykjavík Ink.

„Við ætluðum upphaflega að nefna staðinn Litla kaffihúsið því húsnæðið er svo lítið og krúttlegt, en fannst svo meira grand að kalla það bara Café Grand,“ útskýrir Össur.

Inntur eftir því hvernig hann fari að því að halda áfengisverðinu svo lágu segist hann vera heppinn með húsnæði. „Við erum fyrst og síðast mjög heppin með húsnæði og getum þess vegna verið með mjög litla álagningu á áfengi. Við erum svolítið eins og Múrbúðin, ekki með nein tilboð heldur alltaf bara besta verðið, það er svipuð pæling á bak við Café Grand.“

Össur og eiginkona hans skiptast á að afgreiða gesti kaffistofunnar, en kaffihúsið er opið frá klukkan 15.00 til 23.00 alla daga vikunnar. - sm



**KRÚTTLEGT OG LÍTIÐ** Össur Hafþórsson og eiginkona hans, Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, reka Café Grand saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
LUBELLA PASTA 400 GR.
Verð 299,-
MÝKINGAREFNI E,
Verð 199,-
LUBELLA MÚSLÍ 300 GR.
Verð 299,-
KAFFI LATTE
Verð 199,-
LEGGINGS
Margar gerðir og litir.
Verð frá 1.999,-
Nýjar vörur vikulega
frábær verð!
GLOSS
Verð frá
399,-
AUGNSKUGGAR
Verð frá 499,-
Jakkaföt
Skyrta og bindi FRITT
með. Margar gerðir og
litir. st. 48-64
14.999,-
HÁRLITIR
- á frábæru verði aðeins
Verð 499,-
2XXL MASKARI
- sem lengir augnhárin.
Verð 999,-
NÝTT KORTATÍMABIL !
OPNUNARTÍMI:
MAN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Góðir skólafélagar

Í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri er haldið námskeið sem heitir Reiðmaðurinn. Á heimasíðu námskeiðsins kemur fram að þetta sé vandað nám um íslenska hestinn og allt sem lýtur að umgengni við hann. Námið er áfangaskipt, tveggja ára nám í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi. Tólf hópar stunda nú nám í þessum fræðum en bekkjarbræður í einum hópnum eru **Finnur Ingólfsson** athafnamaður og Karl Wernersson, oftast kenndur við Milestone.



### Ekki án hnökra

Þeir **Karl** og Finnur þykja víst ansi góðir námsmenn en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eiga þeir félagar býsna myndarleg stóð og marga af bestu gæðingum landsins. Námið hefur þó ekki gengið hnökralaust fyrir sig því Karl slasaðist nokkuð illa þegar hann féll af baki í einum af útreiðartúrum námskeiðsins.



### Steikja kleinur fyrir Vigdísi

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu halda vinir og velunnarar **Vigdísar Finnbogadóttur** upp á áttræðisafmæli forsetans fyrrverandi í Háskólabíói í dag. Töluvert margir hafa lagt hönd á plóg við að undirbúa þessa miklu veislu og hafa ættingjar Vigdísar í Gnúpverjahreppi steikt kleinur í næstum tvær vikur samfleytt.

- fgg



## Mest lesið VISIR.IS

1. Gos staðfest í Eyjafjallajökli - gufubólstrar sjást
2. Magnað myndskeið af flóðinu
3. Myndir af gosstöðinni
4. Búist við stórflóði
5. Hékk utan í þyrlu og bjargaði tækjum frá Veðurstofunni úr flóðinu





**Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.**



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

# vor 2010







nýtt kortatímabil VISA MasterCard

